

KONUR Í BÍÓBRANSANUM RÆÐA KYNJAKVÓTA ▶26





# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**
8. ágúst 2015
184. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




## TIL HAMINGJU!
# ÁSTIN ER ALLS KONAR

**Hinsegin barátta hefur ekki alltaf verið auðveld. En hún er líka saga kraftaverka og sigra. Hvar eru sigrarnir unnir og hvar má gera betur? Fréttablaðið fór á stúfana.** ▶22

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FYRIRSÆTUR: BJARNI SNÆBJÖRNSSON OG FRÍMANN SIGURÐSSON



**TÓNLISTARBÆNDURNIR**
Hjónin Diddú og Keli ræða ferilinn, lífið á tónbýlinu og litla bróðurinn Pál Óskar. ▶32



ÚR BANKANUM
Á SJÓ
▶34



EYGLÓ ÓSK
SLÆR ÖLL MET
▶62




Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365





SMÁRALIND




## VEÐUR



Í dag gengur hann í austan 5 til 10 metra á sekúndu, en hvassari vindstrengur verður með suðurströndinni. Það mun rigna sunnan- og síðar austanlands, en um landið norðanvert lyftist brúnin því þar léttir til og hlýnar.

SJÁ SÍÐU 50

## GLEÐIFRÉTTIN

### Regnbogi á Skólavörðustíg



Hinsegin dagar voru settir á hýrum sumardegi í miðborg Reykjavíkur síðastliðinn þriðjudag. Eva María Þórarinsdóttir Lange, formaður Hinsegin daga, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri settu hátíðina.

## FIMM Í FRÉTTUM DÆGURMÁL OG DAGFORELDRAR



**Svandís Svavarsdóttir,** þingmaður Vinstri grænna, segir dagforeldrakerfið tilraun til að leysa óþolandi ástand eftir að foreldrar fara úr fæðingarorlofi og bíða eftir plássi á leikskóla.



**Einar Guðmundsson,** formaður Brautarinnar, bindindisfélags ökumanna, hefur áhyggjur af hjólaöryggi eftir að skýrsla Brautarinnar leiddi í ljós að einungis fjórtán prósent nýrra reiðhjóla væru seld með skyldubúnaði áföstum.



**Annþór Kristján Karlsson** og samfangi hans, Börkur Birgisson, hyggjast höfða skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu eftir að hafa verið vistaðir á öryggisgangi á Litla-Hrauni í átján mánuði vegna gruns um að hafa valdið dauða samfanga síns.



**Þorbjörg Þorvaldsdóttir** hjá Samtökunum ’78 er einn aðstandenda hýryrðasamkeppni. Markmiðið er að finna íslensk nýyrði yfir ýmis hinsegin hugtök.



➜ **Björn Teitsson** og samstarfsfélagar hans hjá Rauða krossi Íslands skoða hvort koma eigi upp hjálparsíma fyrir þolendur, aðstandendur og gerendur kynferðisbrota.



**Á HAUSNUM** Þessi maður mátti hafa sig allan við til þess að bjarga sjónvarpinu sínu frá því að eyðileggjast í vatnselginum. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar í Vestur-Bengal leggja hart að sér við að bjarga eigum:

# Flóð eyðileggja innviði á Indlandi

**Indverskur karlmaður heldur á sjónvarpinu sínu og reynir að forða því úr flóði í Howrah-héraði í Vestur-Bengal í gær. Það hefur rignt gríðarlega og ár hafa flætt yfir bakka sína og flætt inn í hérað í Manipur sem hefur orðið til þess að vegir og brýr hafa farið í sundur.** - jhh

Fresta hönnunarsamkeppni:

## Bankinn skoðar gagnrýnina

**SKIPULAGSMÁL** Landsbankinn hefur ákveðið að fresta hönnunarsamkeppni um fyrirhugaða nýbyggingu bankans sem hefjast átti síðar í þessum mánuði.

Í tilkynningu á vef bankans segir að það sé meðal annars gert til að fara yfir þau sjónarmið sem fram hafa komið á síðustu vikum. Þá segir að nánar verði gerð grein fyrir framhaldinu opinberlega þegar frekari ákvarðanir liggja fyrir. Fyrirhuguð bygging bankans við Austurhöfn í Reykjavík hefur verið gagnrýnd harðlega, meðal annars af þingmönnum. - jhh

Ellefu leiðir á korters fresti:

## Vetraráætlun hefst 16. ágúst

**SAMGÖNGUR** Vetraráætlun Strætó á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hefst 16. ágúst. Á Norður- og Norðurausturlandi hefst hún hálfum mánuði seinna og á Suðurlandi og Vestur- og Norðurlandi 13. september.

Helstu breytingar á vetraráætlun Strætó á höfuðborgarsvæðinu verður sú að leiðir 2, 5, 11, 12, 13, 14, 15, 18, 24, 28 og 35 fara á korters fresti á annatíma.

Í tilkynningu frá Strætó er notendum bent á að nálgast frekari upplýsingar á vefnum straeto.is. - jhh






**HINSEGIN DAGAR** Mikil tvíhyggja þykir ríkja í íslensku samfélagi þegar kemur að orðanotkun. Margir eiga enn eftir að átta sig á því að kynvitund einskorðast ekki við það að vera karl eða kona. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslenskan ekki bara fyrir karla og konur

Hýryrði 2015 er nýyrðakeppni Samtakanna ’78. Markmið keppninnar er bæði að styrkja íslenska tungu og fræða fólk um fjölbreytnina innan hinsegin samfélagsins. Að vera hinsegin einskorðast ekki við samkynhneigð líkt og margir halda.

**MANNRÉTTINDI** „Hugmyndin er að taka þessi orð sem eru ekki til á íslensku, eins og femme og butch, non-binary, pansexual og fleira, og sjá hvort það er hægt að búa til ný orð,“ segir Unnsteinn Jóhannsson, formaður trúnaðarráðs Samtakanna ’78.

Unnsteinn er einn þeirra sem hafa haldið utan um nýyrðakeppnina Hýryrði 2015 sem hefur það að markmiði að finna ný íslensk hugtök sem tengjast málefnum hinsegin fólks. Keppnin er líka hluti af fræðslu fyrir stærri hóp en samtökin hafa áður náð til.

„Fólk þekkir orð eins og samkynhneigð og tvíkynhneigð en kannski ekki non-binary, asexual, pansexual og fleiri. Þetta eru orð sem eru ekki á allra vörum þannig að við erum að reyna að fá fólk til að kafa aðeins dýpra,“ segir hann.

Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir, fyrrverandi fræðslustýra Samtakanna ’78, segir að fræðsla um hinsegin orðanotkun sé mikilvæg.

„Þetta snýst um það að við sem samfélag séum að nota rétt orð og gerum það af virðingu. Það er svo ótrúlega mikilvægt af því að íslenskan er svo ríkt og fallegt tungumál en við erum að nota ýmis ensk heiti yfir þessa hópa í dag.“

Hún segir að tvíhyggja sé rík í íslensku samfélagi og margir fastir í skilgreiningum um að kynvitund fólks nái bara til þess að vera karl eða kona en innan transsamfélagsins sé flóran mun meiri.

„Það eru alls konar hlutverk eins og gender fluid og non-binary og svoleiðis orð sem ekki eru til á íslensku,“ segir hún.

Að sögn Uglu hefur myndast ákveðin hefð fyrir kynhlutlausri orðanotkun innan transsamfélagsins, til dæmis að nota fornafnið hán í staðinn fyrir hann eða hún.

„Þá hafa komið upp alls konar kynlaus orð eins og í staðinn fyrir vinur eða vinkona þá væri það vinið mitt. Og þessi orð eru einmitt hluti af keppninni að finna ný orð fyrir til dæmis frændi eða frænka.“

Hún segir transfólk meðvitað um að það sé erfitt fyrir fólk að tileinka sér kynhlutlaus orð en með tíma og æfingu trúir hún því að orðaforðinn gæti breyst. Þá segir hún að sumir leggi sig ekki fram við að nýta rétt hugtök og þannig upplifi transfólk oft fordóma.

Margir misskilja það að vera hinsegin. Fólk telur oft að hugtakið eigi bara við um samkynhneigð en fjölbreytnin innan hópsins er meiri en svo.

„Margir hugsa að hinsegin standi bara fyrir samkynhneigð en það stendur fyrir samkynhneigð, tvíkynhneigð, transfólk, intersex fólk og alla þessa hópa.“

stefanrafn@frettabladid.is

## Hýryrði ársins



**Androgyny** Kyntjáning eða kynvitund sem er sambland af karllægri og kvenlægri kyntjáningu.
**Butch og femme** Hugtök sem tilgreina karlkyns eða kvenkyns kyntjáningu innan hinsegin samfélagsins.
**Agender** Fólk sem skilgreinir sig án kyns eða kynhlutlaust.
**Bigender** Fólk sem upplifir tvö kyn eða flakk á milli kynja.
**Gender fluid** Fólk sem upplifir fljótandi kynvitund.
**Non-Binary** Fólk sem upplifir sig fyrir utan tvíhyggjuskilgreininguna karl eða kona.
**Pangender** Svipar til non-binary þar sem fólk upplifir margþætta kynvitund.
**Asexual** Fólk sem hefur oft litla eða enga kynferðislega löngun.
**Aromantic** Fólk sem laðast ekki rómantískt eða tilfinningalega að öðrum.
**Ókyngreind frændsemisorð** Frænka/frændi, kærasti/kærasta, mamma/pabbi, sonur/dóttir, vinkona/vinur.



**UNNSTEINN JÓHANNSSON**



**UGLA STEFANÍA KRISTJÖNUDÓTTIR JÓNSDÓTTIR**

# EINN, TVEIR OG HÝR




**iPhone 5c** 8GB

**64.990 kr.** stgr.

**3.990 kr.** /18 mán.

**iPhone 5s** 16GB

**99.990 kr.** stgr.

**5.990 kr.** /18 mán.

**iPhone 6** 16GB

**124.990 kr.** stgr.

**7.590 kr.** /18 mán.
64GB **134.990 kr.** stgr.

**iPhone 6 Plus** 16GB

**134.990 kr.** stgr.

**8.190 kr.** /18 mán.
64GB **154.990 kr.** stgr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Upplýsingar um ÁHK á Nova.is.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

NOVA

**1.8.2015 → 7.8.2015**




HRUN

varð á grísku hlutabréfavísitölunni á fyrsta degi viðskipta eftir fimm vikna lokun.




MILLJÓNA

króna hagnaður varð af rekstri Landsbréfa á fyrri helmingi ársins.

**1.247**



almennir borgarar hafa fallið í loftárásum Bandaríkjahers og herja bandamanna þeirra á Íslamska ríkið.

**75** kílómetrar á klukkustund er mesti hraði Óðins, nýs báts sem Landhelgisgæslan hefur fengið til notkunar.



**14%**



reiðhjóla sem seld eru hér á landi eru með skyldubúnað áfastan samkvæmt úttekt Brautarinnar, bindindisfélags ökumanna.

**12.000**



manns versluðu við Dunkin' Donuts daginn sem verslunin var opnuð í Reykjavík.

**15**

SKIPTINEMUM



var synjað um vist hér á landi næsta vetur.

## Krefjandi ganga fram undan í frönsku Ölpunum



**Í FRÖNSKU ÖLPUNUM** Jökulgöngur eru vinsæl íþrótt, bæði á Íslandi og í Ölpunum á meginlandi Evrópu. Þessir göngumenn voru á ferð á Tröllajöklum (Glacier des Géants) á Mont-Blanc í Chamoniz í austurhluta Frakklands á dögunum. Ekki er annað að sjá en að þeir hafi átt nokkuð krefjandi göngu fyrir höndum.
NORDICPHOTOS/AFP

# Verðbólgan hefur engin áhrif á vændi

**Verð á vændi hefur ekki fylgt vísitölu neysluverðs sem neinu nemur. Vændiskonur þurfa að vinna töluvert meira eigi þær að búa við sömu kjör og fyrir tíu árum. Afbrotafræðingur segir framboð og eftirspurn stýra verði í undirheimum.**

**VIÐSKIPTI** Vændiskonur hafa ekki hækkað gjaldskrá sína í tíu ár, þrátt fyrir verðbólgu og hrun krónunnar. Vísitala neysluverðs hefur hækkað mikið á tímabilinu og því ljóst að vændiskonur hafa orðið fyrir mikilli kjaraskerðingu.

Óformleg könnun Fréttablaðsins leiddi í ljós að vændiskonur, íslenskar sem erlendar, eru að rukka á bilinu 25 þúsund til 35 þúsund krónur fyrir samfarir. Tölur frá Stígamótum og fjölmiðlaumfjöllun síðastliðin ár bendir til þess að það verð hafi verið gegnumgangandi svo árum skiptir.

Þrjátíu þúsund krónur árið 2005 eru að núvirði 53 þúsund krónur. Vændiskona sem hitti tuttugu viðskiptavini á mánuði árið 2005 þyrfti því í dag að hitta 35 kúnna til að búa við sömu kjör.

Þó skal tekið fram að verðið getur verið breytilegt. Rannsóknir hafa sýnt að vændismarkaðurinn er þrískiptur. Þetta er verð vændiskvenna sem sjálfar eiga í samskiptum við viðskiptavini í gegnum síma eða tölvu, ekki uppsett verð kampavínsklúbba eða þau reikulu viðskipti sem eiga sér stað í fíkniefnaheiminum. Þar skipta peningar ekki endilega um hendur.

Kona sem Fréttablaðið ræddi við starfaði öðru hvoru í vændi um sjö ára skeið og er nýhætt iðjunni. Hún rukkaði alltaf 35 þúsund krónur í fyrsta skipti en fór stundum niður í 25 þúsund. Þá segist hún hafa gefið mönnum upp hærra verð ef hún vissi að þeir hefðu efni á því. Konan segir algengt að menn reyni að prútta uppsett verð vændiskvenna niður.



**SEÐLAR** Drátturinn getur reynst dýrkeyptur fyrir kaupendur og seljendur vændis.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir tölurnar benda til þess að jafnvægi ríki á milli framboðs og eftirspurnar. „Það er engin verðlagsnefnd í vændisbransanum."

Aðspurður hvort möguleiki sé að viðskiptavinirnir haldi verðlaginu niðri með kúgunartilburðum segir Helgi að það gæti verið. „En þetta getur farið í báðar áttir. Það er hægt að líta á þetta sem ógnarjafnvægi. Vændiskonur geta líka búið yfir upplýsingum sem koma kúnnanum illa."

Hann bendir á að hér á landi sé vændisstarfsemi neðanjarðar og hvorki neytendur né seljendur vændis geti leitað til þriðja aðila með vandamál sín. „Erlendis er þetta bransi. Þar eru stéttasamtök vændiskvenna sem berjast fyrir réttindum varðandi hreinlæti og aðstöðu og rétti til atvinnuleysisbóta. Hér virðist þetta meira og minna vera undir yfirborðinu."

snaeros@frettabladid.is



**„Erlendis er þetta bransi. Það eru stéttasamtök vændiskvenna sem berjast fyrir réttindum varðandi hreinlæti og aðstöðu.**

*Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.*

Mikið álag á þyrlusveit í gær:

## Línuskips leitað norður af landi

**BJÖRGUN** Mikið álag var á þyrlusveit Landhelgisgæslunnar í gær en þyrlur gæslunnar sinntu fimm útköllum.

Meðal annars voru þyrla og varðskip kölluð út um klukkan fimm í fyrrinótt til að leita að línuskipi djúpt norður af landinu, en skipið hvarf úr sjálfvirkri ferilvöktun. Varðskip fann skipið sem var á veiðum og hafði skipstjóri gleymt að ræsa ferilvöktunarbúnað fyrir viðkomandi hafsvæði og ekki hlustað á neyðarrásir. Mál hans verður sent lögreglu til rannsóknar.

Þyrlurnar voru kallaðar út vegna fjögurra annarra mála í gær. - ngy

Breytingar í Norður-Kóreu:

## Segjast svipt tímabeltinu

**NORÐUR-KÓREA** Yfirvöld í Norður-Kóreu tilkynntu í gær að ríkið hygðist breyta um tímabelti þann 15. ágúst. Klukkan verður færð aftur um hálftíma.

Landið hefur verið á sama tímabelti og Suður-Kórea og Japan en að sögn stjórnvalda er breytingin vegna hersetu Japana í seinni heimsstyrjöldinni en þá var tíminn á Kóreuskaga lagaður að japönskum tíma. „Illa innrættir japanskir heimsveldissinnar sviptu okkur tímabeltinu," segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Vitað er um eitt fordæmi er fyrir því að ríki breyti tímabelti. Það var Venesúela árið 2007. - srs




365 og Filmflex sömdu um að félögin bjóði viðskiptapakka hvort annars:

## Framboð 365 og Filmflex eykst

**FJÖLMIÐLAR** 365 og Filmflex hafa samið um að bæði félög hafi rétt til að bjóða viðskiptavinum sínum viðskiptapakka hvort annars.

Þannig getur 365 nú boðið erlendar stöðvar á borð við Al-Jazeera News, Discovery Channel og fleiri stöðvar til hótela, gistiheimila og gististaða sem bjóða viðskiptavinum sínum erlenda afþreyingu og Filmflex að sama skapi boðið enska boltann, meistaradeildina og Golfstöðina til veitingahúsa og sportbara.

Filmflex er rétthafi um 40 erlendra sjónvarpsstöðva hér á landi og 365 er með sýningarétt á ensku knattspyrnunni, meistaradeildinni, Formúlu 1 og fjölda risastórra golfmóta sem sýnd eru í sjónvarpi hér á landi.

„Þetta samstarf eykur framboð Filmflex til muna og styrkir okkur í þeirri sérhæfingu að bjóða eingöngu viðskiptaréttindi sjónvarpsstöðva," segir Hólmgeir Baldursson, forstöðumaður Filmflex, í tilkynningu.

„Það er ánægjulegt að með samstarfi við Filmflex gerum við hótelum og gististöðum mögulegt að nálgast efni okkar á aðgengilegan og löglegan máta," segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365. - jhh



**SÆVAR FREYR** Borið hefur á að sportbarir og gististaðir bjóði upp á sjónvarpsrásir með ólögmætum hætti. Það á nú að vera úr sögunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

blómaval | HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# HELGAR SPRENGJA




## 20% afsláttur
JOTUN LADY INNIMÁLNING
JOTUN MUR ÚTIMÁLNING




## 20% afsláttur
ALLAR NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUR



## 50% afsláttur
TRJÁPLÖNTU ÚTSALA BLÓMAVALS
SÍÐUSTU DAGAR

BLACK & DECKER



### STINGSÖG KS500
400W
5246011
KJARA KLÚBBUR
**5.995 kr**
FULLT VERÐ: 8.995



### FJÖLNOTA VERKFÆRI
MT300KA 300W, sagar og pússar
5245980
KJARA KLÚBBUR
**14.995 kr**
FULLT VERÐ: 19.995



### HLEÐSLUBORVÉL
EPC12CAB, 12V, 2 rafhlöður
5245999
KJARA KLÚBBUR
**10.895 kr**
FULLT VERÐ: 14.519

Electrolux




### ÞVOTTAVÉL EWP 1274TDW
7 kg, 1200 snúninga, A++
1808864
KJARA KLÚBBUR
**56.990 kr**
FULLT VERÐ: 69.900



### FRYSTIKISTA
G 115, 103 ltr
1805483
**39.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

### PANNA FORZA 20 CM
Kermik húð, nonstick
á allar hellur
2006769
50% afsláttur
KJARA KLÚBBUR
**2.349 kr**
FULLT VERÐ: 4.699



### ÚTILJÓS VEJERS
Svart
6010944
KJARA KLÚBBUR
**4.595 kr**
FULLT VERÐ: 6.579






HÚSASMIÐJUBLAÐIÐ
ER KOMIÐ ÚT
www.husa.is

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir til 17. ágúst meðan birgðir endast.
Tilboð gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar„ og tilboðsvörum.

525 3000 • husa.is

Útlendingar með 90 prósent:

# Gistinóttum á hótelum fjölgar

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinætur á hótelum í júní voru 285.100. Það er 19 prósenta aukning miðað við júní 2014, samkvæmt Hagstofu.

Gistinætur erlendra gesta voru 90 prósent af heildarfjölda allra gistinátta í mánuðinum en þeim fjölgaði um 20 prósent frá sama tíma í fyrra á meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um tæp 10 prósent. Flestar gistinætur á hótelum í júní voru á höfuðborgarsvæðinu eða 162.800, sem er 16 prósenta aukning frá því í fyrra. - fbj

Fimm sóttu um að verða héraðssaksóknarar, þrír sækjast eftir embætti hæstaréttardómara:

# Sérstakur vill verða héraðssaksóknari

**STJÓRNSÝSLA** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, og Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri eru meðal þeirra sem sækjast eftir nýju embætti héraðssaksóknara. Auglýst var eftir umsækjendum í embætti hæstaréttardómara, héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara í júlí.

Fimm vilja verða héraðssaksóknarar. Ásamt þeim Ólafi og Bryndísi sóttu þau Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá sérstökum saksóknara, Hulda Elsa Björgvinsdóttir, saksóknari hjá ríkissaksóknara, og Jón H.B. Snorrason varalögreglustjóri um starfið.

Þrír sóttu um embætti hæstaréttardómara, þau Davíð Þór Björgvinsson, Ingveldur Einarsdóttir og Karl Axelsson.

Fimm sóttu um stöðu varahéraðssaksóknara; áðurefndur Björn Þorvaldsson og Arnþrúður Þórarinsdóttir, saksóknarar hjá embætti sérstaks saksóknara, og Daði Kristjánsson, Hulda Elsa Björgvinsdóttir og Kolbrún Benediktsdóttir, öll saksóknarar hjá embætti ríkissaksóknara.



**BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

➜ Ásamt Ólafi og Bryndísi sóttu Björn Þorvaldsson, Hulda E. Björgvinsdóttir og Jón H.B. Snorrason um.

Nýr héraðssaksóknari tekur til starfa 1. janúar og verður embætti sérstaks saksóknara þá lagt niður. Innanríkisráðherra hefur falið nefnd að fara yfir umsóknirnar og á hún að skila ráðherra rökstuddu áliti á hæfni umsækjenda. - fbj



**BAN KI-MOON** Aðalritari Sameinuðu þjóðanna mun koma að rannsókninni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Árásir við Damaskus 2013:

# Rannsaka efnavopnaárásir

**BANDARÍKIN** Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt ályktun þess efnis að rannsakað verði hverjir stóðu fyrir efnavopnaárásum í Sýrlandi árið 2013.

Áætlun um upprætingu á efnavopnum Sýrlendinga var gerð eftir að þeim var beitt rétt fyrir utan Damaskus í ágúst árið 2013. Í fyrra var 1.180 tonnum af efnavopnum Sýrlands eytt.

Kosið var um tillöguna eftir að Rússar og Bandaríkjamenn sammæltust um efni hennar en hún var samþykkt mótatkvæðalaust. - srs

**SAMGÖNGUR**

### Lokað vegna Gleðigöngu

Götum verður lokað í kringum gönguleið Gleðigöngunnar og hátíðarsvæðið frá klukkan 12 á hádegi í dag og þar til hátíðardagskrá við Arnarhól lýkur. Gangan leggur af stað frá Vatnsmýrarvegi klukkan 14, fram hjá Umferðarmiðstöðinni, eftir Sóleyjargötu, Fríkirkjuvegi og Lækjargötu. Að göngunni lokinni hefst hátíðardagskrá við Arnarhól sem stendur til klukkan 17.30. Í frétt á vef Reykjavíkurborgar eru íbúar Reykjavíkur og gestir beðnir að sýna umburðarlyndi og eru hvattir til að nýta sér þjónustu Strætó.

# Þolandi verður að samþykkja brottvísun ofbeldismanns

Aðstoðaryfirlögreglustjóri segir ekki unnt að fjarlægja ofbeldismann af heimili án samþykkis þess sem verður fyrir ofbeldinu. Nágrannar heimilis þar sem heimilisofbeldi á sér stað eru hneykslaðir á vinnubrögðum lögreglu.

**LÖGREGLUMÁL** „Ef ummerki sýna að einstaklingur hafi verið beittur líkamsmeiðingum þá gerum við allt til þess að tryggja öryggi fólks. Við getum þó illa bjargað fólki sem vill ekki láta bjarga sér,“ segir Alda Hrönn Jóhannesdóttir aðstoðaryfirlögreglustjóri um það hvers vegna einstaklingur sem beitir maka sinn ofbeldi sé ekki alltaf fjarlægður af heimilinu.

Svokölluð austurrísk leið er lagaúrræði sem gerir lögreglu kleift að fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu og banna komur hans þangað um tiltekinn tíma.

Fréttablaðið ræddi við nágranna heimilis þar sem heimilisofbeldi hefur verið við lýði í nokkurn tíma. Að sögn nágrannanna heyrast læti og högg oft í viku frá íbúð fólksins. Þá heyrist reglulega í konunni hrópa á hjálp.

Einn nágrannanna segist hneykslaður á vinnubrögðum lögreglunnar. Í hvert skipti sem lögregluna beri að á heimili fólksins snúi hún til baka án þess að aðhafast neitt. Ástæðan sem lögregla gefi sé sú að konan þiggi ekki hjálp lögreglunnar. Nágrannarnir hafi þó útskýrt fyrir lögreglunni að skömmu áður hafi konan hrópað á hjálp og að maðurinn væri að fara að drepa hana.

„Þegar aðstæðurnar eru svona þá snýst starf lögreglunnar um að tala um fyrir þeim sem beitt ur er ofbeldi,“ segir Alda Hrönn og bætir við að heimildir lögreglu til þess að fjarlægja ofbeldismann af heimili séu takmarkaðar þegar einstaklingurinn sem verður fyrir ofbeldinu vill ekki aðstoð.



**SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**



**ALDA HRÖNN JÓHANNESDÓTTIR**

„Á tveggja vikna fresti förum við yfir hvert einasta svona mál, skoðum söguna og hvað við getum gert næst. Þannig að þegar lögreglan fer af vettvangi í svona aðstæðum er ekki þar með sagt að við séum hætt að skoða málið. Það kunna alveg að vera úrræði þó að nágrannarnir sjái það ekki,“ segir Alda Hrönn.

„Við fáum oft til okkar konur sem segja að lögreglan hafi oft verið búin að koma á heimilið og reyna að hjálpa þeim en þær hafi alltaf sagt ósatt þegar lögregluna bar að,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf.

„Þegar þær koma til okkar þá hafa þær loksins fengið kjarkinn til þess að þiggja aðstoð.“



**HEIMILISOFBELDI** Svokölluð austurrísk leið er lagaúrræði sem gerir lögreglu kleift að fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

Sigþrúður segir að þolandi ofbeldisins verði að samþykkja það að ofbeldismaðurinn sé tekinn af heimilinu. „Annars virkar þessi heimild lögreglunnar ekki. Ef lögreglan úrskurðar um brottvísun af heimili þá er enginn sem hefur eftirlit með því hvort ofbeldismaðurinn fer aftur á heimilið nema konan.“

Að sögn Sigþrúðar hefur lögreglan í auknum mæli boðið einstaklingum sem verða fyrir ofbeldi upp á úrræðið. „Við fögnum því þó að það er aukin meðvitund hjá lögreglunni. Við vitum líka að lögreglan hvetur konurnar til þess að þiggja aðstoð og útskýrir fyrir þeim hvað felst í aðstoðinni.“

nadine@frettabladid.is






Fjölmennt lið lögreglu leitaði fanga sem strauk um miðjan dag í gær:

# Strauk úr ferð til tannlæknis

**LÖGREGLUMÁL** Fjölmennt lið lögreglu var ræst út um tvöleytið í gær eftir að fangi slapp úr haldi fangavarða í Reykjavík. Verið var að flytja fangann til tannlæknis nærri Hlemmi þegar hann tók á rás og flúði.



**PÁLL WINKEL**

Páll Winkel fangelsismálastjóri staðfestir í samtali við Vísi að fanginn hafi sloppið en svo fundist nokkrum mínútum síðar, sem betur fer. Hann sagðist enn þá vera að taka saman upplýsingar vegna flóttans. Honum væri samt létt að fanginn hefði fundist jafnfljótt og varð raunin.

„Þetta er maður sem maður hefði ekki viljað sjá lausan mjög lengi,“ segir Páll. „Lögregla brást skjótt við og þetta gekk upp.“

Stutt er síðan tveir fangar flúðu af Kvíabryggju og vakti flóttinn nokkra athygli í fjölmiðlum enda ekki algengt að föngum takist að strjúka. Flóttinn nú var annars eðlis. Um fanga úr lokuðu fangelsi, Litla-Hrauni, var að ræða og var verið að flytja hann til borgarinnar í skoðun hjá tannlækni.



**Á HLEMMI** Verið var að flytja fangann til tannlæknis nærri Hlemmi þegar hann tók á rás og flúði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Maðurinn var ekki í handjárnum og segir Páll að tekin sé ákvörðun hverju sinni hvort notast eigi við hand- og fótjárn eða ekki.

„Við gætum að mannvirðingu eins og við getum þannig að menn eru ekki fluttir í hand- og fótjárnum í hverju sinni,“ segir Páll. Málið verði nú yfirfarið og reynt að búa svo um hnútana að svona endurtaki sig ekki. Flótti sem þessi sé sjaldgæfur en komi þó fyrir.

Fanginn hefur setið inni í nokkra mánuði og á einnig mánuði eftir af afplánun. Flóttinn mun ekki lengja afplánun hans en getur þó haft áhrif á reynslulausn. Þá fái menn sem strjúka ekki að afplána í opnum fangelsum.

„Það græðir enginn á þessu, allra síst fanginn.“ - ktd


Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

Slá met í farþegafjölda í júlí:

# Icelandair og WOW slá met

**SAMGÖNGUR** WOW air og Icelandair slógu bæði met í farþegafjölda í júlí.

WOW air flutti 104 þúsund farþega til og frá landinu í júlí eða um 43 prósentum fleiri farþega en í júlí árið 2014.

Icelandair Group flutti 415 þúsund farþega í millilandaflugi í júlí. Það eru sautján prósentum fleiri en í júlí á síðasta ári.

Sætanýting WOW í júlí var 90 prósent og 88,9 prósent hjá Icelandair. - ngy

Kona sem hefur tvisvar upplifað nauðgun fylltist reiði vegna umræðunnar um ákvörðun lögreglu:

# Segir ákvörðun Páleyjar hafa verið rétta

**SAMFÉLAG** Marta Möller lagði fram nauðgunarkæru á Þjóðhátíð fyrir níu árum og segir hún að mikil fjölmiðlaumfjöllun strax í kjölfar kæru hennar hafi reynst henni erfið.

Þegar brotið var aftur á Mörtu árið 2013, nú í miðbæ Reykjavíkur, óttaðist hún að kæra þar sem hún vildi ekki þurfa að sjá fjallað um mál sitt í fjölmiðlum áður en hún fengi tækifæri á að jafna sig á því sem gerst hafði.

Marta sagði sögu sína á Facebook þar sem hún hefur fyllst reiði vegna umræðunnar um ákvörðun Páleyjar Borgþórsdóttur, lögreglustjóra í Vestmannaeyjum, um að upplýsa ekki um kynferðisbrot á Þjóðhátíð.

Fjölmiðlar greindu í síðustu viku frá bréfi Páleyjar til viðbragðsaðila þar sem hún hvetur þá til þess að veita engar upplýsingar. Slíkar upplýsingar voru síðan veittar fjölmiðlum eftir að fulltrúar neyðarmóttöku á Landspítalanum fyrir þolendur kynferðisbrota tjáðu sig um fjölda þeirra sem leituðu þangað. „Mér finnst Páley vera að gera svo rétt,“ sagði Marta í samtali við fréttavefinn Vísi í gær. „Hún er bara að hugsa um hagsmuni þolenda, það liggur ekkert annað að baki hjá henni. Ég hef lent í þessu tvisvar sinnum á ævinni og ég fann hvað það var miklu auðveldara að takast á við það í seinna skiptið þegar fréttaflutningur var ekki eins mikill. Bara ein frétt og búið.“ - nej



**ÞJÓÐHÁTÍÐ 2015** Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir ákvörðun sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skipulagsstofnun

**Rannsóknar– og þróunarsjóður**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til rannsóknar– og þróunarverkefna á sviði skipulagsgerðar og umhverfismats vegna úthlutunar úr Rannsóknar– og þróunarsjóði Skipulagsstofnunar 2015.

Nánari upplýsingar má finna á vef Skipulagsstofnunar, www.skipulagsstofnun.is.

**Umsóknarfrestur er til 15. september 2015.**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT



**FÆR EKKI VEGABRÉF** Harriet Cardew fékk breskt bráðabirgðavegabréf svo hún gæti farið til útlanda, en hún er með tvöfaldan ríkisborgararétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýjar lóðir í hjarta Mosfellsbæjar









**Lóðum úthlutað til byggingar leiguíbúða í Mosfellsbæ**

Mosfellsbær auglýsir lóðir við Þverholt í miðbæ Mosfellsbæjar. Um er að ræða byggingarrétt fyrir 30 leiguíbúðir og 10 íbúðir til almennrar sölu.

Umsóknarfrestur til **11. september 2015**. Umsóknum má skila rafrænt á **mos@mos.is** eða í Þjónustuver Mosfellsbæjar, Þverholti 2.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Mosfellsbæjar **www.mos.is**.

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

# Ánægð með afstöðu Ólafar

Kristín Cardew fagnar áformum innanríkisráðherra um breytta mannanafnalöggjöf. Dóttir Kristínar er vegabréfslaus því nafn hennar fæst ekki samþykkt.

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta eru náttúrulega mjög góðar fréttir. Ég tek þessu fagnandi og það væri mjög gaman ef þetta gengi eftir,“ segir Kristín Cardew um fréttir af því að Ólöf Nordal innanríkisráðherra vilji afnema mannanafnalög. Ólöf sagði í Bítinu á Bylgjunni í gær að frumvarp væri í smíðum í ráðuneyti hennar sem þó myndi líklega ekki ganga svo langt.

Kristín er móðir Harrietar og Duncans Cardew en þau eru skráð stúlka og drengur í þjóðskrá þar sem nöfn þeirra fást ekki samþykkt. Harriet var synjað síðasta sumar um vegabréf sökum nafnsins og varð það til þess að fjölskyldan kærði úrskurðinn til innanríkisráðuneytisins. Ekki er búið að afgreiða kæruna.

„Það er ótrúlegt að hægt sé að synja íslenskum ríkisborgurum um vegabréf,“ sagði Kristín við blaðamann Vísis í apríl síðastliðnum.

„Hún ætlar að leggja fram frumvarp í haust þannig að það er eftir að sjá hvað gerist. Það þarf að samþykkja frumvarpið svo eitthvað breytist. Nú er bara að bíða og vona en við náttúrulega erum enn með kæru inni út af Harriet og ég reikna með að við tölum við Ragnar [Aðalsteinsson, lögmann fjölskyldunnar] í haust og skoðum stöðuna,“ segir Kristín nú.

„Þetta snýst líka um rétt barns til að hafa skilríki eða vegabréf þannig að ef þetta dregst þá höldum við okkar striki. En mér finnst þetta góðar fréttir og frábært hjá Ólöfu að taka af skarið,“ segir Kristín.



**„Þetta eru náttúrulega mjög góðar fréttir. Ég tek þessu fagnandi og það væri mjög gaman ef þetta gengi eftir.**

*Kristín Cardew, móðir Harrietar Cardew.*



**„Rótin hjá okkur er að vernda íslenska tungu enda erum við svo lítið málsvæði. Mér finnst að við eigum að gera það. En mannanöfn eru kannski ekki lykilatriði.**

*Ólöf Nordal innanríkisráðherra.*

Ólöf gaf lítið fyrir þau rök að foreldrar gætu misnotað vald sitt ef mannanafnalög væru afnumin í viðtalinu í gær. Hún spurði hvort foreldrum ætti ekki að vera treystandi til að ala upp börn sín og hafa hag þeirra að leiðarljósi.

Þar að auki tók Ólöf fram að í nágrannalöndunum væri sambærilega löggjöf ekki að finna. „Rótin hjá okkur er að vernda íslenska tungu enda erum við svo lítið málsvæði. Mér finnst að við eigum að gera það. En mannanöfn eru kannski ekki lykilatriði,“ sagði Ólöf.

thorgnyr@frettabladid.is




ENNEMM / SÍA / NM57414

















**FANGAÐI ATHYGLINA** Donald Trump, til hægri, ásamt Scott Walker í kappræðunum á fimmtudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

# Diguryrðin yfirgnæfðu

Donald Trump tryggði sér mestu athyglina í sjónvarpskappræðum tíu repúblikana, sem allir keppa að því að verða forsetaefni flokks síns á næsta ári.

**BANDARÍKIN** Níu repúblikanar stóðu að mestu ráðþrota á sviðinu gagnvart Donald Trump, sem að venju sagði það sem honum sýndist í fyrstu sjónvarpskappræðunum fyrir forkosningar Repúblikanaflokksins.

Digurbarkaleg ummæli hans vöktu langmesta athygli áhorfenda jafnt sem fjölmiðla víða um heim. Mörgum fannst nóg um: „Þessi apaköttur ætlar að verða forseti Bandaríkjanna,“ sagði í fyrirsögn á fréttavef þýska tímaritsins Der Spiegel.

Mótframbjóðendurnir níu, sem allir sækjast eftir því að verða forsetaefni flokksins, reyndu flestir að svara spurningum stjórnenda umræðnanna af alvöru, en uppskáru fyrir vikið ekki sömu athyglina.

Trump hefur undanfarnar vikur borið höfuð og herðar yfir meðframbjóðendur sína í skoðanakönnunum. Hann kemst þó ekki með tærnar þar sem Hillary Clinton, líklegasti frambjóðandi Demókrataflokksins, hefur hælana.

Í The New York Times fullyrðir hins vegar dálkahöfundurinn Nate Cohn að hvorki Donald Trump né Jeb Bush, sem hefur næstmesta fylgið í skoðanakönnunum, hafi verið á meðal sigurvegara kvöldsins.

„Að sigra í forkosningaumræðum snýst ekki um að slá fram bestu setningunum eða uppskera mesta klappið. Fyrir frambjóðendur í fremstu röð er þetta áheyrnarprufa fyrir flokkseigendurna, fjársterka stuðningsmenn,“ segir Cohn. „Takmarkið er ekki að heilla fjöldann eða ná langt í skoðanakönnunum, heldur að vekja traust, að sýna fram á getu þeirra til þess að sigra og ráða við forsetaembættið.“

Enn sem komið er geta skoðanakannanir engan veginn gefið neinar marktækar vísbendingar um það hver úrslitin gætu orðið úr forkosningum flokkanna tveggja. Forkosningarnar hefjast ekki fyrr en snemma á næsta ári og úrslit verða ekki ljós fyrr en næsta sumar, en forsetakosningarnar sjálfar eru svo í byrjun nóvember.

Trump virðist hins vegar staðráðinn í að bjóða sig fram til forseta, hvort sem hann verður fyrir valinu sem forsetaefni Repúblikanaflokksins eða ekki. **gudsteinn@frettabladid.is**

## → Staðan í skoðanakönnunum

| | |
|---|---|
| Donald Trump, auðkýfingur | 24,3 |
| Jeb Bush, fyrrv. ríkisstj. Flórída | 12,5 |
| Scott Walker, ríkisstj. Wisconsin | 9,5 |
| Mike Huckabee, fyrrv. ríkisstjóri Arkansas | 6,8 |
| Ben Carson, fyrrv. heilaskurðlæknir | 5,8 |
| Ted Cruz, öldungadeildarþingm. | 5,5 |
| Marco Rubio, öldungad.þingm. | 5,3 |
| Rand Paul, öldungadeildarþingm. | 4,5 |
| Chris Christie, ríkisstj. New Jersey | 3,5 |
| John Kasich, ríkisstjóri Ohio | 2,8 |

*Heimild: Realclearpolitics.com*

**Þið væruð ekki einu sinni að tala um ólöglega innflytjendur ef ekki væri fyrir mig.**

*Um meðframbjóðendur sína*

**Bara Rosie O'Donnell.**

*Þegar hann er sakaður um að hafa kallað konur „feit svín, hunda, subbur og viðbjóðsleg kvikindi“*

**Ég myndi segja að hann sé óhæfur, en ég vil ekki gera það. Það er ekki kurteislegt.**

*Um Barack Obama Bandaríkjaforseta*

**Satt að segja hef ég ekki tíma fyrir pólitíska rétthugsun.**

*Um pólitíska rétthugsun*

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

SVEFNSÓFAR



### Calia svefnsófi

Nettur en samt sterkbyggður svefnsófi frá Calia á Ítalíu. Góðar dýnur í breiddunum 120-140-160cm. Fjölmargir litir í tauáklæðum, ásamt leðurútfærslum.



### Demetra svefnsófi

Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu. Öflugt og sterkt svefnstell. Fjölmargir litir og ýmsar stærðir í boði. Svefnsófinn hefur virkilega slegið í gegn hér á landi.

SÓFAR



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

### ERMES hægindasófi

Alklæddur leðri eða í slitsterku tauáklæði. sófinn er fáanlegur í fjöldamörgum útfærslum svo sem tveggja, þriggja eða fjögura sæta. Öll sæti fáanleg með rafstýrðum skemlum.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

### Diva tungusófi

Nettur og þægilegur tungusófi. Hann er einnig fáanlegur sem hvíldarstóll, 2ja eða 3ja sæta og öll sæti stillanleg.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

### Isabella hægindasófi

sófinn er í senn glæsilegur og þægilegur. Hann er með hand eða rafstýrðum hvíldarstólum í öllum sætum. Margar stærðir í boði.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

### TRINUS hornsófi

Vandaður horn/tungusófi alklæddur leðri eða tauáklæði. Fáanlegur í mörgum stærðum, litum og útfærslum.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

### Walton hvíldarsófi

Hvíldarstóll í enda, fáanlegur í leðri og áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Margir litir í boði.



Með hallandi baki, má standa nánast upp við vegg.

### Ezzy og Mobius hvíldarstólar

Góðir hvíldarstólar með háu baki og stillanlegum hnakkapúða fyrir auka stuðning. Margir litir í boði.

RÚM

Dunlopillo | CARPE DIEM BEDS OF SWEDEN | Lama | HENSON DESIGN



Dunlopillo Gæði frá Danmörku

### Dunlopillo Stillanlegt

Stillanlega rúmið frá Dunlopillo er þægilegt og sterkbyggt rafmagnsrúm. Dýnurnar skiptast í sjö svæði úr 18cm heilsteyptum Latex kjarna eftir forskrift Dunlopillo.



Lama Gæði frá Danmörku

### Lama contenental

Rúmin frá Lama í Danmörku eru í senn falleg og vönduð vara. Margir möguleikar eru í dýnuvali. Margir litir og stærðir í boði. Rúmin eru fáanleg með rafstillingu.



Henson Design Gæði frá Belgíu

### Henson design Brixton

Frábær gæði frá Belgíu. Fáanlegt með og án Rafstillingar. Hægt er að fá Henson Design rúmin í mörgum stærðum, efnis og litaútfærslum, á fótum eða með sökkli.



**Hönnun:** Andreas Seegatz



**Hönnun:** Bugatti



**Hönnun:** Andreas Seegatz



**Hönnun:** Virgilio Bugatti



**Hönnun:** Andreas Seegatz



**Hönnun:** Innocent Rifino og Lorenzo ruggieri



**Hönnun:** Andreas Seegatz

### BUGATTI hönnunarvörur

Fallegar og vantaðar hönnunarvörur frá Italíu.

BUGATTI® ITALY

## Komdu í heimsókn

– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD



**KENTUCKY-KJÚKLINGUR TIL LANDSINS** Mikla athygli vakti þegar Kentucky Fried Chicken var opnað við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði í október árið 1980. Þá var í fyrsta sinn hægt að fá kjúkling á Íslandi á „Kentucky-vísu“. Hér tekur Helgi Vilhjálmsson við viðurkenningu frá fulltrúa KFC. Fyrstu viðskiptavinir staðarins voru leystir út með kampavíni og blómvendi. MYND/ELÍN EINARSDÓTTIR

# Þegar æði grípur landann

Dunkin‘ Donuts er langt því frá fyrsta alþjóðlega vörumerkið sem Íslendingar taka fegins hendi. Oftar en ekki hafa myndast langar raðir þegar erlendar verslanir og veitingastaðir eru opnuð hér á landi og mörgum þótt nóg um.



**MÖRG ÞÚSUND MÆTTIR FYRIR OPNUN** Umferðaröngþveiti myndaðist fyrir utan Bauhaus áður en verslunin var opnuð klukkan átta laugardaginn 5. maí árið 2012. Öll sex hundruð bílastæði verslunarinnar voru upptekin löngu fyrir opnun og búið var að leggja á nær hvern auðan blett við verslunina. Halldór Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarinnar, áætlaði að milli fimm og sex þúsund manns hefðu verið fyrir utan verslunina þegar hún var opnuð til að taka þátt í happdrætti og kaupa gasgrill og fleira á opnunartilboði. Fyrstu vikuna versluðu Íslendingar í Bauhaus fyrir tæpan milljarð króna. MYND/STÖÐ 2



**DAVÍÐ TEKUR FYRSTA BITANN** Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, borðaði fyrsta BigMac-hamborgarann á McDonalds í september 1993. Múgur og margmenni safnaðist saman við opnunina. McDonalds lækkaði þó verð fljótlega eftir opnun þar sem viðskiptin voru ekki nægjanleg. Ekki voru allir sáttir við starfsemi McDonalds. Bökurum þótti einkennilegt að flutt væri inn hamborgarabrauð frá Bretlandi. Þá var rætt í byggingarnefnd hvort taka ætti niður ríflega 10 metra hátt McDonalds-skilti við staðinn því það stæðist ekki byggingarreglugerð. MYND/GVA




**SVÍAR ALDREI SÉÐ ANNAÐ EINS** Loka þurfti verslun Lindex í Smáralind eftir opnunarhelgina árið 2011 þar sem nær allar vörur verslunarinnar höfðu selst upp. Johan Eyram Isacson, talsmaður Lindex í Svíþjóð, sagðist aldrei hafa upplifað annað eins kaupæði við opnun Lindex-verslunar. Vörurnar hefðu átt að endast í margar vikur.



**HLEYPT INN Í HOLLUM** Löng biðröð var fyrir utan Turninn þegar bandaríska leikfangaverslunin Toys R Us var opnuð í október 2007. Hleypa þurfti inn í hollum til að forðast örtröð inni í versluninni. Opnunarhelgina voru seld leikföng fyrir 70 milljónir króna. MYND/STÖÐ 2

zero Emission

NISSAN
Innovation that excites

# VINSÆLASTI RAFBÍLL Á ÍSLANDI

## ER Á BESTA VERÐINU, HEFUR MESTU REYNSLUNA OG BESTA AÐGANG AÐ HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVUM!




## NISSAN LEAF 100% RAFBÍLL

## VISIA 3.990.000 KR. ACENTA 4.190.000 KR. TEKNA 4.490.000 KR.

**Visia:** Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, USB og AUX tengi, handfrjáls símabúnaður, bakkmyndavél, lyklalaust aðgengi, 6,6 kW hleðslubúnaður, innstunga fyrir hraðhleðslu, tímastilling á miðstöð, leðurstýri.

**Umfram í Acenta:** 16" álfelgur, litaðar afturrúður, hraðastillir (Cruise Control) með stillingu á hámarks-hraða.

**Umfram í Tekna:** 17" álfelgur, miðstöð með varmadælu, 7" snertiskjár fyrir bakkmyndavél, 360° myndavélabúnaður, Bose hljómkerfi, Tekna innrétting, aðkomulýsing.

**OPIÐ FRÁ KL. 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM70270

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



## PASO DOBLE
Hornsófi með tungu.
Til í gráu og brúnu línáklæði.
Stærð: 386 × 156/258 × 80 cm

459.990 kr. ~~559.990 kr.~~



## KENYA
Fáir sitja betur. Háir armar og stutt sessa veita einstök þægindi. Fáðu þér sæti og hann fer með þér heim.
Stærð: 69 × 70 × 86 cm

39.990 kr. ~~49.990 kr.~~

1.



4.



## DEVON
Einfaldur og traustur svefnsófi. Blómamunstur eða dökkgrár.
Stærð: 151 x 86 x 82 cm



109.990 kr. ~~139.990 kr.~~

2.



3.



5.



## GLOBE
Fæst í svörtu, rauðu og ljósu leðri.
Stærð: 76 × 70 × 113 cm



Stóll
319.990 kr.
Skemill
69.990 kr.
Stóll og skemill
315.980 kr. ~~389.980 kr.~~

**1.** Vidivi banquet kökudiskur með kúpli 9.990 kr. ~~12.990 kr.~~ **2.** Ralph Lauren Vivianne matarstell — brúðarstellið frá þeim í ár: matardiskur 8.790 kr. salatdiskur 5.690 kr. bolli og undirskál 11.780 kr. **3.** Bodum pebo kaffikanna, átta bolla 6.990 kr. ~~12.990 kr.~~ **4.** Poul Pava Pure glös (6 stk.), 0,65 l 5.490 kr. **5.** Alessi sítrónupressa hönnuð af Philippe Starck 12.990 kr.



## VESTA
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 295 × 160 × 80 cm

239.990 kr. ~~299.990 kr.~~



## MANCHESTER
Tungusófi XL. Hægri eða vinstri tunga.
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 300 x 160 x 70 cm

219.990 kr. ~~269.990 kr.~~




**UMBRIA**
Hornsófi með tungu.
Hægri eða vinstri tunga.
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 × 265 × 78 cm

**369.990 kr.** ~~419.990 kr.~~

# Vertu eins og heima hjá þér

## Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar



**ANDREW**
Sterkbyggðir stólar fyrir eldhúsið eða borðstofuna. Fást í bundnu leðri, svörtu, hvítu eða brúnu.

**13.990 kr.** ~~19.990 kr.~~

**CLEVELAND**
Þriggja sæta sófi, ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 208 x 86 x 81 cm



**74.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

**CLEVELAND**
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði
Stærð: 231 × 140 × 81 cm



**99.990 kr.** ~~119.990 kr.~~




**Nýtt blað er komið í dreifingu**
http://www.youblisher.com/p/1180021-Vertu-eins-og-heima/

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# Góðar aðgerðir – gildar kvartanir

Ljóst er að víðtæk samstaða ríkir meðal stjórnmálamanna um viðskiptaþvinganir gegn Rússum vegna aðgerða þeirra í Úkraínu. Utanríkismálanefnd ályktaði samhljóða nú í vikunni að þvingunum skyldi haldið áfram þrátt fyrir hótanir Rússa um að gjalda líku líkt með innflutningsbanni á íslenskar sjávarafurðir.

Ástandið í Úkraínu er flóknara en svo að skýra megi með einföldum hætti. Í grófum dráttum er staðreyndin þó sú að Rússar hafa gengið fram af hörku, og brotið gróflega gegn fullveldi nágranna sinna í Úkraínu. Innlimun Pútíns og kóna hans á Krímskaga er fordæmalaust frá falli járntjaldsins og minnir um margt á aðgerðir Þjóðverja á fjórða áratug síðustu aldar. Þá, líkt og nú, var réttlætingin sú að íbúar hinna innlimuðu svæða tilheyrðu í raun innrásaraflinu í menningarlegu tilliti. Vel kann að vera að sannleikskorn leynist í því. En siðuð ríki endurteikna ekki landamæri með hervaldi. Sporin hræða í þeim efnum.



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Flest bendir til þess að afstaða utanríkisráðherra og utanríkismálanefndar í málinu sé vel ígrunduð. Ráðherrann var snöggur til að fordæma ódæði aðskilnaðarsinna síðasta sumar þegar þeir grönduðu farþegaflugvél yfir Úkraínu. Hann hefur heimsótt landið og gert tilraun til að kynna sér ástandið af eigin raun. Ísland á sögulega samleið með NATO og Evrópusambandinu, en hvað sem öðru líður er varla umdeilt að sambandið hefur verið afl í þágu friðar í álfunni. Ráðherrann virðist því byggja afstöðu sína bæði á eigin athugunum og með tilliti til sögunnar. Það er góð blanda.

Ekki má þó loka augunum fyrir því að ákvörðun sem þessi verður alltaf umdeild. Nauðsynlegt er að sýna útgerð og sjómönnum skilning. Það er súrt í broti að hafa lagt í fjárfestingar í fiskiflota, tækjum, viðskiptasamböndum og öðru til þess eins að láta kippa undan sér fótunum á augabragði. Það er umhugsunarefni, eins og utanríkisráðherra nefnir, hvort ekki er ástæða til að bæta skaðann með einhverjum hætti. Viðskiptabannið er almenn aðgerð sem bitnar í þessu tilfelli fyrst og fremst á útgerð, sjómönnum og fiskvinnslu, sem hafa fullan rétt á að kveinka sér.

Viðskiptahagsmunir eru einn hornsteinninn í utanríkisstefnu fullvalda ríkis. Þar er mikilvægt að horfa á allar hliðar máls. Fólk getur verið fylgjandi hugmyndinni um hvalveiðar, en mótfallið veiðunum sjálfum. Þar víki rétturinn til að veiða hval með tapi, sem þar að auki skaðar orðspor Íslands, fyrir ávinningi á alþjóðavettvangi við að segja skilið við veiðarnar. Þannig verði minni hagsmunum fórnað fyrir meiri.

Stundum er ekki hægt að setja hlutina upp í Excel-skjal. Íslandi er fyrir bestu að taka afstöðu með bandamönnum sínum gegn ágangi Rússa. Það er hagur smáríkja að alþjóðasamningar og reglur í samskiptum þjóða haldi. Það er tryggasta vörn gegn yfirgangi þess stóra. En á þeirri vegferð skal gæta þess að enginn lendi á köldum klaka að ósekju. Á því virðist skilningur hjá utanríkisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## GUNNAR



## MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

# Reiðhjólaraunir

Ég hef átt reiðhjól meirihluta ævinnar. Eins og flestir aðrir þá hjólaði ég mikið sem krakki en eftir að ég fékk bílpróf þá lagði ég hjólið til hliðar. Ég byrjaði svo aftur að hjóla á fullorðinsárum. Ástæðan var fyrst og fremst fjárhagsleg. Þetta var rétt fyrir síðustu aldamót. Ég bjó þá í Grafarvogi en var að vinna á Flókagötu. Ég átti þá fjóra krakka á skólaaldri. Ég var búinn að kaupa og eiga margar ömurlegar bíldruslur. Eftir því sem krökkunum fjölgaði þurfti ég stærri, og um leið, dýrari bíla. Ég hafði ekki efni á öðrum bíl eða að keyra fram og til baka milli heimilis og vinnu. Strætisvagnasamgöngur voru stopular og óhentugar. Ég ákvað því að hjóla. Í heilt ár hjólaði ég úr Húsahverfinu fimm sinnum í viku og niður í bæ og svo aftur heim á kvöldin. Þetta var líkamlega erfitt til að byrja með en svo vandist ég því. Ég fór að fara allra minna ferða á hjólinu. Ég hjólaði á fundi og í bæinn. Ég fór meira að segja og keypti í matinn og hjólaði með það heim í töskum. Ég hríðgrenntist og hef líklega sjaldan eða aldrei verið í jafn góðu líkamlegu formi. Ég sparaði peninga og stundaði heilsusamlegt líferni. Þetta var fullkomið að öllu leyti nema einu: Það var stórhættulegt að fara á reiðhjóli um Reykjavík. Það voru engir reiðhjólastígar og maður var yfirleitt tilneyddur að hjóla á umferðargötum. Ég var oft í stórhættu, sérstaklega á Miklubrautinni. Ég var hluti af umhverfi sem gerði ekki ráð fyrir fólki eins og mér. Ég lenti oft í smáóhöppum en sem betur fer bara einu alvarlegu slysi. Það var þegar ökumaður ákvað að beygja þvert í veg fyrir mig án þess að gefa stefnuljós. Ég skall á bílnum, flaug yfir hann og í götuna. Ég var með hjálm. En hann bjargaði ekki höndunum á mér eða fótunum. Dýri hjólajakkinn minn var ónýtur. Ég var hruflaður og marinn og var frá vinnu í nokkra daga. En ég gat sjálfum mér um kennt. Hvað var ég eiginlega að pæla, að vera hjólandi í Reykjavík? Af hverju gat ég ekki bara fengið mér annan bíl eins og allt venjulegt fólk?



# Meðvituð breikkun á rassgati

Eftir á að hyggja þá hefði ég líklega átt að klæðast hlífðarfatnaði eins og þeir sem keppa á torfærumótorhjólum. En á móti þá hefði þetta líklega aldrei gerst ef ég hefði búið í borg þar sem ökumenn sýna hjólreiðafólki tillitssemi og virðingu. Þetta hefði líklega ekki gerst ef bílstjórinn hefði gefið stefnuljós. En þannig er Reykjavík. Íbúunum er haldið í helgreipum einkabílsins. Þeir eru háðir honum. Það er gott mál fyrir þá sem selja bíla og bensín en kostnaður fyrir þá sem þurfa að nota bíla. Bílar eru dýrir og það er dýrt að reka þá. Þeir taka mikið pláss, menga og valda slysahættu. Að sitja mikið í bíl veldur offitu. En við erum góðu vön. Það eru engin takmörk fyrir því hvað við erum til í að keyra stuttar vegalengdir eða í fáránlegum erindagjörðum. Við keyrum í sund og líkamsrækt og skutlum krökkunum í íþróttir. Það er svo sjálfsagt og eðlilegt að keyra að við pælum ekki einu sinni í því hvað það er hættulegt. Ég velti því til dæmis oft fyrir mér hvað þurfi eiginlega að gerast svo fólk hætti að keyra og skoða símann sinn á meðan.

# Á Esjunni í 10 sentimetra hælum

Samgöngur eru eins og skór. Flestir eiga góða skó sem þeir nota dagsdaglega en svo spariskó sem þeir nota sjaldnar. Spariskórnir eru flottari en þessir venjulegu en líka dýrari. Samgöngumenning okkar hefur verið á algjörum villigötum. Hún er hagkvæm fyrir fáa en óhagkvæm fyrir flesta. Við erum eins og fólk sem vinnur í garðinum sínum á blankskóm og gengur á Esjuna í háum hælum. Þetta er svo mikið rugl að það nær engri átt. Og að halda því fram að þeir sem mótmæla þessu rugli séu óvinveittir bílum er alrangt. Það er eins og að segja að þeir sem ganga um í þægilegum götuskóm geri það vegna þess að þeir hata spariskó. En sem betur fer er þetta að breytast. Fleiri og fleiri sjá kosti þess að hjóla frekar en keyra, því það er bæði ódýrara og heilsusamlegra. Reykjavík, eins og flestar aðrar borgir, keppist við að leggja hjólreiðastíga til að mæta þessari þróun. Bíla- og bensínsalar hafa eðlilega af þessu áhyggjur. Þeir græða ekkert á reiðhjólum. Þeir eru því óþreytandi í að benda okkur á hvað þetta sé hættulegt. Þar er hjálmanotkun sívinsælt áhyggjuefni. Samt er það svo að í flestum borgum þar sem hjólreiðar eru viðurkenndur og sjálfsagður samgöngumáti sjást fáir með hjálm. Kaupmannahöfn er gott dæmi. Ég er einn af þeim sem vilja geta hjólað um borgina án þess að vera í lífshættu vegna fólks sem gefur ekki stefnuljós eða er að senda SMS á meðan það keyrir. Það þarf að breytast. Ég hjóla ekki með hjálm.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Siminn.is/spotify

NM68968

# Ísland úr NATO!

UTANRÍKISMÁL



**Ögmundur Jónasson**
alþingismaður

Í júní missti flokkur Erdogans Tyrklandsforseta meirihluta sinn á tyrkneska þinginu. Flokknum sem kennt var um tapið, Lýðræðisfylkingunni, HDP, hefur verið líkt við Syriza í Grikklandi enda bandalag skyldra hópa á vinstri vængnum. Kúrdar eru þarna fyrirferðarmestir. Því er litið svo á að sigur HDP hafi verið sigur Kúrda.

Þannig lítur Erdogan forseti líka á málið. Eftir kosningarnar töldu ýmsir fréttaskýrendur að hann myndi fljótlega boða til nýrra þingkosninga og freista þess að koma fylgi HDP undir 10% sem er það hlutfall sem flokkar þurfa í kosningum til að fá fulltrúa á þing. Í kosningunum hafði flokkurinn, flestum að óvörum, fengið yfir 13% fylgi.

Enn hefur ekki verið boðað til kosninga. Hins vegar hefur tyrkneski herinn hafið árásir á stöðvar Kúrda innan landamæra Tyrklands sem utan. Allt með blessun frá NATO sem efndi til fundar með öllum aðildarríkjum sínum, að ósk Tyrkja, til að fá stuðning í baráttunni „gegn hryðjuverkum“.

Þar er vísað í atburðarás sem hófst 20. júlí með mannskæðri sprengjuárás ISIS-samtakanna í Suruc í austurhluta Tyrklands. Suruc er skammt norður af sýrlensku borginni Kobani, sem við þekkjum orðið vel af fréttum eftir að Kúrdum tókst að hnekkja þar yfirráðum ISIS. Sprengjutilræði ISIS var beint að kúrdískum ungliðasamtökum sem unnu að undirbúningi uppbyggingar í Kobani. Þrjátíu og tveir létust og yfir eitt hundrað særðust. Í kjölfarið myrtu kúrdískir vígamenn tvo tyrkneska lögreglumenn sem sagðir voru hafa aðstoðað ISIS við ódæðið. Lögreglumannanna tveggja hefnir nú tyrkneski herinn með loftárásum á Kúrda. Á sameiginlegu tungumáli Tyrklands og NATO heitir það að berjast gegn hryðjuverkum.

**➜ Friðarferlið sem tyrknesk yfirvöld og forysta Kúrda hafa unnið samkvæmt undanfarin tvö ár er í uppnámi.**

Öllum sem vilja vita er hins vegar kunnugt um að tyrkneska stjórnin hefur veitt ISIS beinan og óbeinan stuðning. Í seinni tíð eru ISIS sögð ógna hagsmunum NATO-ríkja og tyrkneska stjórnin því litin hornauga fyrir að sýna ekki lit í baráttu gegn þeim. En þá skal tækifærið jafnframt notað til að veikja Kúrda og grafa undan nýlegri velgengni þeirra á hinum lýðræðislega vettvangi. Stórfellt áreiti og ofsóknir alla kosningabaráttuna höfðu ekki dugað til að veikja með Kúrdum friðarviljann hvað sem nú á eftir að gerast.

Friðarferlið sem tyrknesk yfirvöld og forysta Kúrda hafa unnið samkvæmt undanfarin tvö ár er í uppnámi. Grun hef ég um að til þess sé leikurinn gerður.

Eins og að framan er rakið koma viðbrögð ráðamanna í Tyrklandi ekki á óvart.

Og því miður ekki heldur viðbrögð NATO.

Tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um úrsögn Íslands úr NATO bíður afgreiðslu á Alþingi. Enn höfum við verið minnt á hve brýn sú tillaga er.

# Ekki meira rugl!

SAMFÉLAG



**Gunnar Axel Axelsson**
bæjarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði

Forsenda virks fulltrúalýðræðis er traust. Að fólk treysti fulltrúum sínum til að standa vörð um almannahagsmuni, að það geti treyst því að kjörnir fulltrúar geri það sem þeir segjast ætla að gera. Að þeir starfi í skjóli þess umboðs sem þeir sækja sér í kosningum, á þeim forsendum sem þeir sækja sér það umboð. Það traust er ekki til staðar á Íslandi í þeim mæli sem þarf til að hægt sé að tala um raunverulegt og vel fúnkerandi lýðræði. Þegar allt að helmingur atkvæðisbærra einstaklinga sér ekki tilgang í að mæta á kjörstað er ekki lengur hægt að tala um að þjóðin sé sameiginlega við stýrið á þjóðarskútunni. Þá er augljóslega eitthvað að.

## Ákall um lýðræði sem virkar

Það er freistandi að segja að þetta snúist í grunninn um tiltekin mál eða málefni og að þolinmæði kjósenda gagnvart gömlu stjórnmálaflokkunum sé á þrotum vegna þess að þeim hafi ekki tekist að leiða þau til lykta. Þar koma óhjákvæmilega upp í hugann mál eins og framhald viðræðna um aðild að Evrópusambandinu og ráðstöfun náttúruauðlinda í sameiginlegri eigu þjóðarinnar. Í báðum tilvikum virðast almannahagsmunir og vilji mikils meirihluta þjóðarinnar vera nokkuð augljós en samt fara stjórnmálin í þveröfuga átt, án þess að almenningur hafi nokkur haldbær verkfæri til að grípa þar inn í. Hver sem ástæðan kann að vera, hvort sem þar ráða lítt sýnilegir sérhagsmunir eða að íslenskir stjórnmálamenn telji sig einfaldlega betur til þess fallna en þjóðina að taka ákvarðanir, er það fyrst og fremst lýðræðið sem fer halloka.

Þessi tvö fyrrnefndu mál hafa eflaust haft töluverð áhrif á afstöðu almennings til íslenskra stjórnmála að undanförnu en í reynd held ég að staðan endurspegli langvarandi og uppsafnaða óánægju íslenskra kjósenda sem sífellt virðast þurfa að gera sér það að góðu að kjósa fólk á fjögurra ára fresti án þess að hafa nokkra einustu tryggingu fyrir því að það geri það sem það segist ætla að gera.

Líklegasta skýringin á hratt dvínandi kosningaþátttöku, stórauknu fylgi Pírata og hratt minnkandi fylgi hefðbundnu stjórnmálaflokkanna held ég að liggi sömuleiðis þar. Fólk er bara komið með nóg af margra ára og áratuga rugli í íslenskri pólitík og vill völdin í sínar hendur. Það vill lýðræði sem virkar!

## Uppstokkun nauðsynleg

Reynslan á að hafa kennt okkur að kjósendur þurfa að hafa einhver úrræði til að veita stjórnmálamönnum aðhald, öðruvísi en aðeins með kosningum á fjögurra ára fresti. M.ö.o. kerfið er brotið og það þarf að laga það. Spurningin er bara hvernig er best að gera það. Felst einhver lausn í því að stjórnmálaflokkarnir leggi sig niður og stofnaðir séu nýir eða nöfnum þeirra gömlu verði breytt? Eða er nóg að skipta um forystufólk í flokkunum? Líklega ekki.

Það þarf að stokka upp í íslenskum stjórnmálum. Það þýðir ekki endilega að allt það fólk sem hefur starfað á vettvangi stjórnmála sé ómögulegt og það þurfi að víkja heldur þarf að endurnýja kerfið sem því er gert að starfa innan. Þeir sem

**➜ Þeir stjórnmálaflokkar sem vilja eiga sér framtíð þurfa að taka stöðu með lýðræðinu og bindast samtökum um að setja í forgang samþykkt nýrrar stjórnarskrár fyrir Ísland.**

ekki vilja starfa innan nýs kerfis, þar sem almannahagsmunir eru hið raunverulega leiðarljós og virðing fyrir uppsprettu hins lýðræðislega valds er í hávegum höfð, hljóta aftur á móti að finna sér einhvern annan og meira viðeigandi starfsvettvang.

## Ný stjórnarskrá = nýr samfélagssáttmáli

Við þurfum samfélagssáttmála um breytingar. Hann þarf að vera hvort tveggja í senn táknrænn og áþreifanlegur. Þeir stjórnmálaflokkar sem vilja eiga sér framtíð þurfa að taka stöðu með lýðræðinu og bindast samtökum um að setja í forgang samþykkt nýrrar stjórnarskrár fyrir Ísland. Það er hin formlega leið lýðræðisumbóta og sú sem afgerandi meirihluti þjóðarinnar hefur nú þegar lýst vilja til að fara.

Í ljósi stöðunnar er eðlilegt að spyrja hvort Píratar, sem njóta mikils og vaxandi trausts á meðal almennings, geti ekki gegnt lykilhlutverki í því verkefni og tekið virkan þátt í að leiða saman og mynda grundvöll fyrir samvinnu allra viljugra lýðræðisafla í landinu, innan Alþingis sem utan?

Stjórnmálaflokkar og stjórnmálafólk sem vill endurheimta traust almennings og vinna að nauðsynlegum lýðræðisumbótum þarf líka að segja það upphátt og lýsa sig reiðubúið til að taka þátt í verkefninu og setja það í algjöran forgang.

# Atvinna fyrir alla er mannréttindamál

ATVINNA



**Guðjón Sigurðsson**
formaður MND félagsins

Það var fyrir nokkru síðan að ég hóf störf hjá Hitaveitu Reykjavíkur og í upphafi þáði ég eins og aðrir lágmarkstaxta. Félagi minn, með sömu menntun og sömu fjölskyldustærð, sótti um félagslega aðstoð hjá Reykjavíkurborg, sem átti Hitaveituna. Hans lágmarksframfærsla var metin hærri hjá borginni en borgin borgaði mér í laun. Ég þurfti að vinna frá 8.00 að morgni til 16.00 síðdegis fimm daga vikunnar. Hann mætti til félagsmálayfirvalda einu sinni í viku og bar sig aumlega, mögulega tveir tímar á viku. Hann taldi mig ruglaðan að láta fara svona með mig á meðan hann fékk sínar bætur og gat unnið svart á meðan.

Kannski er maður ruglaður og eiginlega alveg örugglega, en að vinna er ekki bara til að ná aurum til að eiga fyrir mat. Það er félagsskapurinn, að finnast maður vera einhvers virði, leggja til samfélagsins en ekki bara að þiggja. Leyfum öllum að leggja sitt af mörkum.

Ég fullyrði að langflestir á bótum vilja frekar vinna en þiggja bætur, ef það væri hægt. Það er nefnilega ekki einfalt mál að fá hlutastarf eða starf við hæfi. Við vinnum gegn þeim sem vilja vinna. Fyrst og fremst með krónu á móti krónu í skerðingar bóta.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, sagði við móttöku viðurkenningar fyrir jafnrétti kynja: „Það þarf að ástunda jafnrétti til að ná því.“ Vonandi fara fyrirtæki að ástunda aðgengi allra að vinnu. Við sem erum með skerta starfsorku eða fötlun af einhverjum

**➜ Ég fullyrði að langflestir á bótum vilja frekar vinna en þiggja bætur, ef það væri hægt. Það er nefnilega ekki einfalt mál að fá hlutastarf eða starf við hæfi. Við vinnum gegn þeim sem vilja vinna.**

ástæðum óttumst ekki kröfur um hæfi til starfans. Við fáum bara ekki tækifæri til að vinna hálft eða þriðjungsstarf eins og starfsgeta okkar leyfir. Ég skora á alla atvinnurekendur að gefa fólki tækifæri þegar starf losnar. Auglýsum stöður, gerum kröfur um þekkingu og færni en hvetjum alla til að sækja um. Það má vel skipta mörgum störfum í hlutastörf. Þá kemur fólk inn, leggur sig 100% fram í þann tíma sem það er á staðnum. Flottur starfskraftur.

Einnig er fáránlegt að fólk sem er á bótum megi ekki vinna hlutastörf án þess að bætur skerðist að fullu. Það kostar að mæta í vinnu. Ferðir, auk tíma í og úr vinnu. Leyfum þeim sem eru á bótum að halda þeim í einhvern tíma, t.d. sex mánuði á meðan þeir venjast á vinnumarkað aftur. Á meðan borgar fólk skatta og skyldur. Fær örlítið meira en annars til að lifa og þar með græða allir. Þátttaka í lífinu er besta iðju- og sálfræðimeðferðin. Það auðvitað kallar á að fólk í öllum bótaflokkum hafi það sem flokkast undir lágmarksframfærslu.

Að borga einhverjum fyrir að gera ekkert er ekki góð meðferð að mínu mati.

# Skáli við Lækjargötu: Hugum að heildarmyndinni

FORNLEIFAR



**Orri Vésteinsson**
prófessor í fornleifafræði

Fundur skála frá víkingaöld við Lækjargötu í Reykjavík hefur vakið eftirtekt og umræður, meðal annars um hvort ástæða sé til að varðveita minjarnar en til stendur að byggja hótel á lóðinni. Í þessu efni eru ýmis álitamál sem brýnt er að umræða fari fram um áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar um afdrif minjanna og nýtingu lóðarinnar.




Fornleifar eru verðmæti sem njóta friðhelgi samkvæmt lögum. Lögin bjóða upp á þá málamiðlun að það megi leyfa framkvæmdaaðilum að láta fjarlægja fornleifar enda kosti þeir fullnaðarrannsókn á þeim fyrst. Þótt athafnaskáld kveinki sér stundum yfir þessu og leggi jafnvel til að almenningur borgi brúsann þá ríkir í aðalatriðum góð sátt um það eðlilega sjónarmið að sá sem vill fjarlægja fornleifar beri af því kostnaðinn. Fornleifarnar við Lækjargötu hafa legið þar óáreittar í þúsund ár og ábyrgð þeirra er mikil sem vilja fjarlægja þær.

Það hefur því verið ánægjulegt að heyra þá sem þar vilja byggja tala í fjölmiðlum um möguleika á að nýta fornleifarnar með einhverjum hætti. Viðhorf eru að breytast og það færist í vöxt að litið sé á fornleifar sem tækifæri fremur en hindrun. Það er vel. Sá veikleiki er hins vegar í kerfi okkar að ábyrgð framkvæmdaaðila nær í reynd ekki út fyrir svæðið sem framkvæmdir þeirra takmarkast við. Fornleifar geta náð yfir fleiri en eina lóð og þegar þannig háttar til hefur viljað brenna við að byggingahlutar sem koma í ljós við framkvæmdir á einni lóð séu rannsakaðir og fjarlægðir án þess að hinir hlutarnir hafi verið kannaðir. Þannig geta bútar og brot horfið smátt og smátt án þess að hægt sé að gera sér grein fyrir heildarmyndinni fyrr en þeir eru allir horfnir.

Það var ótrúlegt happ að skálinn við Aðalstræti skyldi rúmast allur innan framkvæmdasvæðisins þar og sú tilviljun olli því að gildi hans varð augljóst og óumdeilanlegt. Svo heppilegar eru aðstæður ekki við Lækjargötu. Þar hefur komið í ljós meirihluti skála með stærsta langeldi sem fundist hefur á Íslandi. Umtalsverður hluti þessa húss er utan við lóðina sem hótelið á að rísa á og gæti náð norður undir gangstétt og götu við Skólabrú. Um ástand leifanna á þessu svæði er ekkert vitað en þar liggur svarið við því hvort skálinn sé ef til vill einn sá lengsti sem fundist hefur á Íslandi. Það er vel mögulegt og ábyrgðarhluti að ákveða um varðveislu eða förgun án þess að afla þeirrar þekkingar.

Minjavarsla í þéttbýli er þeim annmörkum háð að fornleifarnar virða ekki endilega lóðamörk og alltof oft hefur því verið sæst á að fornleifar séu fjarlægðar í brotum. Ef maður sér ekki heildina virðast brotin ekki svo mikilsverð og þá er auðvelt að ákveða að henda þeim. Við Lækjargötu hafa komið í ljós óvenjulegar og merkilegar fornleifar. Ýmsir möguleikar eru á að gera þeim skil – varðveisla að hluta eða í heild eru bara tveir þeirra – en til þess að taka upplýsta ákvörðun um hvernig best verði á því haldið þarf fyrst að kanna framhald skálans norðan við lóðarmörkin.




Þó Peugeot 308SW hafi hlotið fjölda verðlauna eins Bíll ársins á Íslandi 2015 og Car of the Year 2014, þá er meira sem telur og sker Peugeot 308SW frá samkeppninni. Ómótstæðilegir akstursеiginleikar, vélar sem valdar hafa verið Vélar ársins** 9 ár í röð, eldsneytiseyðsla frá 3,2L/100km og $CO_2$ útblástur frá 85g/km eru eiginleikar sem einfaldlega erfitt er að keppa við. **Svo er hann fáanlegur með 5 ára ábyrgð. Komdu og prófaðu Peugeot 308SW, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

## Skemmtir á Gay Pride

**Bryndís Ásmundsdóttir leikkona**

Ég verð að syngja í Gay Pride-göngunni á Kiki-bílnum og verð að sjálfsögðu í fullum skrúða. Eftir það fer ég beinustu leið í flug til Dalvíkur og spila á Fiskidögum og kem heim í fyrramálið. Yfir daginn verð ég með þátt á Bylgjunni og spila svo á tónleikum á Kiki klukkan níu um kvöldið og þar eru allir velkomnir.





## Eignar sér kveðjupartí

**Ída Pálsdóttir, fyrirsæta og bloggari**

Gay Pride að sjálfsögðu og svo ætla ég að kíkja í kveðjupartí. Ég er líka flytja erlendis þannig að ég segi bara öllum að þetta sé líka kveðjupartíið mitt.



## Sem mest heima við

**Sverrir Bergmann söngvari**

Planið er að gera ekki neitt eftir strembna seinustu helgi. Ég kíki kannski á Gleðigönguna, annars ætla ég að vera sem mest heima við.



## Fagnar og tekur áhættu

**Atli Már Steinarsson, útvarpsmaður**

Ég ætla að fagna samkynhneigð, fagna ástinni með sem flestum um helgina og líka því að enska deildin er að byrja.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU…



**FARÐU** og njóttu Gleðigöngunnar klukkan 14 í miðbæ Reykjavíkur í dag!



**LESTU** bókina Brokeback Mountain eftir Annie Proulx, sem síðar var gerð að kvikmynd.



**HLUSTAÐU** á tónlistargoðsögnina Freddie Mercury.



**HORFÐU** á hina geysivinsælu þætti Orange is the New Black.

# Lét eftir sig litrík verk

Þormóður Karlsson (1958-2000) lét eftir sig verk sem máluð eru sterkum dráttum þegar hann kvaddi þennan heim árið 2000. Yfirlitssýning á þeim hefur verið opnuð í Listasafni ASÍ við Freyjugötu.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is



**LISTAMENN AÐ STÖRFUM** Rúrí og Karl eru sammála um að Þormóður hafi verið blíður í eðli sínu en eftir árásina hafi það verið þrengri hópur en áður sem naut þess eiginleika hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þormóður var nýútskrifaður sem listamaður þegar hann varð fyrir mjög alvarlegri líkamsárás í New York árið 1988. Sú árás var gerð beinlínis af því hann var hommi. Hann var í kóma í upp undir ár en vaknaði þá til meðvitundar þótt hann yrði aldrei samur maður og málaði ekki meira,“ segir myndlistarmaðurinn Rúrí sem ásamt kollega sínum, Karli Ómarssyni, er að leggja síðustu hönd á frágang yfirlitssýningar Þormóðs Karlssonar í Listasafni ASÍ þegar Fréttablaðsfólk ber að. Karl er náfrændi Þormóðs og stendur að sýningunni, ásamt fleiri nánum ættingjum. Rúrí kveðst bara vera handlangari.

Karl heldur áfram að miðla sögu frænda síns. „Þormóður flutti frá Íslandi upp úr 1980 af því hann var samkynhneigður og leið ekki vel hér og líka til að læra myndlist. Hann fór til Kaupmannahafnar og tveimur árum síðar til San Francisco í nám. Þar leið honum vel og var ánægður með skólann. Á útskriftarsýningunni seldi hann verk til safnara í Bandaríkjunum og fór til New York til að afhenda þau. Þar varð hann fyrir ódæðisverkinu. Haft var eftir lögreglunni að markmið ofbeldismannsins hefði verið að drepa næsta homma sem kæmi út af vissu veitingahúsi og af tilviljun var það Þormóður.“

Rúrí tekur við aftur. „Saga Þormóðs er saga listamanns og líka saga manns sem á í þeirri sterku persónulegu baráttu sem það var að uppgötva sig samkynhneigðan meðan samfélagið hér á landi var ekki reiðubúið fyrir það. En hann var lengi að vinna að myndlist og þegar hann lauk námi var hann orðinn þroskaður listamaður. Það sést á myndum hans, sérstaklega verkunum frá 1986 til 1988.“

Karl á lokaorðin. „Þormóður hafði mikið vit á myndlist og skipulagði sýningar á 22 þótt hann hætti að mála sjálfur. Var að hjálpa öðrum myndlistarmönnum að sýna í fyrsta sinn. En hann átti erfitt líf síðustu árin. Systir hans sagði í minningarathöfn sem haldin var á 22 því þar sat hann oft eftir árásina: „Hann var myrtur í New York en það tók hann tíu ár að deyja. Þegar hann dó árið 2000 var fólk í raun að syrgja tvo menn. Enda var hann kaldhæðinn sjálfur og hélt upp á tvo afmælisdaga síðustu árin, fæðingardaginn og daginn sem hann kom úr kóma. Hann vissi sjálfur að hann væri ekki sami maður.“

> **Saga Þormóðs er saga listamanns og líka saga manns sem á í þeirri sterku persónulegu baráttu sem það var að uppgötva sig samkynhneigðan meðan samfélagið hér á landi var ekki reiðubúið fyrir það.**
> *Rúrí*



**30% afsláttur**
af öllum barnafötum

**Reykjavík & Akureyri**

**Allt að 30% afsláttur**
af púðum



Peysa
0-8 ára
Áður 2.690 kr
**Nú 1.883**



**15-60% afsláttur**
af rúmfötum
Verð frá 4.790 kr



Hettupeysa
2-8 ára
Áður 5.790 kr
**Nú 4.053**






**30-50% afsláttur**
af allri smávöru

# ÚTSALAN ER HAFIN

## 15-60% afsláttur

**30% afsláttur**
af öllum lökum





Sendum frítt
úr vefverslun
**lindesign.is**

**40% afsláttur**
af öllum dúnsængum



**100% dúnn**
100% bómull

**15-60% afsláttur**
af rúmfötum



**30-50% afsláttur**
af öllum barnavörum

**15-50% af**
svuntum og
eldhúsvörum





Hreindýr rúmföt
Stærð 140x200
Áður 13.490 kr
**Nú 9.443**

Lín
DESIGN

**Lín Design • Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • www.lindesign.is**



## Afþakkar blessað umburðarlyndið

Á erfiðum tímum er fátt eins hættulegt þeim sem eiga undir högg að sækja og lítilþægnin. Þá er skammt í það að menn fari að rugla saman hugtökunum umburðarlyndi og frelsi. Má ég sem hommi afþakka þetta blessaða umburðarlyndi. Svo kann að virðast sem það feli í sér nokkra viðurkenningu. En í afstöðu umburðarlyndisins er alltaf dulinn fyrirvari: Það er allt í lagi með ykkur … en … en. Þess háttar viðurkenning vísar enga leið til frelsisins og reynslan sýnir að umburðarlyndið gildir aðeins meðan við þegjum og læðumst með veggjum. Það sést best að um svikalogn er að ræða þegar við hommar og lesbíur tökum til máls og leitum sjálfsagðra mannréttinda. Þá rísa varðmenn ríkjandi ástands upp og reiða til höggs.

*Þorvaldur Kristinsson, fyrrverandi formaður Samtakanna ´78, í Þjóðviljanum 1986*



## Lína langsokkur – lessa dauðans

Fáir hommar vinna í leikhúsunum á Íslandi, sem er auðvitað alveg galið því hvað er hommalegra en að leika í leikriti?

Áhorfandinn, hvort sem hann er í leikhúsi eða á Gay Pride, á nefnilega alltaf að vera að spyrja sig: „Bíddu nú við, hvort er þetta leikrit eða eru þessir hommar þarna á sviðinu að byrja orgíu?“

Svo er Lína Langsokkur náttúrulega lessa dauðans. Það veit hvert mannsbarn.

*Tyrfingur Tyrfingsson leikskáld*



# Kominn tími á hinsegin forseta

**Baldur Þórhallsson** segir Íslendinga þekkta fyrir að ryðja brautina þegar kemur að jafnrétti. Þó vanti mikið upp á fræðslu um hinsegin málefni og sýnileika þeirra í fjölmiðlum og á þinginu okkar.



**Ólöf Skaftadóttir**
olof@365.is

*Hvar stendur hinsegin baráttan ef við berum hana saman við það sem var fyrir 20 árum?*

„Staðan er mjög góð þar sem samkynhneigðir hafa náð fullum lagalegum réttindum. Enn vantar samt mikið upp á fræðslu um hinsegin málefni í skólakerfinu og meðal fagstétta eins og heilbrigðisstarfsfólks. Það vantar einnig verulega upp á sýnileika hinsegin fólks eins og í fjölmiðlum og á þingi. Mér vitanlega er til að mynda enginn þingmaður á þessu kjörtímabili út úr skápnum og samkynhneigðir fulltrúar í sveitarstjórnum ekki sýnilegir. Íslendingar eru þekktir fyrir að ryðja brautina þegar kemur að jafnréttismálum og því orðið tímabært að kjósa forseta sem er hinsegin.“

Baldur segir lagalega og félagslega stöðu hinsegin fólks svipaða hér og í flestum nágrannaríkjum okkar – austan hafs og vestan. „Hinsegin fólk á hins vegar mjög erfitt uppdráttar í mörgum löndum Mið- og Austur-Evrópu og annars staðar í heiminum. Það er til að mynda átakanlegt hvernig staða hinsegin fólks hefur farið versnandi í Rússlandi, hvernig það er ofsótt af stjórnvöldum í mörgum Afríkuríkjum og drepið af vígamönnum Íslamska ríkisins í Írak og Sýrlandi.“ Hann segir íslensk stjórnvöld hafa forgangsraðað í vinnu að jafnréttismálum á alþjóðavettvangi og að barátta gegn mismunun í garð hinsegin fólks falli undir það.

„Ísland hefur til dæmis stutt ályktanir og breytingar á ályktunum í þágu réttinda hinsegin fólks í mannréttindaráði og á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur einnig talað fyrir réttindum hinsegin fólks í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Það væri Íslandi til framdráttar ef stjórnvöld í samstarfi við Samtökin ’78 hefðu í auknum mæli frumkvæði að því að vinna að réttindum hinsegin fólks á alþjóðavettvangi.“

En hver eru helstu baráttumálin um þessar mundir?

„Tvennt skiptir að minnsta kosti miklu máli hér landi,“ útskýrir Baldur. „Í fyrsta lagi er mikilvægt að efla enn frekar fræðslu um málefni hinsegin fólks í grunn- og framhaldsskólum landsins. Það væri gott að sjá ríkisvaldið með menntamálaráðuneytið í broddi fylkingar vinna að fræðslu í skólum alls staðar á landinu. Þessu þarf jafnframt að fylgja að tekið sé á aðdróttunum og einelti í garð nemenda sem eru hinsegin. Í öðru lagi er mikilvægt að efla fræðslustarf innan íþróttahreyfingarinnar en hinsegin strákar virðast eiga erfitt með að koma út úr skápnum og nokkuð er enn um neikvæða umræðu um samkynhneigða á meðal þeirra sem stunda íþróttir.“



**Mér vitanlega er enginn þingmaður á þessu kjörtímabili út úr skápnum og samkynhneigðir fulltrúar í sveitarstjórnum ekki sýnilegir.**

*Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.*

# Ekki nóg að fagna eigin ágæti

**Sigríður Jónsdóttir** segir ósýnileika hinsegin fólks mega finna víða. Hún segir einstaklinga ekki þurfa að vera samkynhneigða til að finna fyrir samfélagslegri pressu, nóg sé að vera kona.

Sigríður segir að þrátt fyrir að baráttа samkynhneigðra á Íslandi hafi tekið stórt stökk á síðustu árum sé enn fjölmargt sem þurfi að skoða. „Hinsegin fræðsla á yngri skólastigum, réttindi hinsegin flóttafólks sem kemur til landsins og bann við blóðgjöf homma.“ Sigríður segir að af nægu sé að taka á alþjóðavettvangi. „Ég tel að íslenska ríkið þurfi að taka enn þá sterkari og pólitískari afstöðu á þeim vettvangi. Það er ekki nægilegt eða ásættanlegt að fagna einungis okkar eigin ágæti heldur verðum við horfa út í heim og berjast fyrir réttindum þeirra sem eru ofsóttir og jafnvel myrtir vegna kynhneigðar sinnar.“

Hún segir vanta upp á sýnileika hinsegin fólks. „Ósýnileikann má finna víða, í hinum ýmsu skúmaskotum. Lítið en áberandi dæmi má sjá í leikhúsum landsins en sviðsverk, þá sérstaklega leikrit, eftir samkynhneigða einstaklinga sjást alltof sjaldan á íslenskum leiksviðum. Hvað þá verk sem fjalla um tilveru hinsegin einstaklinga. Þessu verður að breyta hið fyrsta.“

Hún segir úr mörgu að velja þegar talið berst að því sem stendur upp úr í baráttu samkynhneigðra undanfarin ár. „En ákvörðun íslenska ríkisins að taka við hinsegin flóttafólki með hjálp Rauða krossins og Sameinuðu þjóðanna var gríðarlega mikilvæg. Flóttafólk um allan heim lifir við skelfilegar aðstæður en oftar en ekki er hinsegin flóttafólk enn þá lengra á jaðrinum þar sem því er bæði útskúfað úr sínum eigin samfélögum og stendur síðan frammi fyrir því að þurfa að sanna samkynhneigð sína fyrir skrifstofublókum í komulandinu.“



**Fjölbreytni byggist á því að einstaklingar fái að vera eins og þeir eru, hvort sem um er að ræða kynhneigð, barneignir eða hjúskap.**

*Sigríður Jónsdóttir, MA-nemi í mannfræði og leikhúsgagnrýnandi.*

*En býr hinsegin fólk á Íslandi við pressu um að falla inn í svokallað heteró-norm? Það er að segja hefðbundið fjölskyldumynstur?*

„Íslendingar eru í eðli sínu afturhaldssamir og einstaklingar þurfa ekki að vera samkynhneigðir til að finna fyrir samfélagslegri pressu, það er alveg meira en nóg að vera kona. Réttindi samkynhneigðra til að gifta sig er gríðarlega mikilvægur áfangi. Ég var í New York daginn sem hæstiréttur Bandaríkjanna kvað upp dóminn til stuðnings giftingarrétti hinsegin fólks á landsvísu og gleðin í borginni var ógleymanleg. En ekki má gleyma að fjölbreytni byggist á því að einstaklingar fái að vera nákvæmlega eins og þeir eru, hvort sem um er að ræða kynhneigð, barneignir eða hjúskap fólks.“ ▶




# NÝ UPPLIFUN Í HLJÓÐI OG MYND

ORMSSON HEFUR OPNAÐ NÝJA OG GLÆSILEGA **BANG & OLUFSEN** VERSLUN Í LÁGMÚLA 8.

**ORMSSON**

Lágmúli 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

# INTERSEX

## HVAÐ ER INTERSEX?

**Að einhverju leyti frábrugðin því sem almennt er talið skilgreina kvenkyn eða karlkyn.**

Um er að ræða líkamleg frávik á kynfærum, frávik frá öðrum líkamlegum kyneinkennum, frávik í hormónaframleiðslu og/eða litningafrávik.

**4 AÐGERÐIR** hafa verið framkvæmdar til kynleiðréttingar á intersex börnum síðustu tíu ár.

**2-3 INTERSEX BÖRN** fæðast á ári á Íslandi.

# TRANS

## HVAÐ ER TRANS?

**Transgender er regnhlífarhugtak** Það nær yfir marga hópa sem eiga það sameiginlegt að þeirra kynvitund, kyntjáning eða upplifun er á skjön við það kyn sem þeim var úthlutað við fæðingu. Ekki fer allt trans fólk í kynleiðréttingarferli. Trans fólk sem gerir það fer mismunandi leiðir og undirgengst ekki endilega kynfæraaðgerð þrátt fyrir að það fari í hormónameðferð.

**Rétt orðanotkun mikilvæg** Eitt af því mikilvægasta er rétt orðanotkun, en talað er um trans fólk, trans konur, trans karla og kynleiðréttingu. Trans konur eru einstaklingar sem var úthlutað karlkyn við fæðingu en leiðrétta í kvenkyn og trans karlar einstaklingar sem fengu kvenkyn úthlutað við fæðingu en leiðrétta í karlkyn.

**Notum rétt kyn og fornöfn** Það er mikilvægt að tala um transfólk í réttu kyni og nota þau fornöfn sem þau nota. Sumt trans fólk kýs að nota kynlaus fornöfn á borð við „hán“. Ef það er óljóst hvaða fornafn skal nota, endilega spurðu viðkomandi.

# KYN ER SKALI



## Riga-yfirlýsingin

**Evrópsk intersex samtök komu saman á fundi í Riga í Lettlandi í fyrra og settu sér þar fjögur markmið. Meðal þeirra sem komu að yfirlýsingunni er Intersex Ísland.**

Fram að þessu hafa intersex einstaklingar um gervalla Evrópu sætt ómannúðlegum og niðurlægjandi skurðlækningum, hormónameðferðum og öðrum meðferðum án upplýsts samþykkis. Þetta er framkvæmt samkvæmt geðþóttaákvörðunum lækna án nokkurs konar lagaramma. Þessar breytingar á kyneinkennum einstaklinga virða að vettugi þá staðreynd að kyn er skali eða samfella. Leiðir þetta af sér gróf mannréttindabrot, tekur sjálfræði af einstaklingum til yfirráða yfir eigin líkama og vegur að mannlegri reisn.



KITTY ANDERSON ER FORMAÐUR INTERSEX ÍSLANDS

**1** Að setja spurningarmerki við þá skilgreiningu að kyn sé eingöngu karl- og kvenkyn og efla þá vitneskju að kyn eins og kyngervi sé skali eða samfella.

**2** Að tryggja að intersex einstaklingar hljóti fulla vernd gegn nokkurs konar mismunun. Til að fylgja þessu markmiði eftir leggjum við til að tekin verði upp löggjöf gegn mismunun á grundvelli kyneinkenna, án tillits til ákveðinnar birtingarmyndar eða samsetningar af þessum einkennum. Kyneinkenni ná yfir litninga, kynkirtla og líffærafræðileg sérkenni manneskju. Kyneinkenni svo sem æxlunarfæri, uppbyggingu kynfæra, litninga og hormónastarfsemi, og aukakyneinkenni svo sem, en ekki einvörðungu, vöðvauppbyggingu, dreifingu hárs, brjóstavöxt og/eða hæð.

**3** Að tryggja að allir hagsmunaaðilar sem hafa ákveðnu hlutverki að gæta í velferð intersex einstaklinga, þar með talið starfsfólk heilbrigðisgeirans, foreldrar og fagfólk innan menntakerfisins ásamt samfélaginu í heild, fái mannréttindamiðaða fræðslu um intersex málefni.

**4** Að vinna að því að gera læknisfræðilega og sálfræðilega meðferð ólögmæta nema að upplýst samþykki einstaklingsins liggi fyrir. Starfsfólk heilbrigðisgeirans og annað fagfólk skal ekki framkvæma neina meðferð til að breyta kyneinkennum sem getur beðið þar til einstaklingurinn er fær um að veita upplýst samþykki.

# Ferlið er ekki byrjun eða endir neins

**Steina Dögg** vill afsjúkdómavæða trans hugtakið. Hún segir trans teymið á Landspítalanum setja kröfur sem trans samfélaginu hugnast ekki.

„Það helsta sem við erum að berjast fyrir þessa dagana er að uppfæra lög um trans málefni og afsjúkdómavæða trans hugtakið. Mér hefur borist til eyrna og þekki það af eigin reynslu að trans teymið á Landspítalanum setur ákveðnar kröfur á trans fólk sem okkur í trans samfélaginu hugnast ekki. Þess er krafist af trans fólki að það lifi í ár í sínu rétta kyni áður en hormónameðferðin hefst. Þarna kristallast tvíhyggjukerfið – ef þú passar ekki inn í akkúrat karl- eða konukassa þá áttu einhvern veginn hvergi heima. Ég fékk til dæmis mjög skrýtnar viðtökur því ég mætti ekki í kjól í tíma hjá þeim. Þetta er eitthvað sem við erum að vinna í að bæta,“ segir Steina Dögg Vigfúsdóttir, trans kona og gjaldkeri Samtakanna '78 og Trans Ísland.

Hún segir nálgun trans teymisins verða til þess að fólk segi bara það sem það veit að teymið vill heyra, til þess að fá áframhaldandi meðferð. „Hér er um að ræða eins konar hliðvörslu sem mér finnst ekki heilbrigð nálgun. Fólk sem mætir á geðdeild og pantar sér tíma varðandi trans málefna er búið að rogast um með þessa tilfinningu svo árum skiptir og ætti ekki að þurfa að standast próf til þess að sanna kynvitund sína fyrir annarri manneskju. Þetta próf missir líka dálítið marks þegar maður er gamla kynið í öllum skjölum. Hvernig á maður að upplifa sig í sínu rétta kyni þegar það er ekki samþykkt?“

Hún segir mannanafnanefnd flækja málin. „Þessi nefnd gerir körlum ekki kleift að heita kvenkyns nöfnum.“

Hún segist vilja minnka tvíhyggjuna og auka frelsið, stíla inn á fjölbreytileikann innan trans regnhlífarhugtaksins. „Bið eftir hormónum þarf að útrýma.“

Steina Dögg segist í sínu ferli hafa mikið þurft að tala um kynhneigð sína. „Mér finnst kynhneigð mín málinu algjörlega óviðkomandi. Ég er oft spurð hvort ég hafi lokið ferlinu. Ferlið er ekki byrjun eða endir neins. Þá finnst mér verið að smætta breytinguna niður í kynfæri sem er ekki málið. Kynvitund hefur lítið með kynfæri einu sinni að gera.“

Steina segir þó margt hafa áunnist í baráttunni. „Það er ágætt að vera trans á Íslandi miðað við marga aðra staði, en það er mikil vanþekking. Talsmátinn, orðaval sem getur sært. Fólk bara veit ekki betur. Það er góð regla, að ef maður er ekki viss þá má spyrja um fornöfn. Það er hið eðlilegasta mál.“



> **Þá finnst mér verið að smætta breytinguna niður í kynfæri sem er ekki málið. Kynvitund hefur lítið með kynfæri einu sinni að gera.**
>
> *Steina Dögg Vigfúsdóttir, gjaldkeri samtakanna 78.*

# AF HVERJU SÆTA INTERSEX EINSTAKLINGAR LÆKNAINNGRIPUM?

### Aðgerðir á kynfærum

Læknainngrip miða alla jafna að því að láta intersex líkama aðlagast hefðbundnum hugmyndum um karl- og kvenlíkama. Núverandi inngrip lækna byggjast á hugmyndum um að snemmbærar aðgerðir á kynfærum ungra barna komi til með að „draga úr áhyggjum foreldra“ og „draga úr fordómum og tryggja samsömun við rétt kyn“. Skurðaðgerðirnar leggja í eðli sínu meiri áherslu á útlit en ekki nærni og kynheilbrigði.

### Aðgerðir á kynfærum

Lýtaaðgerðir á kynfærum barna eru einnig vafasamar þar sem börn geta ekki veitt upplýst samþykki.

### Mikill félagslegur þrýstingur

Unglingar og jafnvel fullorðnir hafa einnig sagt frá þrýstingi sem þeir hafa orðið fyrir af hendi lækna og fjölskyldumeðlima til að falla að félagslegum normum.

### Of skelfilegur veruleiki

Sumir læknar eru enn þá þeirrar skoðunar að það sé of skelfilegur hlutur að upplýsa einstaklinga um að líkami þeirra búi yfir intersex breytileika.

### Andlegir erfiðleikar

Mjög margir intersex einstaklingar líða fyrir þær líkamlegu og sálfræðilegu afleiðingar sem slíkar aðgerðir geta haft í för með sér ásamt því að finna fyrir skömm og afleiðingum leyndarinnar.

### Þröngsýnin ræður

Í grunninn eru það hómófóbía, þröngsýni og gömul hjátrú sem renna stoðum undir ranga meðhöndlun á intersex einstaklingum í dag.

*Fengið af vef Intersex Ísland



# Kynhneigð er bara persónueinkenni

**Óttar Guðmundsson** segir transfólk mæta undrun og vankunnáttu út í samfélaginu. Hann segir það ekki breytast í einni sjónhendingu.

Aðspurður segist hann halda að almennt mæti hinsegin fólk velvild og kurteisi í heilbrigðiskerfinu eins og aðrir. „Það er allavega ákaflega erfitt að alhæfa um jafn teygjanlegt hugtak og fordómar eru. En hver og einn sem leitar að fordómum getur fundið þá. Ég held að allir sem telja sig tilheyra einhverjum minnihlutahópi geti gert það. Hinsegin einstaklingur sem nálgast heilbrigðiskerfið með því hugarfari að hann eða hún eigi eftir að verða fyrir fordómum, mun að sjálfsögðu finna þá í einhverri mynd.“

Hann segir trans fólk fyrst og fremst mæta undrun og vankunnáttu úti í samfélaginu. „Fólk almennt veit lítið um kynáttunarvanda og kynleiðréttingar. Þetta lýsir sér í forvitni og óþægilegum athugasemdum. Mér finnst þó langflestir leggja sig alla fram til að mæta þessum einstaklingum af kurteisi og skilningi þar sem þeir eru. En fólk verður líka að skilja að einstaklingur sem gengið hefur undir sínu nafni og persónufornöfnum eigin bíólógíska kyns í 20-40 ár getur ekki ætlast til að öllum takist í einni sjónhendingu að breyta þeirri sýn sem þeir hafa á viðkomandi,“ útskýrir Óttar og segir sína reynsla af sínum skjólstæðingum vera að langflestir hafi jákvæða sögu að segja af viðbrögðum nánustu ættingja og vina. „Allir virðast leggja sig fram um að nota nýja nafnið og segja hann eða hún eftir því sem við á hverju sinni.“

*Sumar greinar og rannsóknir benda til þess að hinsegin hópar séu líklegri til að þróa með sér fíknivanda en aðrir hópar. Þá hefur stundum verið sagt að þessi hópur sé almennt kvíðnari og gjarnari á að þróa með sér þunglyndi. Er eitthvað til í þessu?*

„Hinsegin einstaklingur er með nákvæmlega sömu vandamál og aðrir; mestu skiptir að nálgast þau á forsendum viðkomandi en láta ekki stýrast af einhverjum fyrir fram mótuðum kennisetningum um sérstöðu minnihlutahópa. Það er ákaflega auðvelt að falla í þá gildru að hinsegin fólk drekki meira en aðrir og sé óhamingjusamara en aðrir vegna þess að það sé hinsegin. Svo er alls ekki. Allir eiga sína sögu, sína fortíð, sín vandamál hvort heldur þeir eru hómó, heteró, bí eða trans, sem þarf að ræða um og skilgreina. Kynhneigð er einungis eitt af fjölmörgum persónueinkennum einstaklingsins.“



> **Allir eiga sína sögu, sína fortíð, sín vandamál hvort heldur þeir eru hómó, heteró, bí eða trans.**
>
> *Óttar Guðmundsson, geðlæknir og í trans teymi Landspítalans.*




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 115 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# Er kynjakvóti í kvikmyndagerð svarið?



Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Ummæli Baltasars Kormáks í Föstudagsviðtali Fréttablaðsins 24. júní, þar sem hann sagðist fylgjandi kynjakvóta á úthlutanir úr Kvikmyndasjóði, vöktu athygli. Hann lagði til að framlög til sjóðsins yrðu aukin, potturinn stækkaður og að allt sem umfram væri færi til kvenna í kvikmyndagerð. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði rökin sannfærandi, hann væri tilbúinn til þess að skoða það að setja á tímabundinn kvóta. Fréttablaðið tók nokkrar kvikmyndagerðarkonur tali og spurði um álit þeirra á kynjakvóta á úthlutanir úr Kvikmyndasjóði.

## Nóg af tráma karla

Þykir bagalegt að loka fyrir hluta af menningarsögunni.

„Að vel íhuguðu máli finnst mér hálfhastarlegt að setja kynjakvóta á list. Það væri til dæmis absúrd að setja kynjakvóta á ljóðaskrif," segir Guðný Halldórsdóttir, leikstjóri og handritshöfundur, sem unnið hefur að fjölda kvikmynda.

„Það skrítnasta við þetta allt saman finnst mér að við séum komin í þessa umræðu um kynjakvóta og það segir manni að þeir sem hafa stjórnað úthlutunum síðustu tíu, fimmtán ár eru ekki alveg með á nótunum árið 2015," segir hún og segir það bagalegt að loka fyrir hluta af menningarsögu landsins.

„Ég myndi segja að þeir væru frekar staðnaðir og þeir þurfa að lifa við það til æviloka að hafa lokað fyrir hluta af menningarsögu okkar í öll þessi ár, þar sem raddir kvenna eru stoppaðar af og þeirra sýn á söguna og samfélagið er ekki með undanfarin tíu ár má segja," segir hún.

Hún segist vera búin að fá nóg af kvikmyndum sem fjalla um sálræn áföll karla.

„Fyrir mitt leyti verð ég að segja að ég get ekki horft á fleiri myndir tala um eitthvað innbyggt tráma sem einhver karlmaður ber í höfði sér, ég er alveg búin að fá nóg af þeim og finnst mælirinn fullur af svona karllægum sjónarmiðum," segir hún og bætir við: „Það sjá bara allar konur, konur sem eru hættar að fara í bíó. Þær nenna ekki að sjá fleiri afstöðulausar konur sem þeim er alveg sama um. Þær eru búnar að fá leið á tráma karla."



**„Það er kannski það sem þarf að drengirnir í bransanum opni á sér þverrifuna og það er ágætt að fólk taki við sér.**

Hún segir nóg komið af því að sjónarmið helmings þjóðarinnar séu pöbbuð niður á hvíta tjaldinu.

„Það er kannski það sem þarf að drengirnir í bransanum opni á sér þverrifuna og það er ágætt að fólk taki við sér. Því þetta var orðið nokkuð gott af þögn kvenna og sjónarmiða þeirra í svona mörg ár. Við vorum skildar eftir og það er ljótt. Við erum helmingur af áhorfendum og helmingurinn af þjóðinni. Takk samt strákar að greiða götu okkar, óafvitandi," segir hún að lokum.

## Hefur verið karlakvóti í öll þessi ár

Fagnar umræðunni sem átt hefur sér stað undanfarið og mikilvægt að opna hana.

„Ég er algjörlega hlynnt því að setja kynjakvóta, það er líka búinn að vera karlakvóti í öll þessi ár. Það bara talar enginn um það. Það er okkar veruleiki," segir kvikmyndagerðarkonan Vera Wonder Sölvadóttir sem hefur leikstýrt, framleitt og skrifað handrit að heimildarmyndum og stuttmyndum.

„Áhorfendur hafa líka rétt á því að sjá sögur eftir konur. Ef ég sé mynd eftir konu og tengi við hana þá verð ég stundum klökk. Maður er orðinn svo vanur því að sjá myndir eftir karla, það er bara orðið normið."



Vera fagnar umræðunni sem átt hefur sér stað undanfarið og segir mikilvægt að opna hana og nýta þann meðbyr sem nú er í lofti. „Ég fagna þessari umræðu algjörlega. Það var mjög gott að sjá stærsta framleiðanda landsins stíga fram og menntamálaráðherra taka undir með honum.

Maður sér bara að þeir hafa völd og svo er bara að sjá hvað gerist, hvort þessu verður fylgt eftir," segir hún.

„Það er alltaf verið að benda á að konur séu ekki að sækja nógu mikið um, þær eru alveg að sækja um. Það væri rosalega fróðlegt að sjá hvað þær eru að fá í peningum á móti körlunum. Þær eru síður að fá stóru upphæðirnar sem karlmenn eru að fá fyrir kvikmynd í fullri lengd. Þær eru að fá styrki fyrir heimildarmyndum, handritagerð og stuttmyndir. Miklu lægri upphæðir," segir Vera.

Hún bendir á að vandinn eigi sér dýpri rætur. Til þess að sækja um og hljóta styrk þurfi að hafa sterka framleiðendur á bak við sig og að framleiðendur séu síður tilbúnir til þess að styrkja verkefni kvenna þar sem fá dæmi séu um að þær fái styrki fyrir myndum í fullri lengd. „Kynjakvóti væri þá bara í nokkur ár á meðan þetta væri að lagast. Þá myndu framleiðendur kannski fara að hugsa pottinn miklu stærri og sækja í verk fyrir konur af því að þeir sæju að þær gætu hugsanlega fengið peninga fyrir verkefnunum."

Sjálf segist Vera hafa fundið fyrir þessu í sínu starfi. „Það er bara glerveggur sem maður gengur á, maður er alltaf rosalega jákvæður en svo bara lendir maður í því að ganga á þennan glervegg."

## Vopnaðar kvikmyndatökuvélum

Spyr hvort fyrirkomulagið í dag sé ekki meira niðurlægjandi en tímabundinn kynjakvóti.

„Mér finnst kynjakvóti vera úrræði sem á að nota í neyð. Það er ekki hugmynd sem nokkurri konu eða karli myndi hugnast sem einhver aðgerð eða ósk í eðlilegu ástandi," segir Þóra Tómasdóttir kvikmyndagerðarkona og bætir við: „Og ég held að það eigi við í kvikmyndageiranum á Íslandi. Að hlutföllin séu óeðlileg, körlum í hag."



Þóra hefur meðal annars gert heimildarmyndina Stelpurnar okkar og stuttmyndina Ef sem keppti í stuttmyndaflokki á kvikmyndahátíðinni RIFF í fyrra.

Þóra tekur ekki undir það að kynjakvóti sé niðurlægjandi fyrir konur, heldur telur hann neyðarúrræði líkt og áður kom fram. „Eins og Dagur Kári hefur sagt að kynjakvóti sé niðurlægjandi fyrir konur, getum við líka spurt hvort það fyrirkomulag sem er í dag – við erum með og höfum verið með fúnkerandi karlakvóta á Kvikmyndasjóð Íslands – sé ekki niðurlægjandi. Það hlýtur að vera niðurlægjandi fyrir alla."

Þóra segist ekki sjá neinar skelfilegar afleiðingar af því að setja kynjakvóta á í einhvern tíma og með því þvinga fram breytingar sem verða að eiga sér stað.

„Mér finnst líka frábært að refirnir í bransanum eins og Balti og Dagur Kári og fleiri taki þátt í umræðunni og viðurkenni vandann. Þeir eru algjörlega búnir að gera það og það er frábært," segir hún og heldur áfram: „Svo eru bara til óþolinmóðar týpur eins og ég sem skilja ekki hvers vegna ekki megi grípa til aðgerða þegar búið er að viðurkenna vandann."

**„Svo eru bara til óþolinmóðar týpur eins og ég sem skilja ekki hvers vegna ekki megi grípa til aðgerða þegar búið er að viðurkenna vandann.**

Þóra segir að vegna þess hvernig ástandið sé kjósi hún fremur að gera myndir á eigin spýtur og án styrkja. „Þrátt fyrir að þetta sé eins og það er þá þaggar það ekkert niður í kvikmyndagerðarkonum. Þær halda alveg áfram að gera kvikmyndir. Við erum alveg vopnaðar kvikmyndatökuvélum þó að við séum ekki styrktar í botn."

## Bransinn er að vakna

Mikilvægt að búa til umhverfi fyrir konur í kvikmyndagerð.

„Sama hvort það er er kallað kynjakvóti eða jafnréttisáætlun, það þarf einhverjar aðgerðir til að breyta þessu hratt," segir Dögg Mósesdóttir, leikstjóri og formaður WIFT, samtaka kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum á Íslandi.

Dögg segir konur standa sterkar þegar komi að heimildar- og stuttmyndum en töluvert halli á þær þegar komi að kvikmyndum í fullri lengd.



„Það er svo margt sem spilar inn í, ekki bara það að konur séu ekki nógu duglegar að sækja um. Margt sem dregur úr þeim í ferlinu. Þær þurfa að hafa framleiðanda á bak við sig sem treystir þeim og trúir þeim," segir Dögg.

Dögg segir mikilvægt að auka meðvitund á öllum stigum í bransanum og búa til umhverfi fyrir konur í kvikmyndagerð. „Framleiðslufyrirtækin þurfa að vera meðvituð um það að taka inn konur reglulega og gefa þeim tækifæri til þess að þjálfast upp til þess að geta gert mynd í fullri lengd," segir hún og bætir við að einnig þurfi að auka meðvitund í kvikmyndaskólum. „Í kvikmyndaskólum er allt öðruvísi nálgun á stelpur þegar það er verið að hvetja þær til að sækja um heldur en stráka. Þeim finnst þetta vera heimur sem þær tilheyra ekki, vegna þess að þær eiga sér svo fáar fyrirmyndir."

Dögg er ánægð með vakninguna og umræðuna sem átt hefur sér stað undanfarið. „Ég er bara mjög ánægð með að það sé einhver vakning núna, hjá körlunum líka. Mér finnst bransinn vera að vakna og viðurkenna vandamálið."

Hún segir að ekki megi vanmeta mikilvægi sjónrænna miðla. „Sjónrænir miðlar eins og kvikmyndir og sjónvarp eru stanslaust að senda skilaboð til kvenna um að þær séu ekki fullgildir meðlimir samfélagsins. Við sjáum þær sjaldan í hlutverkum forseta og stjórnmálamanna," segir hún og bætir við að kvenréttindabaráttunni sé oft líkt við baráttu minnihlutahópa. „Það virðist gleymast að við erum helmingur mannkyns, því birtingarmynd kvenna í kvikmyndum sendir þau skilaboð að við séum minnihlutahópur."

Hún segist á þeirri skoðun að tímabundinn kynjakvóti gæti verið góð leið til að leiðrétta þessa skekkju. „Þetta gæti verið mjög fljótleg leið til að breyta samfélaginu í heild. Eins og Geena Davis sagði: If she can see it, she can be it."

## Veruleg skekkja sem leiðrétta þarf

Þykir ekki niðurlægjandi fyrir konur að setja kynjakvóta á úthlutanir Kvikmyndasjóðs.

„Umræðan er búin að vera mjög áhugaverð en í tilraun til að valda ekki almennum ótta ættum við kannski frekar að kalla nauðsynlegar aðgerðir almenna skynsemi en ekki kynjakvóta. Það er veruleg skekkja og það þarf að leiðrétta hana," segir Elísabet Ronaldsdóttir klippari.



Elísabet hefur klippt myndir á borð við Contraband, Inhale og Mýrina og hennar síðasta verkefni var myndin John Wick í leiksstjórn Davids Leitch og Chads Stahelski með Keanu Reeves í aðalhlutverki.

„Þetta er ekki flókið mál. Þar sem er vilji þar er geta og nú þurfum við bara að sýna vilja í verki," segir hún og bætir við: „Ég er opin fyrir öllum aðgerðum til lausnar og er sammála þeim sem koma fram og segja að þetta sé ekki nóg að setja kynjakvóta," segir Elísabet og bætir við að vandinn eigi sér dýpri rætur, en kynjakvóti á úthlutanir Kvikmyndasjóðs myndi hvetja kvikmyndafyrirtæki í landinu til þess að sýna verkefnum kvenna meiri áhuga.

Elísabet segir að það eigi að vera kappsmál að heyra fleiri raddir í kvikmyndagerð, raddir kvenna, og er hún ekki þeirrar skoðunar að það sé niðurlægjandi fyrir konur að setja kynjakvóta á úthlutanir sjóðsins.

„Það er mjög riddaralegt að hafa áhyggjur af virðingu kvenna. Ég sem kona, og ég get auðvitað ekki svarað fyrir allar konur, sé enga niðurlægingu í því," segir hún og heldur áfram: „Hins vegar finnst mér þessi beygla niðurlægjandi fyrir kvikmyndagerð sem vill telja sig framsækið og ögrandi listform og þar á heiður okkar sem kvikmyndagerðarmanna að liggja."

Hún segist sammála því að bestu verkin eigi að fá brautargengi en bendir á að það sé huglæg skoðun hvað sé best og hún sé lituð af mörgum þáttum. "Einnig er nauðsynlegt fyrir okkur, eins og strákana, að fá að gera mistök og klikka. Það er eitthvað sem almenningur á rétt á að við fáum tíma til að gera. Þannig sköpum við listaverk, þau þróast í gegnum mistökin sem við gerum," segir Elísabet.


LÍF OG FJÖR
EIMSKIP
Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is
EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR VÖFFLUJÁRN
BLANDARAR

7 VERSLANIR UM ALLT LAND

| | | |
|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | REYKJAVÍK | S: 569 1500 |
| HAFNARGÖTU 90 | REYKJANESBÆ | S: 414 1740 |
| AUSTURVEGI 34 | SELFOSSI | S: 414 1745 |
| ÞJÓÐBRAUT 1 | AKRANESI | S: 431-3333 |
| GLERÁRGÖTU 30 | AKUREYRI | S: 460 3380 |
| GARÐARSBRAUT 18A | HÚSAVÍK | S: 464 1600 |
| KAUPVANGI 6 | EGILSSTÖÐUM | S: 414 1735 |

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP FERÐATÆKI BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR HELLUBORÐ
OFNAR

Sjá allt úrvalið á ht.is

OPIÐ!

ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT
LAU. 11-16 OG SUN. 13-17

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# FARTÖLVUR FYRIR SK




HAGKVÆMASTA
INTEL i5

ASUS

ASU-F554LAX0736H

**Ótrúlegt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel i5 Haswell örgjörva og Intel HD 4400 skjákorti, 4GB vinnsluminni og 500GB hörðum diski.**

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 15,6" SKJÁR | 500GB DISKUR

**99.995**

SVÖRT OG HVÍT




**47.995**



**54.995**

ASUS

## ÓTRÚLEGT SKÓLAVERÐ!

ASU-X453MABINGWX225B & ASU-X453MABINGWX283B

14" fartölva sem hentar í alla hefðbundna tölvuvinnslu með Intel örgjörva, Intel HD skjákorti og 500GB hörðum diski. 12.000 króna skólaafsláttur frá 59.995. Fáanleg svört og hvít.

INTEL ÖRGJÖRVI | 500GB DISKUR | INTEL HD SKJÁKORT | 14" SKJÁR

ASUS

## FYRSTU 50 STK. Á 54.995!

ASU-F551MAVBINGSX426

Þessi fer hratt og er ein vinsælasta skólatölvan okkar. Traust og flott hönnuð tölva fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR

TOSHIBA 3 ÁRA ÁBYRGÐ TOSHIBA

BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á
TOSHIBA
FYRIR AÐEINS 4.995,-



**94.995**




**104.995**

TOSHIBA

## QUAD CORE MEÐ R5

TOS-L50DB117

Glæsilega gyllt 15,6" fartölva með A4 örgjörva, 8GB vinnsluminni og 750GB hörðum diski. Mjög öflugt 2GB AMD Radeon R5 skjákort fyrir leikina og betri grafík í myndböndum.

Quad Core A4 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 750GB DISKUR | 2GB AMD Radeon R5 M230 SKJÁKORT

TOSHIBA

## SSD OG INTEL i3

TOS-L50B212

SSD diskurinn gerir gæfumun í hraða í samvinnu við kröftugan Intel i3 Haswell örgjörva. Glæsileg hönnun og Skullcandy vottaðir hátalarar með DTS.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 15,6" SKJÁR | 128GB SSD DISKUR






# 0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

# KÓLANN Á LÆGRA VERÐI!

**OPIÐ**
SUÐURLANDSBRAUT
LAU. 11 - 16
SUN. 13 - 17



*Allar fartölvurnar koma með Windows 10!*

## TOSHIBA

TOS-L50B2FT

**Nýjasti og hraðasti Intel i7 örgjörvinn á markaðnum. Öflugt Radeon R7 M260 skjákort sem hentar sérstaklega í grafíska vinnu og leikjaspilun.**

Intel i7 5. KYNSLÓÐ | DTS HLJÓMUR | 1TB DISKUR | Radeon R7 M260 SKJÁKORT

**169.995**

INTEL i7 5. KYNSLÓÐ






TOSHIBA 3 ÁRA ÁBYRGÐ TOSHIBA
BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á TOSHIBA FYRIR AÐEINS 4.995,-

**79.995**

## TOSHIBA
## EIN BESTU KAUPIN!

TOS-C50B17T

Frábær kostur fyrir þá sem vilja 15,6" fartölvu með Intel örgjörva og miklu gagnaplássi fyrir bíómyndirnar, þættina og tónlistina. Sterkbyggð og traust.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | 15,6" SKJÁR



SVÖRT OG HVÍT

**89.995**

## acer
## V3 Á DÚNDURVERÐI!

ACE-NXMPJED005 & ACE-NXMPHED011

Ótrúlega mikið fyrir peninginn. Intel Pentium örgjörvi, 8GB vinnsluminni og 120GB SSD diskur sem gerir hana hraðvirkari. Allt að 7 tíma rafhlöðuending.. Kemur í svörtu og hvítu.

INTEL Pentium | 8GB VINNSLUMINNI | 120GB SSDDISKUR | 13,3" SKJÁR



TOSHIBA 3 ÁRA ÁBYRGÐ TOSHIBA
BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á TOSHIBA FYRIR AÐEINS 4.995,-

256GB SSD OG A6

**109.995**

## TOSHIBA
## 256GB SSD OG QUAD CORE A6

TOS-L50DB198

Samspil fjögurra kjarna A6 örgörva, 256GB SSD disks og 6GB vinnsluminnis. Radeon R4 skjákjarni fyrir þá sem gera kröfu um öfluga grafíska vinnslu.

A6 ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 256GB SSD DISKUR | Radeon R4 SKJÁKJARNI



INTEL i5 5. KYNSLÓÐ

**139.995**

## ASUS
## 5. KYNSLÓÐ INTEL i5

ASU-F302LAFN073H

Hágæða 13,3" fartölva með nýjustu og hröðustu gerð af Intel i5 örgjörvanum auk nýja Intel HD 5500 skjákortinu. Hröð vinnsla með 128GB SSD og 8GB vinnsluminnis.

Intel i5 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | Intel HD 5500 SKJÁKORT

## UPPFÆRSLUTILBOÐ!

MEÐ INNIFALINNI VINNU VIÐ ÍSETNINGU.

X2 4 GB í 8GB kr. 7.995

X4 2 GB í 8GB kr. 12.995

## UPPFÆRÐU Í SSD!

GERÐU TÖLVUNA ÞÍNA OFURHRAÐVIRKA MEÐ CORSAIR SSD DISKUM.



240GB OG ÍSETNING 29.995

120GB OG ÍSETNING 19.995



**INNI Í STOFU** „Þetta eru orðin rúm fjörutíu ár,“ segir Diddú um samband þeirra Kela en þau hafa búið í Túnfæti í tæp þrjátíu ár og alið þar upp dætur sínar þrjár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þar sem lífið snýst um tónlist

Í Túnfæti í Mosfellsdal búa hjónin **Sigrún Hjálmtýsdóttir** söngkona, vel þekkt sem Diddú, og **Þorkell Jóelsson** hornleikari, sem líka gegnir gælunafninu Keli. Diddú er sextug í dag og áreiðanlega verður kröftugur afmælissöngur kyrjaður í dalnum.




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


Sólin hlær á himni og eykur á fegurð hins frjósama Mosfellsdals þegar ég bruna að appelsínugula tónlistarbýlinu Túnfæti. Raddir og hlátur berast úr skógi fyrir neðan húsið og ég geng á hljóðið. Ljósmyndarinn Pjetur er þar að stilla húsráðendum, Kela og Diddú, upp fyrir myndatöku og pressa á Kela að setja upp köflótta húfu. „Já, það er skoskt þema,“ segir Diddú og hlær sínum smitandi hlátri en Keli er ekki alveg eins kátur í fyrirsætuhlutverkinu. Eftir tökuna göngum við til bæjar um víðáttumikla palla sem Diddú segir meðal annars nýtast vel til veisluhalda. „Við vorum hér með grill um síðustu helgi og auðvitað var sungið eins og ævinlega þegar fólk kemur hér saman. Það er alltaf brostið í söng.“ Í frekara spjalli kemur í ljós að Keli er stjórnandi Smalakórs Mosfellsheiðar og lúðrasveitar dalsins sem heitir Brak og brestir. Er hann kannski líka í karlakór? „Nei, en ég gæti hugsað mér það í ellinni ef mér leiðist,“ svarar hann kankvís.

### Heldur upp á afmælið í Eldborg

Diddú á sextugsafmæli 8. ágúst (í dag) og mun verja því í faðmi fjölskyldunnar en ætlar að halda ærlega sönghátíð í tilefni þessara tímamóta þann 13. september og þá dugar ekkert minna en Eldborgarsalur Hörpu. Áður en við ræðum það gigg frekar langar mig að vita meira um þau hjón, til dæmis hvenær þau fundu hvort annað og fóru að ganga í takt. „Við hittumst á balli í Þjóðleikhúskjallaranum um áramótin 1974/75 svo þetta eru orðin rúm fjörutíu ár,“ upplýsir Diddú brosandi. Keli minnist þess þó að hafa séð hana áður og þau giska á að það hafi verið meðan hún var í MR og hann í Versló því þá hafi verið steinsnar á milli þeirra, þó að hún ætti heima við Sólvallagötu en hann í Mosfellsdal.

Keli hefur verið hornleikari í Sinfóníuhljómsveitinni síðan 1980 og spilað í ýmsum öðrum hljómsveitum. „Ég var svolítið í dansmúsík til 1975, þá vildi ég einbeita mér að klassíska náminu og seldi trommusettið – sem ég sá alltaf eftir. En félagar mínir gáfu mér trommusett í fimmtugsafmælisgjöf og ég er búinn að hamast á því síðan, mér til mikillar ánægju en heimilisfólkinu til ama.“

Ein sveitin sem Keli var í hét Gaddavír en breyttist í Moldrok, hann kom við í Logum og nú er hann í hljómsveitinni Blek og Byttur. „Við leikum á þorrablótum og árshátíðum og um daginn spiluðum við á Siglufirði á hippaballi Fljótakvenna. Það var mikið fjör.“

Diddú var líka í dægurlögunum fyrst, gerði það gott með Spilverki þjóðanna og mörgum var brugðið þegar hún var allt í einu á leið úr landi að læra óperusöng. „Það var nú eiginlega mér að kenna, hún elti mig til London í Guildhall School,“ segir Keli afsakandi. „Já, fólk rak upp ramakvein þegar það vissi að ég ætlaði í klassísku deildina en það sættist við mig þegar ég kom heim og debúteraði í hlutverki dúkkunnar í Ævintýrum Hoffmanns,“ rifjar Diddú upp. Hún kveðst enn bregða fyrir sig dægurlagasöng þegar svo ber undir. „Það er einmitt það sem ég ætla að gera á afmælistónleikunum 13. september. Þá verð ég fyrir hlé með aríur og klassíska músík með stórri hljómsveit og karlakór og eftir hlé vendi ég kvæði mínu í kross, fer í gömlu hippamussuna og Spilverkið kemur á svið með mér ásamt öðrum gestum. Þá tek ég fyrir poppferilinn.“

### Opnaðist nýr hljóðheimur

Spurð hversu lengi sópransöngkonur geti búist við að halda sinni háu rödd svarar Diddú: „Það er mjög einstaklingsbundið, sumar eiga mjög stuttan feril. Þetta byggist, held ég, á því hvers konar tækni maður temur sér í upphafi og ræðst mikið af í hvaða höndum maður lendir í sígildu söngnámi. Ég lærði bel canto-söngtækni, hún er í eðli sínu náttúruleg og án átaka, bara þroskar röddina út frá því sem til staðar er. Svo þarf maður að vera skynsamur og velja hlutverk við hæfi til að ofgera ekki röddinni. Ég hef verið passasöm og held að það sé ástæðan fyrir því að ég er enn syngjandi. Kollegarnir sem ég lærði með, og eru töluvert yngri, eru eiginlega allir hættir að syngja.“

„Ég held að endingin tengist því hvernig raddböndin og skrokkurinn eru og svo skiptir andlega hliðin miklu máli. Diddú virðist hafa stáltaugar og finnst allt svo skemmtilegt, þá endist hún betur því hún hlakkar alltaf til,“ segir Keli. Diddú tekur undir það. „Þegar mér líður vel í söngnum fæ ég svo mikið til baka og það nærir mig.“

Eflaust hefði Diddú getað átt glæstan feril hjá stórum óperuhúsum úti í heimi en kveðst aldrei sjá eftir að hafa varið kröftum sínum að mestu á Íslandi. „Ég hef verið svo lánsöm að hafa fullt að gera gegnum tíðina og er ekkert viss um að það hefði verið þannig þótt ég hefði fengið stöðu við óperuhús erlendis. Mér hefði örugglega ekki verið boðið að syngja með Carreras á Íslandi ef ég hefði verið úti í heimi. Við völdum að vera hér. Ég var þrítug þegar ég var að byrja minn feril og við vorum með unga tvíbura. Tímarnir eru mikið breyttir því nú þurfa allir að vera svo ungir og nettir að þeir sem byrja þrítugir fá ekki sömu tækifæri í þessu fagi.“

Diddú fór í misheppnaða eyrnaaðgerð árið 1980 en segir heyrnina standa í stað. „Það er „status quo“, ég heyri alveg nóg til að geta sinnt mínum söng. Ég áttaði mig samt ekkert á því hversu slæm ég var fyrr en ég fékk heyrnartækin, þá opnaðist mér nýr heimur og allt breyttist í kringum mig. Það var árið 1992, ég var að syngja í Þrándheimi í Brúðkaupi Fígarós og Keli kom út með stelpurnar og fyrsta heyrnartækið. Ég skildi ekki hvernig ég hafði farið að áður, því á þeim tólf árum sem liðin voru frá aðgerðinni hafði ég farið í gegnum allt mitt söngnám í London og árið á Ítalíu. Fyrstu verkefnin sem söngkona voru líka að baki því ég debúteraði 1988 í Þjóðleikhúsinu.“

„Heyrnarleysið getur verið kostur líka,“ segir Keli glettinn. „Ef ég er leiðinlegur þá bara skrúfar hún fyrir tækið – og ef ég er að æfa mig á hornið eða trommurnar!“

### Á ekki séns í litla bróður

Margt ber á góma, svo sem óþolandi hæg lög sem festast í höfðinu á Kela og draga úr gönguhraða, viðfangsefni dætranna þriggja, jafnvel pólitík, og þar sem gleðigangan er um helgina og Páll Óskar er litli bróðir Diddúar verð ég að spyrja hvort hún hafi uppgötvað samkynhneigð hans snemma.

„Besti vinur minn í menntaskóla var hommi og ég kannaðist fljótt við taktana hjá Palla. Ég tók hann líka dálítið að mér þegar hann var lítill því ég var fimmtán ára þegar hann fæddist og mér fannst móðir mín svo skelfilega gömul, hún var 36 ára þegar hún átti hann en var búin að eiga sex börn þrítug. Palli setti í sig tíkarspena til að líkjast Línu Langsokk, teiknaði fína kjóla á prinsessur í ævintýrum og bjó til dúkkulísur þannig að ég sá alveg merkin, benti mömmu á þau en sagði henni að óttast ekki því samkynhneigt fólk væri síst verra en annað. Nú hefur margt breyst, sem betur fer, í málefnum samkynhneigðra og Palli á sinn þátt í því.“

„Mér hefur samt aldrei fundist Palli kvenlegur en hann klæðir sig skrautlega, það er partur af djobbinu,“ segir Keli. „Já, og fer alla leið í því, ég á ekki séns í hann,“ segir Diddú og hlær.

Keli ljóstrar því upp að Coco Viktorsson sem hannar flest föt Palla sé nú að sauma kjóla á Diddú fyrir afmælistónleikana, þannig að stóra systir sé farin að herma eftir litla bróður. „Mig langaði að prófa eitthvað nýtt. Sviðið í Eldborg er stórt og Coco hefur góða tilfinningu fyrir fatnaði sem hentar sjóbísness,“ segir Diddú sem ekki vill ljóstra upp litnum á skrúðanum heldur segir hann frumsýndan á tónleikunum.

> **Heyrnarleysið getur verið kostur líka. Ef ég er leiðinlegur þá bara skrúfar hún fyrir tækið – og ef ég er að æfa mig á hornið eða trommurnar!**
>
> *Keli*

> **Fólk rak upp ramakvein þegar það vissi að ég ætlaði í klassísku deildina.**
>
> *Diddú*

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 75587 08/15




**Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára**
Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag, 24. október 2015.
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.
Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

**Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair**
Farðu á vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum að fara í draumaferðina sína.

\+ **Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is**

Vildarbörn Icelandair

Vertu með okkur

ICELANDAIR




**HUGSANDI** „Bátnum get ég treyst en vélinni ekki,“ segir Hilmar.

# Pabbi og Guð eru með mér

**Hilmar F. Thorarensen** rær til fiskjar á elstu fleytu Íslands með fiskveiðiheimild. Hann ólst upp á Gjögri og leitar í átthaga en norðangarrinn hefur gert honum sjósóknina erfiða í sumar. **Stefán Karlsson** ljósmyndari brá sér í róður með Hilmari.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is



Það er heppni og hamingja að hafa heilsu til að stunda sjóinn. Það eru ekkert margir á mínum aldri sem standa í því, þó þeir séu í mörgu öðru,“ segir hinn sjötíu og fimm ára Hilmar F. Thorarensen, fyrrverandi bankastarfsmaður, þegar hringt er í hann norður í Árneshrepp á Ströndum. Hann gerir út frá Norðurfirði á bátnum Hönnu sem smíðaður var fyrir aldamótin 1900 og er skráður 2,2 tonn. Hanna er elsti bátur á Íslandi með fiskveiðiheimild og líklega sá minnsti.

Gæftir hafa verið afleitar í sumar því norðanáttin hefur verið stíf. Spurður hvort það sé ekki hættuspil að vera á svona bátskríli í brælu svarar Hilmar: „Ekki þegar pabbi og Guð eru með mér. Þeir sjá um mig en auðvitað verð ég líka að hugsa eitthvað sjálfur.“

### Mikið streðað í uppvextinum

Hilmar er ættaður frá Gjögri í föðurætt og ólst þar upp við sjósókn og landbúnað, sonur Karls F. og Regínu Thorarensen sem margir muna eftir sem fréttaritara Morgunblaðsins og DV og fastagesti hjá Eiríki Jóns á Bylgjunni. „Mamma var dugleg að rífa kjaft og pabbi var duglegur að vinna,“ segir Hilmar glettnislega og heldur áfram á sömu nótum: „Axel á Gjögri, sem Ómar Ragnarsson gerði frægan, var föðurbróðir minn. Svo fann Ómar Gísla á Uppsölum og þá gleymdu allir Axel. Nú eru bæði Axel og Gísli farnir þannig að þá er ég pikkaður upp!“

Hilmar fæddist í Reykjavík 1940 og kom fyrst að Gjögri 1941. „Þá var stríð og hvatt til þess að konur og börn væru sem minnst í borginni, vegna hættu á loftárásum, þannig að ég átti mín fyrstu spor hér, ársgamall,“ lýsir hann. „Svo fluttu foreldrar mínir hingað 1942 og byggðu sér hús tveimur árum seinna. Pabbi var ketil- og plötusmiður og fékk vinnu við síldarverksmiðjuna á Djúpavík en reri líka til fiskjar. Við vorum með fáeinar ær og eina kú og þó bústofninn væri ekki stærri þá fylgdi honum mikið streð. Við þurftum til dæmis að sækja heyskap yfir Reykjarfjörðinn og inn í botn hans. Þar var slegið með orfi og ljá, rakað með hrífum og heyið sett í fangahnappa, bundið í bagga og borið niður í bát og siglt með það heim þar sem það var borið upp á land og þurrkað.“ Eftir að Hilmar fór í héraðsskóla 15 ára kveðst hann lítið hafa verið á Gjögri nema á vorin að sinna sauðburði og grásleppu.

### Rær á nítjándu aldar bát

Hilmar segir ekki vitað hvenær báturinn hans var smíðaður en sannanlega hafi hann verið til árið 1899 og þá í eigu Guðmundar Jónssonar, sem kenndur var við Helgastaði í Reykjavík. „Vorið 1959 var báturinn úti í Örfirisey, illa farinn en keyptur norður að Gjögri til að nýta úr honum vélina í annan bát, Víganes. Pabbi var fenginn til að færa vélina milli báta og fékk að hirða þennan að launum, gerði hann upp og hækkaði um eitt borð og var kominn á sjó á honum um haustið,“ lýsir Hilmar sem hefur róið á Hönnu í sumarfríum síðustu 30-40 ár.

Hann fékk Hafliða Aðalsteinsson frá Hvallátrum á Breiðafirði til að smíða hana nánast upp á nýtt árið 2010 og hrósar Hafliða í hástert,



**Á GJÖGRI 1959**. Ragnar Ásgeirsson ráðunautur á tali við Karl sem er að gera upp bátinn. Regína fylgist með og leggur eflaust orð í belg. MYND/TRYGGVI SAMÚELSSON

> **Axel á Gjögri, sem Ómar Ragnarsson gerði frægan, var föðurbróðir minn. Svo fann Ómar Gísla á Uppsölum og þá gleymdu allir Axel. Nú eru bæði Axel og Gísli farnir þannig að þá er ég pikkaður upp!**

segir hann hörkuduglegan, verklaginn, úrræðagóðan og alltaf í góðu skapi. Nýja vélin hafi hins vegar bilað og ekki staðið undir væntingum og samskiptin við seljandann valdið honum vonbrigðum. „Bátnum get ég treyst en vélinni ekki,“ segir hann. Sjálfur hefur Hilmar verið mammonsþjónn mest af sinni starfsævi, að eigin sögn, og eftir nám við Samvinnuskólann unnið við bankastofnanir, lengst í Landsbankanum á Eskifirði. En í sumar er hann á strandveiðum og hefur landað 12.818 kílóum af fiski í 27 róðrum.

Nú heyrist kallað í Hilmar að heiman, það er eiginkonan, Ingigerður Þorsteinsdóttir, sem hann kveðst hafa verið kvæntur í 44 ár. „Það telst góð ending eins og á Hönnu,“ segir hann hlæjandi. „Ingigerður er ættuð héðan úr hreppnum, dóttir séra Þorsteins Björnssonar fríkirkjuprests og Sigurrósar Torfadóttur, þau áttu sjö stráka og eina stelpu og gerðu það ábyggilega bara fyrir mig að eignast stelpuna.“ ▶

ENNEMM / SÍA / NM70255



# Fögnum fjölbreytileikanum

SA
SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS



▶ **KOMIÐ ÚR RÓÐRI** Hilmar hefur náð að fiska vel í sumar, þrátt fyrir gæftaleysi. Þokuslæðingur er í Urðartindinum eins og svo oft síðustu vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SJÓARINN** Hilmar er alinn upp við sjómennsku frá blautu barnsbeini. „Ég var ekki nema fjögurra eða fimm ára þegar ég veiddi fyrstu fiskana. Fór oft á sjóinn með pabba. Streðið hér á Ströndum snerist um sjóinn og rollurnar,“ segir hann.




**NETTUR BÁTUR** Hanna er elsti bátur Íslands með fiskveiðiheimild, smíðuð fyrir aldamótin 1900, og að líkindum er hún líka sá minnsti.



**HANNA** Hafliði Aðalsteinsson frá Hvallátrum í Breiðafirði gerði Hönnu upp svo hún er eins og ný.



**GOTT UM HELGINA**
**Það er alltaf ástæða til að gleðjast og taka fram grillið. Ekki síst á gleðidögum eins og í dag. Grilluð kjúklingabringa með sumarlegu salati á einstaklega vel við í dag. Fallegir litir á borðið.**
**Síða 2**














# DREIFA GLEÐINNI GEGNUM SÖNGINN

**LITFAGRIR TÓNAR** *Annasöm og skemmtileg vika er senn á enda hjá Helgu Margréti Marzellíusardóttur, söngkonu og kórstjóra Hinsegin kórsins.*

Hinsegin kórinn var stofnaður árið 2011 og hefur tekið þátt í Hinsegin dögum frá upphafi með ýmsum hætti. Kórinn söng á opnunarhátíð Hinsegin daga í Hörpu á fimmtudag, hélt vel heppnaða tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í gærkvöldi og tekur þátt í gleðigöngunni í dag.

Kórinn er hugmynd Ástu Óskar Hlöðversdóttur sem kynntist sambærilegum kórum þegar hún stundaði nám erlendis. Hún hóf undirbúning að stofnun hans með öðru góðu fólki síðsumars árið 2011 en Helga Margrét Marzellíusardóttir, söngkona og kórstjóri, hefur stýrt kórnum frá upphafi. Helga Margrét segist hafa verið spurð í atvinnuviðtalinu hvers vegna hún vildi taka þetta starf að sér og svarað á þá leið að hún hlyti að læra helling af því. „Sem hefur staðist og rúmlega það. Þessi hópur er sá allra, allra besti sem ég hef starfað með, að öllum öðrum ólöstuðum. Hann hefur verið mér uppspretta mikillar gleði og verið um leið bæði mikill og nauðsynlegur skóli og ævintýr."

### FJÖLBREYTT EFNISVAL

Ólíkir einstaklingar skipa Hinsegin kórinn sem hafa um leið ólíkan bakgrunn. „Sumir hafa lært söng eða verið í tónlistarnámi meðan aðrir hafa stigið sín fyrstu skref með okkur. Kórinn flytur líka mjög fjölbreytt efni og meðlimir hans eru opnir fyrir hvers konar tónlist.

**MIKIL GLEÐI** „Þessi hópur er sá allra, allra besti sem ég hef starfað með, að öllum öðrum ólöstuðum. Hann hefur verið mér uppspretta mikillar gleði og verið um leið bæði mikill og nauðsynlegur skóli og ævintýr," segir Helga Margrét Marzellíusardóttir, söngkona og kórstjóri Hinsegin kórsins. MYND/PJETUR




# Betra blóðflæði

**Rauðrófu kristall 100% náttúrulegt**

Einstök virkni og gæði - **þú finnur muninn**

Eftir fertugt framleiðir líkaminn **50%** minna **Nitric Oxide.** SUPER**BEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Bætt blóðflæði og aukin súrefnisupptaka hefur jákvæð áhrif á alla starfsemi líkamans, þ.m.t. hjarta og æðakerfi.

**ATH:** Breyting nítrats úr fæðu í **Nitric Oxide. (NO)** byrjar í **munni,** þess vegna er Super**Beets** tekið inn í vökvaformi, en ekki töfluformi.




**Íslensk vottun á virkni NO³**

Sýni rannsóknarstofa - Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**Nitric Oxide Superbeets allt að 5 sinnum öflugri**

1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

*Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum*

Nánari upplýsingar www.SUPERBEETS.is Umboð: vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949



natures aid

20% afsláttur

Rauðrófu „extrakt"

Engifer, Turmerik, Bromelain

Raspberry Ketones




Apótekarinn

Lyf & heilsa


Enda verður efnisvalið fjölbreyttara með hverju árinu þar sem getan verður bæði meiri og kórmeðlimir verða forvitnari og metnaðarfyllri. Á vortónleikunum sungum við allt frá íslenskum þjóðlögum og íslenskri samtímakóratónlist til Queen og Tinu Turner."

**MIKILVÆG TÍMASETNING**

Í gær hélt kórinn vel heppnaða tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík fyrir fullu húsi. „Eins og venjulega var efnisvalið fjölbreytt og stemningin var virkilega góð. Undanfarin ár höfum við fengið góða gesti til liðs við okkur og í gær söng karlakórinn Esja með okkur. Esja er ungur kór en þeir hafa verið að gera það gott og slá í gegn hvar sem þeir syngja." Hún segir mikilvægt fyrir kórinn að halda tónleika á þessum tíma og taka þannig þátt í glæsilegri dagskrá Hinsegin daga. Um leið sé skemmtilegt að fá gesti á tónleikana sem eru sérstaklega í Reykjavík vegna hátíðarhaldanna. „Til að mynda höfum við fengið erlendan gest á tónleika okkar sem hefur svo heimsótt okkur á æfingar í kjölfarið. Hann íhugar nú að dvelja lengri tíma á landinu ár hvert til þess eins að geta fengið að syngja með okkur á tónleikum. Það þykir okkur ekki leiðinlegt."

**JAFNVEL SUNGIÐ OG DANSAÐ**

Sem fyrr segir hefur kórinn gengið með í gleðigöngunni frá stofnun en Helga Margrét segir mikilvægt fyrir kórinn að sýna sig og kynna starfið fyrir sem flestum. „Við göngum og spilum tónlist sem tekin hefur verið upp á tónleikum okkar og syngjum jafnvel og dönsum smá í þeim lögum þar sem það á við. Enda er eitt af markmiðum kórsins að dreifa gleði í gegnum söng. Við viljum einnig meina að þátttaka okkar í göngunni hjálpi til með að uppfylla þau markmið sem við setjum okkur, þ.e. að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman, vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu, vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks."

**ÓGLEYMANLEG FERÐ**

Þrátt fyrir að hafa starfað í nokkur ár hefur kórinn ferðast víða og um leið fengið góðar heimsóknir erlendis frá. „Eftir fyrsta starfsárið okkar fórum við í heimsókn til Færeyja og tókum þátt í fyrstu gleðigöngunni sem Færeyingar héldu í mörg ár. Þetta var ógleymanleg ferð því gangan tókst vonum framar og við fundum að við gátum lagt baráttunni lið og vorum í raun að upplifa stórt skref í hinsegin baráttunni í Færeyjum. Það var ljúf stund að ganga niður í miðbæ Þórshafnar þann dag."

Síðastliðið sumar tók kórinn þátt í Hinsegin kóramóti í Dublin ásamt um 1.500 manns. „Ungi kórinn frá Íslandi fékk þar frábærar móttökur og söng meðal annars fyrir fullum 1.200 manna sal. Þetta var auðvitað mjög skemmtilegt og móttökurnar ekki síður mikil viðurkenning á okkar starfi."

**HEILMIKILL LÆRDÓMUR**

Í sumar hélt kórinn til London og heimsótti vinakór sinn, Pink Singers, sem er elsti hinsegin kór Evrópu. „Pink Singers heimsótti okkur sumarið 2013 og við héldum saman tónleika. Kórarnir náðu einstaklega vel saman og þá var strax ákveðið að við myndum hittast aftur fljótlega. Við héldum síðan flotta tónleika með þeim í gamalli kirkju í London fyrr í sumar."



**FJÖLBREYTT LAGAVAL** „Kórinn flytur líka mjög fjölbreytt efni og meðlimir hans eru opnir fyrir hvers konar tónlist. Enda verður efnisvalið fjölbreyttara með hverju árinu," segir Helga Margrét. MYND/PJETUR

Helga Margrét segir mikilvægt að hitta aðra kóra og kynnast því hvernig þeir starfa. „Við lærum heilmikið af öllum ferðunum og heimsóknum sem við fáum. Kórstjóri Pink Singers er söngþjálfari hjá Ensku þjóðaróperunni í London og fór ég með honum þangað og fékk kynningu á starfseminni. Um leið hefur verið virkilega gefandi fyrir mig að komast í samband við reynslumikla kórstjóra og raddþjálfara en allt skilar þetta auknum krafti inn í starf okkar."

**ANNASÖM VIKA**

Vikan er búin að vera annasöm hjá Helgu Margréti. „Kórinn æfði alla daga vikunnar sem endaði með tónleikunum. Einnig söng ég og hlustaði á frábæra Stellutónleika á þriðjudagskvöld í Iðnó. Á fimmtudag sungum við í Hörpu á opnunarhátíð Hinsegin daga en hún var afskaplega hátíðleg og vel heppnuð. Stemningin var frábær og öll atriðin líka. Í dag er auðvitað gangan sjálf en þar mun ég ganga með kórfélögum, fjölskyldum þeirra og vinum. Seinni hluta dags mun ég svo eyða með vinum og aldrei að vita nema maður endi á balli Hinsegin daga sem haldið er í Iðnó í kvöld."

Hún nær þó ekki að sofa lengi út á morgun enda búin að ráða sig í tónlistarverkefni sem þarfnast bæði vinnu og skipulags. „Þrátt fyrir þetta allt vildi ég óska þess að ég gæti tekið meiri þátt í öllum fræðsluviðburðum Hinsegin daga. Ég vil meina að dagskráin hafi aldrei verið eins glæsileg og í ár. Stjórn Hinsegin daga á heiður skilinn fyrir og ég vona að sem allra flestir mæti. Strax eftir helgi fara svo fram raddprufur fyrir Hinsegin kórinn og hvet ég alla áhugasama til að mæta. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðunni Raddprufur Hinsegin kórsins."

■ starri@365.is


MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

MATSVEINN – MATARTÆKNIR

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

# HEILSA OG MATUR

Matsveina- og matartæknanám er fyrir þá sem starfa eða vilja starfa á fiski- og flutningaskipum, mötuneytum vinnustaða, heilbrigðis- og menntastofnunum

**Innritun stendur yfir**



www.MK.IS
Upplýsingar hjá Baldri Sæmundssyni í síma 594 4000 eða á baldur.saemundsson@mk.is

# MELTINGIN MIKLU BETRI NÚNA

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Sigrúnu og Margréti Fanneyju líður betur eftir að þær fóru að taka Bio-Kult Original.*

Sigrún Eiríksdóttir er fegin að hafa kynnst Bio-Kult Original-hylkjunum en henni líður betur í maga eftir að hún fór að taka þau. „Ég hef lengi verið með mikil magaóþægindi, sérstaklega hefur mér verið óglatt eftir máltíðir en það hvarf eftir að ég byrjaði að nota Bio-Kult og heyrir nú sögunni til. Nú get ég borðað hvað sem er án þess að verða óglatt eða fá óþægindi eftir máltíðir. Ég tek alltaf tvö hylki með morgunmat og kem aldrei til með að vera án þeirra því Bio-Kult hefur algjörlega breytt lífi mínu til hins betra. Ég hef mælt með Bio-Kult Original við fullt af fólki og ég veit að margir nota það.“



**FÉKK LAUSN** Margrét Fanney fékk lausn við áralöngum meltingarvandamálum þegar hún fór að taka inn Bio-Kult Original.

**MELTINGIN MIKLU BETRI**

Margrét Fanney Bjarnadóttir segir Bio-Kult Original hafa komið meltingunni í jafnvægi og að hún sé allt önnur eftir að hún fór að taka það. „Ég hef alla tíð átt í vandræðum með meltinguna, það hefur ýmist allt verið stíflað hjá mér eða að ég held engu niðri. Árið 2012 veiktist ég mjög, hélt engum mat niðri og léttist um fjörutíu kíló. Ég fór í allar mögulegar rannsóknir sem hægt var að senda mig í, til dæmis ristil- og magaspeglun, ísótópa-rannsókn og alls konar myndatökur. Ég fékk reyndar gallsteina líka á þessu tímabili og þurfti að fara í aðgerð við því og svo var skjaldkirtillinn orðinn vanvirkur,“ lýsir Margrét.




Hún segir að sér finnist erfitt að þurfa að segja frá því að hún hafi þurft að skipta um meltingarsérfræðing en það hafi hún þurft að gera vegna þess að hún hafi ekki fengið neina lausn sinna vandamála hjá þeim fyrsta. „Hann rannsakaði mig vissulega vel en ég fékk enga lausn nema þá að ég væri með ofvirkan ristil. Ég reyndi ítrekað að fá hann til að leiðbeina mér um mataræði og hvort hann vissi um eitthvað sem gæti hjálpað mér, en hann skrifaði bara upp á hægðalosandi og hægðastemmandi töflur. Ég skipti því um meltingarsérfræðing og hann ráðlagði mér að taka Bio-Kult Original til að koma meltingunni í jafnvægi. Það hefur bjargað mér algjörlega og ég er allt önnur núna. Ég tek eitt hylki af Bio-Kult Original með kvöldmat og þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af maganum,“ segir Margrét ánægð í bragði.



**EKKI ÓGLATT LENGUR** Sigrúnu líður betur í maga eftir að hún fór að nota Bio-Kult Original. MYND/ANDRI MARINÓ

**BIO-KULT FYRIR ALLA**

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.

Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.

# GET LOKSINS HALDIÐ EINBEITINGUNNI

*New Nordic hefur þróað nýstárlega vöru, Clear Brain™, sem inniheldur mikið af næringarefnum fyrir heilann. Töflurnar hafa góð áhrif á andlega getu og vitræna starfsemi eins og minni, eftirtekt og einbeitingu. Hentar jafnt ungum sem öldnum.*

Ingelise er sjötugur eftirlaunaþegi. Hún missti því miður ökuskírteinið eftir alvarlegt umferðarlagabrot. Ingelise þurfti að taka bílprófið aftur en átti erfitt með einbeitingu þegar hún þurfti að læra fyrir bóklegan þátt ökuprófsins. „Ég gat hreinlega ekki einbeitt mér og féll í fyrstu tilraun. Eftir að ég fór að taka inn Clear Brain™-töflurnar stóðst ég bæði bóklega og verklega prófið. Þetta er frábært,“ útskýrir hún.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að pakka niður í tösku og keyra af stað. Ég þarf á bíl að halda til að komast ferða minna, ég á eitt barn sem býr í Kaupmannahöfn og annað sem býr á Norður-Sjálandi. Það var því mikilvægt fyrir mig að fá ökuskírteinið aftur,“ segir Ingelise, sem var í stjórnunarstöðu hjá hreingerningarfyrirtæki á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn áður en hún settist í helgan stein. Ingelise las um Clear Brain áður en hún ákvað að taka bílprófið á nýjan leik. „Ég las um Clear Brain á biðstofu tannlæknis og fékk strax áhuga á að prófa. Eftir að hafa tekið inn töflurnar í nokkrar vikur var ég orðin betri í sudoku, sem hefur reynst mér mikil áskorun. Ég átti auðveldara með að einbeita mér við lestur og muna það sem ég las. Ég stóðst síðan bóklega ökuprófið í annarri tilraun.“




**FANN FLJÓTT MUN**

„Það kom tímabil sem ég tók ekki inn Clear Brain-töflurnar og ég fann fyrir breytingu. Á þessu tímabili þurfti ég að læra fyrir verklega ökuprófið. Ég átti mjög erfitt með að einbeita mér og þurfti að æfa mig aftur og aftur að leggja bílnum í stæði, mér fannst þetta svo erfitt. Ég byrjaði því aftur að taka inn Clear Brain-töflurnar og fann fljótt muninn. Nú hef ég staðist bæði prófin. Ég ætla aldrei að hætta að taka inn Clear Brain-töflurnar og nýt þess að geta hoppað upp í bíl og keyrt þangað sem ég vil. Að leysa þrautir eins og sudoku er einnig orðin ánægjuleg skemmtun.“

Clear Brain-taflan færir þeim hluta heilans sem stjórnar minninu vítamín á einungis nokkrum klukkutímum. Rannsóknarniðurstöðurnar eru áhrifamiklar. Í töflunni er amínósýran L-theanine (amino acid L-theanin), sem fæst á náttúrulegan hátt úr grænu tei. Þegar heili í heilbrigðum manneskjum er skannaður kemur greinilega í ljós að heilabylgjurnar sýna aukna virkni innan fárra klukkutíma eftir að efnið er tekið inn.



**CLEAR BRAIN** Taflan færir þeim hluta heilans sem stjórnar minni vítamín á einungis nokkrum klukkutímum.






**ALLT ANNAÐ LÍF** Ingelise fann að hún hafði betri einbeitingu eftir að hún byrjaði að taka inn Clear Brain.

NEW NORDIC

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

***Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.***

IceCare
Þín heilsa

## ORGELSUMRI LÝKUR UM HELGINA



**Lokadagar Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju verða um næstu helgi þegar Andreas Liebig, organisti dómkirkjunnar í Basel í Sviss, heldur tvenna tónleika þar sem verk eftir Liszt, J.S. Bach, Reger, Franck og Duruflé fá að hljóma. Andreas Liebig hefur verið listrænn stjórnandi ýmissa tónleikaraða og tónlistarhátíða og hefur tekið upp tónlist Bachs á sögufræg orgel um víða veröld. Fyrri tónleikarnir verða laugardaginn 8. ágúst kl. 12 og seinni tónleikarnir, sem eru jafnframt síðustu tónleikar orgelsumarsins, verða sunnudaginn 9. ágúst kl. 17.**






# GRILLAÐ Í SÓL OG SUMARSKAPI

**VEISLA** *Það er svo gaman að grilla góðan mat. Hér er hugmynd að helgarkvöldverði fyrir fjóra á grillið. Grilluð kjúklingabringa með fersku mangó- og lárperusalati og grilluðum maískólfi. Fordrykkur fylgir auðvitað.*

Fyrst er hægt að útbúa hressandi fordrykk. Hann getur verið án áfengis en það má setja vodka út í hann kjósi fólk það.



***Drykkur miðað við eitt glas***
¼ vatnsmelóna
nokkur blöð af ferskri mintu
2 cm engiferrót

*Setjið allt í blandara og maukið.*



**HEIMAGERÐ GRILLSÓSA**
Þegar kvöldverður er ákveðinn er ágætt að búa fyrst til marineringu á kjúklingabringur. Hér er mjög góð uppskrift fyrir kjúkling en einnig má nota þessa sósu á annað kjöt, til dæmis svínarif. Miðað er við eina bringu á mann.

***Það sem þarf er***
500 g tómatsósa
250 g púðursykur
1 dl sterkt kaffi
1 msk. tabasco-sósa

*Setjið sykurinn í pott ásamt kaffinu. Hitið og látið sykurinn bráðna. Þá er tómatsósu bætt saman við ásamt tabasco. Grillsósan þarf að standa í að minnsta kosti klukkustund svo hún nái að brjóta sig.*

*Penslið fjórar kjúklingabringur með sósunni og leyfið þeim að standa í ísskáp í nokkra klukkutíma fyrir grill. Bringurnar eru síðan penslaðar aftur á grillinu og kryddaðar með salti og pipar. Grillið bringurnar í um það bil sex mínútur á hvorri hlið, fer eftir stærð. Best að hafa kjöthitamæli við höndina. Þegar hann sýnir 71°C eru bringurnar tilbúnar en þurfa að hvíla í smástund áður en þær eru skornar niður.*



**MANGÓ- OG LÁRPERUSALAT**
Með bringunum er upplagt að hafa sumarlegt mangó- og lárperusalat. Það passar einstaklega vel með kjúklingi og er frísklegt og gott.

***Það sem þarf***
2 lárperur, skornar í bita
2 mangó, skorin í bita
1 rauðlaukur, smátt skorinn
safi úr einni límónu
1 msk. ólífuolía
2 msk. smátt skorið ferskt kóríander
Setjið allt í skál og blandið vel saman.

**APPELSÍNU- OG FENNELSALAT**
Ef einhver hefur ekki áhuga á lárperusalati er hér önnur hugmynd að sumarsalati.

1 fennel, skorið í mjóar ræmur
3 appelsínur, skornar í sneiðar
½ rauður chili-pipar, smátt skorinn
Blandað salat úr poka
safi úr 2 límónum
¾ dl ólífuolía

*Setjið blandað salat á disk og síðan er annað hráefni sett yfir. Hrærið saman límónusafa og ólífuolíu og dreifið yfir salatið þegar það er borið á borð.*



**GRILLAÐUR MAÍS MEÐ SÍTRÓNUSMJÖRI**
Grillaður maís er mjög góður með grilluðu kjöti.
4 maískólfar
2 msk. lint smjör
safi og börkur af einni límónu
1 tsk. maldonsalt

*Þvoið maísinn og setjið síðan í sjóðandi vatn í 2 mínútur. Hrærið saman smjör, límónusafa og börk. Penslið maísinn með límónusmjöri og grillið í 6 mínútur. Snúið reglulega á grillinu. Berið fram með límónusmjöri og salti.*

# NOTALEGT Á NORÐURLANDI

*Ekkert lát er á afþreyingu norðan heiða þó verslunarmannahelgin sé að baki. Tvær hátíðir fara fram um helgina fyrir norðan hið minnsta.*

Handverkshátíðin á Hrafnagili í Eyjafirði stendur nú sem hæst en alls sýna 94 handverks- og listamenn verk sín. Í dag, laugardag, fer þar fram sérstakur matarmarkaður þar sem 55 aðilar úr héraði kynna afurðir sínar, þar verða meðal annars á boðstólum kornhænuegg og broddur.

Þá stendur yfir matarhátíðin Fiskidagurinn mikli á Dalvík um helgina þar sem gestum er boðið upp á fisk og fjör.

En fyrir þá sem vilja frekar njóta rólegheita er margt að skoða og njóta fyrir norðan.

Í gamla barnaskólanum á Skógum í Fnjóskadal er rekið kaffihúsið Nornakaffi og þaðan er stutt í náttúruperlurnar Vaglaskóg og Goðafoss í Bárðardal.

Innst í Bárðardal er annar fagur foss sem vert er að skoða, Aldeyjarfoss, og á Kiðagili í sömu sveit er bæði gisti- og veitingasala. Þá er Bárðardalur sögusvið hinnar margverðlaunuðu kvikmyndar Hrúta, sem frumsýnd var í vor en söguhetjur myndarinnar bjuggu á innstu bæjunum í dalnum, Mýri og Bólstað, en ekið er framhjá bæjunum á leiðinni að Aldeyjarfossi.

Í Mývatnssveit má njóta náttúrufegurðarinnar, bregða sér í jarðbað og demba sér svo í hvalaskoðun á Húsavík.

Á Húsavík er einnig nýtt og forvitnilegt safn, Könnunarsögusafnið, sem tileinkað er könnunarleiðöngrum ýmiss konar. Aðalsýning safnsins fjallar um æfingar amerísku geimfaranna sem fram fóru í nágrenni Húsavíkur á árunum 1965-67.



Fiskidagurinn mikli fer fram á Dalvík

# ENSKI BOLTINN




NORDICPHOTOS/GETTY

Boltinn rúllar
hjá Gaman Ferðum!

Vertu á staðnum!
Við eigum mikið úrval af ferðum
á enska boltann á góðu verði.
Fáðu stemninguna beint í æð!

Gaman Ferðir

Gaman Ferðir fljúga með WOW air

www.gaman.is / gaman@gaman.is / Sími 560 2000

# Tekst Mourinho að verja titilinn á ný?

● Chelsea mun reyna að verja titilinn í annað skiptið á öldinni en aðeins Chelsea og Manchester United hefur tekist það. Portúgalski þjálfarinn hefur ekki gert margar breytingar á leikmannahópnum og virðist ætla að keyra á sömu leikmönnunum annað árið í röð.

Chelsea varð enskur meistari með miklum yfirburðum á síðasta tímabili en verkefni tímabilsins í ár er eitthvað sem aðeins tveimur liðum hefur tekist á þessari öld, að verja enska meistaratitilinn. Sex ár eru síðan einhverju liði tókst að verja titil sinn þegar Manchester United stóð uppi sem sigurvegari vorið 2009 eftir spennandi baráttu við erkifjendurna í Liverpool.

Chelsea er annað þessara liða en undir stjórn Mourinhos varð Chelsea enskur meistari tvö ár í röð fyrstu tvö ár hans hjá félaginu og var það líkt og á síðasta tímabili með miklum yfirburðum.

Eftir að hafa misst titilinn yfir til Manchester United vorið 2007 greiddi skyndileg uppsögn portúgalska stjórans götuna fyrir Manchester United sem varð enskur meistari þrjú ár í röð.

Því miður fyrir önnur lið bendir hins vegar ekkert til þess að Mourinho sé á förum frá félaginu.



Mourinho hefur náð árangri hjá öllum félögum sínum en hann er í guðatölu hjá stuðningsmönnum Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### KEYRT Á SÖMU LEIKMÖNNUM

Gera má ráð fyrir að hryggsúla liðsins verði sú sama og á síðasta tímabili.

Fyrirliði liðsins, John Terry, verður eins og klettur og fyrir framan Terry verða þeir Matic og Fabregas að stýra spili liðsins.

Þrátt fyrir að hafa fengið til liðs við sig kólumbíska framherjann Falcao mun Diego Costa sem sló í gegn á sínu fyrsta tímabili verða fyrsti kostur áfram.

Líkt og síðast þegar Chelsea varði enska meistaratitilinn hafa litlar breytingar verið gerðar á leikmannahóp Chelsea í sumar. Stóra spurningin er hvort þreytumerki verði á liðinu?

Leikmennirnir sem farnir eru léku lítið á síðasta tímabili en búið er að finna staðgengla fyrir þá til þess að styrkja leikmannahópinn.

### EKKI SUMARSÆLA HJÁ CHELSEA

Chelsea hefur leik gegn Gylfa Þór Sigurðssyni og félögum í Swansea í lokaleik dagsins en árangur liðsins á undirbúningstímabilinu hefur verið slakur. Tókst liðinu ekki að vinna einn leik á undirbúningstímabilinu og töpuðust leikir gegn NY Red Bulls og Fiorentina.

Þá tókst leikmönnum Chelsea ekki að ógna marki Arsenal af neinni alvöru fyrir utan aukaspyrnu Oscars í leiknum um Samfélagsskjöldinn.

Chelsea lék án Costa í framlínunni gegn Arsenal og virkuðu Falcao og Remy hálf áttavilltir. Var sóknarleikurinn fyrir vikið afar bitlaus í leiknum.

Chelsea treystir á að þeir tveir geti leyst Costa af í upphafi móts en óvíst er hvenær hann verður leikfær. Mun því eflaust mikið mæða á Eden Hazard, besta leikmanni ensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili, í fjarveru Costa.

### HVERSU LENGI ENDIST MOURINHO?

Þrátt fyrir allan árangurinn hefur Mourinho aldrei enst fjögur tímabil með neitt lið.

Lengst stýrði hann Chelsea í fyrra skiptið í rúm þrjú tímabil en hann sagði upp eftir sex umferðir.

Entist hann aðeins eitt ár með Uniao de Leiria, tvö tímabil með Porto, tvö með Inter og þrjú með Real Madrid.

Gera má ráð fyrir að hann skrifi undir nýjan samning fljótlega en samningaviðræður hófust í vor. Eftir að hafa stýrt liði í þremur af stærstu fimm deildum Evrópu og verða meistari í þeim öllum hefur hann hvergi fundið fyrir jafn mikilli ást og á Brúnni.

**- kpt**




# Er þeirra tími kominn?

● Lærisveinar Wengers eru líklegir til afreka í vetur.

Arsenal mætir til leiks með nánast sama lið og í fyrra. Það er þó ein stór breyting á liðinu: Petr Cech er kominn í markið og hann gæti verið síðasta púslið sem vantaði til að breyta Arsenal úr næstum því liði í meistaralið.

Cech býr yfir mikilli reynslu og er sigurvegari, auk þess að vera enn frábær markvörður. Hann sannaði mikilvægi sitt strax í leiknum um Samfélagsskjöldinn, þar sem Arsenal vann hans gömlu félaga í Chelsea með einu marki gegn engu. Arsenal hefur ekki verið jafn vel sett með markmann síðan Þjóðverjinn Jens Lehmann var upp á sitt besta.

Arsene Wenger er að hefja sitt nítjánda tímabil sem knattspyrnustjóri Arsenal. Frakkinn byrjaði frábærlega hjá Arsenal og vann þrjá Englandsmeistaratitla og fjóra bikarmeistaratitla á fyrstu níu árum sínum hjá félaginu. En svo tók við níu ára löng bið eftir titli þar sem margir settu spurningarmerki við Wenger og hvort Frakkinn væri kominn á endastöð með liðið.

En eftir tvo bikartitla á síðustu tveimur árum og öflugan lokasprett á síðasta tímabili eru væntingarnar miklar fyrir tímabilið í ár. Og ekki að ástæðulausu. Arsenal var með besta liðið í seinni umferðinni í fyrra þar sem sterkur varnarleikur og beittur sóknarleikur fóru saman.

Ungu strákarnir Francis Coquelin og Héctor Bellerín komu nánast fullskapaðir inn í liðið, Santi Cazorla blómstraði eftir að hann var færður inn á miðjuna, Alexis Sánchez og Mesut Özil sýndu snilli sína og svo mætti lengi telja. Arsenal-liðið hefur líka mannast að undanförnu, það spilar vel gegn hinum toppliðunum, er harðgerara og lætur ekki vaða yfir sig eins og það gerði áður. Og þá er liðið byrjað aftur að vinna svokallaða vinnusigra og þeim á öruggleega eftir að fjölga með tilkomu Cech í markið.

Margt mælir með því að það verði Arsenal sem veiti ríkjandi meisturum Chelsea mesta keppni um Englandsmeistaratitilinn og svo gæti vel farið að Wenger myndi lyfta þeim stóra í byrjun maí eftir tólf ára langa bið.

**- iþs**



**Cech er markvörðurinn sem Arsenal hefur vantað síðan Jens Lehmann var upp á sitt besta.**


SAMSUNG
SAMSUNG
Galaxy S6 | S6 edge
NEXT IS NOW
12:45
12:45
KOMNIR Í NÆSTU VERSLUN
www.samsungmobile.is/s6
#NextIsNow

# Það er fátt meira sexí en góður leikmaður með kragann uppi

● Emil Pálsson, leikmaður FH, skrifar um búninga liðanna í ensku úrvalsdeildinni en hann hefur sterkar skoðanir á þessu málefni.




Þar sem ég lít á sjálfan mig sem mikinn tískuspekúlant og ákveðinn frumkvöðul á því sviði þá væri ég að ljúga ef ég segði að það hefði komið mér á óvart þegar ég var beðinn um að tjá mig um búninga liðanna í ensku úrvalsdeildinni.

Nike og Adidas hafa verið allsráðandi þegar kemur að búningum undanfarin ár en þegar kemur að liðunum sem enduðu í topp fimm á síðustu leiktíð eru aðeins tvö af þeim með sama framleiðanda í ár.

Búningarnir hjá Chelsea og Man. Utd eru keimlíkir þegar kemur að hönnun og er liturinn og merkingarnar á búningunum það eina sem skilur þá að.

Chelsea hefur þó vinninginn þar sem þessar hvítu rendur neðst á ermunum á Man U-búningunum eyðilögðu algjörlega fyrir mér daginn. Japönsku frændur mínir í Yokohama Tyres eru líka mættir sem sponsorar hjá Chelsea og það er að kveikja vel í mér.

Puma kemur virkilega sterkt inn í ár. Arsenal-búningurinn lítur mjög vel út. Snyrtilegur kragi og góð litasamsetning sem toppar sig með gullröndum á ermunum. Útivallarbúningur Arsenal er einnig algjört augnakonfekt þar sem gullið er yfirgnæfandi. Það eru ákveðin skilaboð í þessum búningum – Arsenal tekur titilinn í ár.



City-búningurinn er bara ágætur, ekkert meira en það. Hann fær stóran plús fyrir kragann en það er fátt meira sexí en góður leikmaður sem spilar með kragann uppi en á sama tíma fátt jafn kjánalegt og þegar lélegur leikmaður gerir það. Þetta er hættulegur leikur. En Nike er að vinna með sömu rendur og Adidas þarna neðst á ermunum og það fær mig til að efast um tilgang lífsins.

Tottenham-búningurinn. Hvar á ég eiginlega að byrja? Hræ af búningi, það er það fyrsta sem mér dettur í hug. Þegar leikmaður lítur út fyrir að vera í bílbelti þegar hann klæðist búningnum sínum vitum við að framleiðendurnir eru að gera eitthvað vitlaust. Og til að toppa allt þá eru þeir með sömu rendur á ermunum og City og United. Varabúningur Tottenham er enn þá verri en hann minnir meira á einhvers konar kjól heldur en fótboltabúning.

Ég get ekki sleppt því að taka Liverpool fyrir vegna þess að á óskiljanlegan hátt er hálf þjóðin með sjálfspíningarhvöt og heldur með þessu liði.

Þeir voru að skipta yfir í New Balance og ég verð að viðurkenna að þeir koma virkilega vel út. Einfaldir, stílhreinir og fágaðir.

Swansea. Gylfi myndi líta vel út í ruslapoka og hann mun láta þessa Swansea treyju lúkka eins og milljón dollara.

Erfitt er að bera saman Nike og Adidas þar sem aðeins eitt lið í deildinni er í Nike. Nike bauð upp á flottan kraga en Adidas hefur vinninginn þar sem stór hluti af liðum deildarinnar er undir þeim.




betsson.com™




ENSKI BOLTINN

# VEISLAN HEFST Í DAG

SPORT 2

*Í dag, laugardaginn 8. ágúst, verður blásið til leiks í Enska boltanum. Ná Arsenal, Liverpool og Manchester-liðin tvö að gera atlögu að titlinum eða sýna meistarar Chelsea sömu gæði og stöðugleika og á síðustu leiktíð? Fylgstu með Enska boltanum frá byrjun því veislan er að hefjast.*

10GB

Með enska pakkanum færðu **endalaust tal** og **10GB** á **3990 kr.**

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON Í GEGNUM ÁRIN**



Gylfi er hér með Reading í baráttu við Lucas, leikmann Liverpool.



Gylfi í búningi Hoffenheim að taka á Marco Reus.



Rooney reynir að hægja á Gylfa er hann lék með Spurs.

# Sérstakt að skora á Old Trafford

● Swansea kom skemmtilega á óvart í ensku úrvalsdeildinni og félagið er staðráðið í að fylgja þeim árangri eftir. Það er metnaður hjá félaginu og það ætlar að klifra ofar í töfluna. Íslenski landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson verður í lykilhlutverki hjá félaginu í vetur og ætlar sér að gera enn betur en í fyrra.

Gylfi Þór Sigurðsson verður eini Íslendingurinn í ensku úrvalsdeildinni í vetur. Hann þarf að fylgja eftir frábæru tímabili hjá sér í fyrra.

Þá skoraði Gylfi sjö mörk fyrir Swansea og gaf tíu stoðsendingar. Hann var í þriðja til fimmta sæti á lista yfir þá leikmenn sem gáfu flestar stoðsendingar í deildinni sem er ansi vel af sér vikið.

Stoðsendingarnar hefðu eflaust orðið fleiri ef hann hefði haft Wilfried Bony í liði með sér allt tímabilið.

### HÉLT MEÐ MAN. UTD

Swansea hafnaði í áttunda sæti í deildinni á síðustu leiktíð og náði þess utan að vinna báða sína leiki gegn Man. Utd og Arsenal. Swansea varð þriðja liðið í sögu úrvalsdeildarinnar sem afrekar það.

„Þar sem ég var stuðningsmaður Man. Utd þegar ég var yngri þá var auðvitað mjög sérstakt að skora á Old Trafford,“ sagði Gylfi Þór er hann rifjar upp leikinn eftirminnilega á Old Trafford í fyrra.

„Það var líka mjög skemmtilegt að vinna Arsenal á útivelli þó að við værum í vörn í 85 mínútur. Það var mjög sérstakt að vinna þann leik.“

### GETUM GERT BETUR

Swansea ætlar að byggja á þessum góða árangri frá síðustu leiktíð og Gylfi er sannfærður um að liðið geti gert enn betur í ár.

„Ef maður horfir yfir tímabilið í fyrra þá komu leikir þar sem við hefðum getað fengið meira út úr. Ég er á því að við getum gert enn betur þó svo tímabilið í fyrra hafi verið mjög flott,“ segir okkar maður.

### ÞURFUM AÐ TAKA NÆSTA SKREF

Liði Swansea er stýrt af hinum 36 ára gamla Garry Monk og sá sannaði í fyrra að hann kann ýmislegt fyrir sér í fræðunum.

„Nú þurfum við að taka næsta skref. Mér fannst við vera frábærir í fyrra og tókum þá stórt skref fram á við. Ég er metnaðarfullur og vil taka annað stórt skref í viðbót. Sem þjálfari þá verður maður alltaf að vilja meira. Maður á aldrei að vera sáttur,“ segir Monk.

> **Ég er á því að við getum gert enn betur þó svo tímabilið í fyrra hafi verið flott.**

Til þess að bregðast við brotthvarfi Bony þá hefur Monk fengið framherjana Eder, sem kom frá Braga, og svo Andre Ayew frá Marseille í Frakklandi.

„Ég var búinn að ákveða snemma hvaða framherja ég vildi fá og við gengum frá kaupunum snemma. Þá koma þeir strax í hópinn og geta tekið fullan undirbúning. Mér finnst það skipta máli. Liðið er nánast fullmótað en það gætu fleiri komið á lokasprettinum.“

### ENGIN VIRÐING FYRIR CHELSEA

Tímabilið byrjar með látum hjá Swansea því liðið sækir meistara Chelsea heim á morgun.

„Við munum mæta óhrædd-ir og gera allt sem við getum til þess að gefa þeim leik. Við munum reyna að trufla þeirra leik og nýta þau tækifæri sem við fáum. Við erum ekki lið sem gefur neitt eftir og förum í þennan leik til þess að taka þrjú stig eins og alltaf.“

Framtíðin virðist vera björt hjá Swansea. Unglingalið félagsins er að spila í hærri styrkleikaflokki og svo stendur til að stækka heimavöll félagsins.

„Þetta er félag í uppbyggingu og við reynum að gera allt í réttum skrefum. Við verðum að flýta okkur hægt. Innviðirnir verða að vera sterkir sem og grunnurinn svo hægt sé að fljóta áfram í rétta átt. Takmarkið er að félagið verði sterkara með hverju árinu,“ segir Garry Monk.




Ný tækifæri. Gylfi Þór er hér í æfingaleik með Swansea um síðustu mánaðamót. Hann verður í lykilhlutverki hjá Swansea.

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 23 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á **www.pfs.is**

## Sérfræðingur í netöryggissveit PFS (CERT-ÍS)

Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing í netöryggissveit PFS . Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Þá tekur netöryggissveitin þátt í því að tryggja virkni almennra fjarskiptaneta, vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu og vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Þátttaka í þróun starfs netöryggissveitarinnar
- Meðhöndlun öryggisatvika (e. incident handling)
- Skýrslugerð um öryggisógnir og atvik
- Yfirferð öryggismála hjá ytri aðilum
Starfið felst í aðstoð í eldhúsi og framleiðslu á meðlæti fyrir kaffihús fyrirtækisins. Unnið er á kokkavöktum frá kl. 06.-14. Unnið er aðra hvora helgi. Viðkomandi þarf að vera röskur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Einungis eldri en 25 ára koma til greina.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir berist á gunnvant@teogkaffi.is**

Fagmennska – Þekking – Upplifun

teog kaffi.is

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

### Laus er staða skrifstofustjóra grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Starfssvið skrifstofustjórans er m.a. að hafa forystu í fagmálum grunnskóla, þ.e. þróun starfshátta og skólastarfs í samræmi við skóla- og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Skrifstofustjórinn stýrir grunnskólahluta fagskrifstofu sviðsins, er næsti yfirmaður skólastjóra grunnskóla Reykjavíkur og forstöðumanna margmiðlunarvers og skólasafnamiðstöðvar og situr í framkvæmdastjórn og tilheyrir yfirstjórn sviðsins.

**Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:**
- Fagleg forysta í skólastarfi í grunnskólum, frumkvæði að þróun þess og innleiðingu nýrra hugmynda og úrræða
- Eftirlit með grunnskólastarfi og þátttaka í mati á árangri skóla
- Skipulagning og stýring á starfsemi grunnskólahluta fagskrifstofu og faglegt samstarf við skrifstofustjóra leikskóla- og frístundamála
- Þátttaka í stefnumótun í skóla- og frístundamálum í samvinnu við skóla- og frístundaráð ásamt framkvæmd og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins sem snúa að grunnskólamálum
- Þátttaka í starfs- og fjárhagsáætlunargerð grunnskóla ásamt annarri áætlanagerð
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur
- Samstarf við opinbera aðila í skóla- og frístundamálum innan lands og utan

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynsla af því að leiða breytingar
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og rekstri æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og kunnátta í norrænu máli er kostur

Skóla- og frístundasvið annast rekstur 64 leikskóla, 36 grunnskóla og 6 frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum. Jafnframt heyrir rekstur Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar, margmiðlunarvers, eins tónlistarskóla og fjögurra skólahljómsveita undir sviðið.
**Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst n.k.**

Laun eru skv. ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur á hæfni til þess að gegna starfinu ásamt framtíðarsýn varðandi mikilvægustu umbætur í grunnskólamálum í borginni.

Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: **audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---




## SPENNANDI TÆKNIFÆRI HJÁ NÝHERJA

Við leitum að öflugum söluráðgjöfum sem hafa áhuga á upplýsingatækni og metnað til að fara fram úr væntingum viðskiptavina.

**Söluráðgjafi í hugbúnaðarlausnum**
» Ráðgjöf og sala á hugbúnaðarlausnum til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði
» Ráðgjöf í Microsoft leyfismálum
» Öflun viðskiptatækifæra hjá nýjum og núverandi viðskiptavinum
» Tilboðs- og samningagerð

**Söluráðgjafi í verslun í Borgartúni**
» Ráðgjöf og sala á tölvu-, hljóð- og myndbúnaði til viðskiptavina
» Uppstilling og umhirða verslunar
» Öflun nýrra viðskiptatækifæra

**Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst 2015.** Sótt er um starfið á vef Nýherja, nyherji.is/atvinna. Nánari upplýsingar veitir Elva Tryggvadóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, **elva.tryggvadottir@nyherji.is**.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS

**NÝHERJI**

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Hjá móðurfélaginu starfa 270 manns en hjá samstæðunni um 470. Dótturfélög Nýherja eru TM Software, Tempo og Applicon á Íslandi og í Svíþjóð. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

www.lyfja.is

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 75581 08/15

LYFJA
– Lífið heil



# Auga fyrir markaðnum

*Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingi í starf markaðsfulltrúa.*

Markaðsfulltrúi hefur umsjón með uppfærslu efnis og innsetningu á vefi fyrirtækisins og samfélagsmiðla. Í starfinu felast m.a. samskipti við auglýsingastofur og birgja vegna auglýsinga. Markaðsfulltrúi heldur jafnframt utan um markaðstengd verkefni og tekur þátt í sérverkefnum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Starfið er spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á skemmtilegum vinnustað.

*Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*

**Hæfniskröfur:**
*Háskólapróf sem nýtist í starfi og/eða áralöng reynsla af markaðsmálum. Færni í textagerð, íslensku máli og prófarkalestri. Hæfni í Photoshop, Illustrator og InDesign er mikill kostur. Sjálfstæð vinnubrögð, hugmyndaauðgi, frumkvæði og áreiðanleiki. Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum, metnaður og skipulagshæfileikar.*

**Umsóknarfrestur er til 16. ágúst nk.**
**Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**
**Sækja má um starfið á heimasíðu okkar www.lyfja.is**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.*

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson starfsmannastjóri í síma 530 3800 eða hallur@lyfja.is

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÓSKAST

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við sjúkrahúsið Vog.
Vaktavinna- starfshlutfall samkomulagsatriði.

**Upplýsingar veitir**
**Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri Vogs.**
**Netfang:thora@saa.is**
**Sími 8247615**

HELSE PERSONAL AS

## Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie, respiratorteam og bofellesskap.

Dekker bolig og reise etter fastsatte satser.

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske norsk, dansk eller svensk språk godt både skriftlig og muntlig.

**Tirsdag 25/8-15 kl 10.00 til 18.00 er vi å møte på Hotel Plaza Reykjavik, og DU er velkommen innom.**

**Send oss gjerne en mail i forkant med din CV.**

**Kontaktinformasjon:**
Helse Personal, **post@helsepersonal.no**
Tlf 00 47 902 80 287
**www.helsepersonal.no**

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# DIRTY BURGER & RIBS LEITAR AÐ FRAMKVÆMDA-STJÓRA

**HLUTVERK:**

- ★ Ábyrgð á daglegum rekstri.
- ★ Áætlunargerð og eftirfylgni áætlana.
- ★ Stjórnun mannauðs.
- ★ Samskipti við birgja og samstarfsaðila.
- ★ Upplýsingagjöf til stjórnar.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- ★ Háskólamenntun sem nýtist í starfi kostur.
- ★ Reynsla af rekstri og stjórnun skilyrði.
- ★ Þekking á sambærilegum markaði kostur.
- ★ Framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Um DBR ehf:**

Félagið rekur tvo veitingastaði í Reykjavík þar sem leitast er við að bjóða viðskiptavinum mat í hæsta gæðaflokki á hagstæðu verði.

Hröð þjónusta, gæði og einfaldleiki eru einkunnarorð félagsins.

Félagið er í góðum rekstri með mikla vaxtarmöguleika.




Umsókn með ferilskrá sendist á umsokn@dbr.is fyrir 16. ágúst.
Nánari upplýsingar eru veittar í gegnum netfangið umsokn@dbr.is

**dirtyburgerandribs.is**

## Vélstjóri
## Hrísey Perla Eyjafjarðar

Vélstjóra vantar á Hríseyjarferjuna Sævar frá og með næstu mánaðarmótum.
Þarf að vera með réttindi VS-III eða meira.

Umsóknir sendist: eyfangehf@simnet.is

# Nesfrakt

**Nesfrakt óskar eftir starfsmönnum í eftirtaldar stöður**

- Svæðisstjóri á austurlandi. Með aðsetur á Fáskrúðsfirði.
- Viðkomandi þarf að hafa meirapróf vera nákvæmur,drífandi og með mikla þjónustulund
- Meiraprófsbílstjóri í útkeyrslu á frá Egilsstöðum og Fáskrúðsfirði
- Flutningsstyrkur í boði fyrir þá sem búa utan austurlands.

Frekari upplýsingar gefur Arnar Ólafsson
í síma 7731630 eða **arnar@nesfrakt.is**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

## SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

**Ert þú röskur og lífsglaður sölusnillingur með áhuga á heilbrigðu líferni?**

Í boði er starf á líflegum vinnustað í jákvæðu starfsumhverfi. Verkefni eru m.a. að annast tilboðsgerð, frágang sölusamninga, sinna viðhaldi viðskiptatengsla og öflun nýrra viðskiptavina.

Vinnutími er kl. 11-19 mán til fim. og 09-17 á fös. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölustörfum, vera metnaðarfullur og árangursdrifinn og hafa ánægju af mannlegum samskiptum. Þarf auk þess að hafa frumkvæði, eiga gott með að vinna í teymi, vera reyklaus og hafa áhuga á heilsurækt.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá með mynd og upplýsingum um meðmælendur á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 15. ágúst.




# Tækniskólinn óskar eftir starfsfólki

## Kennarastöður

**Enskukennari**
Upplýsingar veitir Kolbrún Kolbeinsdóttir, netfang kk@tskoli.is og í síma 891 9230.

**Málmiðnaðarmaður/Vélfræðingur**
Upplýsingar veitir Egill Guðmundsson, netfang egud@tskoli.is og í síma 822 2354.

Umsækjendur skulu hafa fullgild kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugreinum, sbr. lög nr. 87/2008.

**Umsóknarfrestur er til 14. ágúst.**

## Náms- og starfsráðgjafi

**50–100% stöðugildi**
Upplýsingar veitir Þór Pálsson, netfang thp@tskoli.is og í síma 659 1461.

**Umsóknarfrestur er til 14. ágúst.**

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Stúdentakjallarinn auglýsir eftir starfsfólki

**Vaktstjóri.** Leitum að starfsmanni með mikla þjónustulund, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum. Þarf að vera röskur, geta unnið sjálfstætt en einnig vel undir stjórn annarra, stundvís og reglusamur. Vaktstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri, uppgjöri og starfsmannahaldi við afgreiðslu á bar. Vinnutími kl. 10 til 18 virka daga og annan hvern laugardag eða sunnudag.

**Starfsfólk í eldhús.** Leitum að rösku, duglegu og áreiðanlegu starfsfólki. Reynsla af starfi í eldhúsi æskileg. Viðkomandi þarf að vera stundvís og reglusamur, með þjónustulund, hæfur í mannlegum samskiptum, geta unnið sjálfstætt og undir stjórn annarra. Unnið er á tólf tíma kokkavöktum.
*Ráðið er til 8. maí 2016 með möguleika á framtíðarstarfi.*

***Áhugasamir sendi umsókn á starf@fs.is fyrir 14. ágúst.***

Félagsstofnun stúdenta á og rekur veitinga- og skemmtistaðinn Stúdentakjallarann sem staðsettur er á Háskólatorgi. FS rekur einnig Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Leikskóla stúdenta, veitingasöluna Hámu, Kaffistofur stúdenta og Bókakaffi stúdenta. Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Hlutverk hennar er að veita stúdentum við Háskóla Íslands ódýra og fjölbreytta þjónustu.

Háskólatorgi, 3. hæð Sæmundargötu 4 Sími 570 0700 fs@fs.is www.fs.is




Myndgreiningarþjónusta

LANDSPÍTALI

# GEISLAFRÆÐINGAR

*Spennandi framtíðarstörf á röntgendeild Landspítala. Fjölbreytt og umfangsmikil myndgreiningarþjónusta er veitt allan sólarhringinn. Þar starfa á um annað hundrað manns.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Framkvæmd myndgreiningarrannsókna
- Sérhæfð verkefni eftir atvikum sem heyra undir starfsemi deildar
- Virk þátttaka í gæðastarfi
- Skráning í upplýsingakerfi deildar (RIS og PACS)
- Stuðla að góðri myndgreiningarþjónustu

**Hæfnikröfur**

- Mjög góð samskiptahæfni og fagleg framkoma
- Hæfni og geta til starfa í teymi
- Faglegur metnaður og sjálfstæði í starfi
- Geta til að hafa yfirsýn yfir verkefni
- Frumkvæði og skipulagsfærni
- Íslenskt starfsleyfi geislafræðings

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2015.**

Starfshlutfall er 100%, dag- og vaktavinna. Störfin eru laus frá 1. september 2015. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á landspitali.is, undir „Laus störf“. Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veitir Díana Óskarsdóttir deildarstjóri (dianaosk@landspitali.is, 825 5834).

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

ÍAV

# TRÉSMIÐIR / RAFVIRKJAR TÆKJAMENN / VERKAMENN

*ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.*

*Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.*



**Vegna aukinna verkefna á suðurnesjum óskar ÍAV eftir að ráða metnaðarfulla starfsmenn til starfa á eftirfarandi sviðum.**

- **Rafvirkjar og nemar**
  ÍAV óskar eftir að ráða rafvirkja og nema til starfa á suðurnesjum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
- **Trésmiðir og nemar**
  ÍAV óskar eftir að ráða trésmiði og nema til starfa á suðurnesjum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
- **Tækjamenn**
  ÍAV óskar eftir að ráða fólk með vinnuvélaréttindi til starfa á suðurnesjum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
- **Byggingaverkamenn**
  ÍAV óskar eftir að ráða byggingaverkamenn til starfa á suðurnesjum. Kostur að viðkomandi hafi minna vinnuvélaréttindin. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Fyrir rétta aðila eru í boði góð laun, góður starfsandi og góð starfsaðstaða.

*Nánari upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri í síma 530-4200.*

*Upplýsingar vegna rafvirkja veitir Ásgeir Gunnarsson fagstjóri raflagna í síma 693 4310.*

*Umsóknir má finna á heimasíðu ÍAV, www.iav.is*

***Við breytum vilja í verk***

bsi. ISO 9001 Quality Management FM 512106 OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

Flóaskóli

# Flóaskóli leitar að þroskaþjálfa í 100% starfshlutfall

Starf í Flóaskóla grundvallast af því lífsviðhorfi að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er svo hann fái tækifæri til þess að vaxa og dafna og vera besta útgáfan af sjálfum sér. Skólinn styðst við uppbyggingarstefnuna og vinnur eftir Olweus áætlun gegn einelti. Í skólanum er góður starfsandi og starfsfólk vinnur markvisst að skólaþróun og er því Flóaskóli góður staður fyrir einstaklinga með áhuga á að vinna áhugavert starf með börnum í góðum skóla.
Í Flóaskóla eru 93 nemendur í 1.-10. bekk. Flóaskóli er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, (í u.þ.b. 15 mín. akstursfjarlægð frá Selfossi).

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Veitir fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks skólans og forráðamanna eins og þurfa þykir.
- Vinnur með og aðstoðar nemanda/nemendur við að ná markmiðum sínum.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs innan skólans.
- Vinnur í nánu samstarfi við foreldra, kennarar og annað starfsfólk skólans er viðkemur nemanda/nemenda.
- Hefur umsjón með skipulagningu og framkvæmd á sérhæfðum verkefnum og sérhæfðri þjálfun nemanda/nemenda

**Hæfniskröfur**
- Réttindi sem þroskaþjálfi (önnur menntun sem nýtist í starfi ef ekki fæst einstaklingur með réttindi sem þroskaþjálfi)
- Reynsla af starfi með einhverfum börnum kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Jákvæðni og áhugi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands.

**Umsóknarfrestur: Framlengdur til 17. ágúst 2015.**

**Ráðningarform.:** Tímabundin ráðning **(frá 25. ágúst 2015 til 7. júní 2016).** Nánari upplýsingar um starfið gefur Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri í síma 859-3460.
Umsóknir skal senda á netfangið annagreta@floaskoli.is

WWW.FABRIKKAN.IS BORÐAPANTANIR Í SÍMA 575 7575

ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010



SÁ SEM FANN UPP HAMBORGARANN VAR KLÁR.
**SÁ SEM FANN UPP OSTBORGARANN VAR SNILLINGUR.**
*Matthew McConaughey*

# FABRIKKAN Í REYKJAVÍK AUGLÝSIR

*Vegna aukinna umsvifa leitum við að fólki sem brosir meira en góðu hófi gegnir og hefur brennandi þörf fyrir að láta öðru fólki líða vel.*

ÞJÓNAR:
Við leitum að fólki sem nýtur þess að snúast kringum aðra og geislar af þjónustugleði. Sjarmatröllum sem sinna störfum sínum af metnaði og ábyrgð. Fólki sem lítur á öll afmæli sem sitt eigið afmæli.

ELDHÚSSTARFSMENN:
Við leitum að töffurum af báðum kynjum sem vilja vinna „í hitanum“. Nöglum sem kalla ekki allt ömmu sína. Töppum sem eru tilbúnir í hvað sem er til að skila hinum fullkomna borgara á borð viðskiptavina okkar.

***Ef þú heldur að þú sért með'etta,*** sendu þá umsókn ásamt ferilskrá og mynd á **atvinna@fabrikkan.is** merkt: ***„Fabrikkan Reykjavík – þjónn“*** eða ***„Fabrikkan Reykjavík – eldhússtarfsmaður“.***

www.facebook.com/fabrikkan www.youtube.com/fabrikkan. www.instagram.com/fabrikkan

CAFÉ
**MEZZO**

**Við leitum að skemmtilegum, duglegum og jákvæðum einstaklingum með reynslu af kaffihúsi bæði í fullt starf og hlutastörf (kvöld- og helgar) sem allra fyrst.**

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á ***mezzo@mezzo.is*** merkt **„Mezzo starf"** sem fyrst.

*Café Mezzo er einstakt kaffihús með fallegu útsýni staðsett á 2. hæð við Lækjargötu. Lögð er áhersla á afbragðs þjónustu og gæði.*

---

Gallery
Restaurant

## Barþjónn – kvöld og helgarvinna

Gallery Bar á Holtinu leitar eftir góðum barþjón til þess að sjá um gesti okkar. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af barstörfum og einstaka þjónustulund.
Unnið er kvöldvaktir, 15 daga í mánuði.

## Þjónar og aðstoðarfólk í sal

Gallery Restaurant leitar að vönum þjónum í kvöld og helgarvinnu. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af veitingastörfum og einstaka þjónustulund.

**Ferilskrá ásamt mynd sendist á umsokn@holt.is**

***Gallery Restaurant – Hótel Holt.***
**www.holt.is**

---

# Organisti

Staða organista við Húsavíkurkirkju og Snartastaðakirkju við Kópasker er laus til umsóknar. Samtals er um að ræða 75% starf en til viðbótar því er í boði starf við tónlistarkennslu á svæðinu eftir því sem aðstæður leyfa. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Árni Sigurbjarnarson: netfang, arni@northsailing.is eða í síma 894 9351
Pétur Helgi Pétursson: netfang petur@hvammurhus.is eða síma 863 9318.

---

Gæða BAKSTUR SÍÐAN 1993 · ÖMMUBAKSTUR

## SÖLUMAÐUR 100% STARF

**Gæðabakstur / Ömmubakstur auglýsir eftir hraustum starfsmanni í 100% sölustarf við útkeyrslu og áfyllingar í verslunum. Um er að ræða starf frá kl 06:30.**

**Starfssvið:**

Útkeyrsla, pantanir og áfyllingar í verslunum
Eftirlit með framstillingum
Samskipti við verslunarstjóra

**Hæfniskröfur:**

- Skrifa og tala íslensku
- Bílpróf
- Góð skipulagsfærni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvísi, reglusemi og sveigjanleiki
- Góð mannleg samskipti
- Snyrtimennska
- Hreint sakavottorð

Viðkomandi þarf að geta byrjað fljótlega.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á **umsokn@gaedabakstur.is** fyrir **12. ágúst 2015**

---

# Vörustjóri fyrir SensorX

Marel leitar að vörustjóra fyrir SensorX röntgenlausnir. SensorX er leiðandi vara á sínu sviði í gæðaskoðun kjötafurða. Starfið mun fela í sér náið samstarf bæði með vöruþróun og söluneti Marel. Einnig felst í starfinu ferðalög til viðskiptavina og samstarfsaðila erlendis.

**Starfslýsing**

- Veita almenna ráðgjöf til viðskiptavina um SensorX röntgenkerfi
- Veita söluneti Marel vinnslu- og tækniráðgjöf
- Greina framtíðarmöguleika og viðskiptatækifæri
- Vinna að og framfylgja markaðsáætlun fyrir SensorX
- Stefnumótun fyrir SensorX vörulínuna
- Gerð stuðningsefnis fyrir sölunet

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
- Reynsla af vörustjórnun er kostur
- Reynsla af stefnumótun er kostur
- Jákvætt viðhorf og hæfni til að vinna í hópi
- Þekking á matvælaiðnaði er kostur

Umsóknarfrestur er til 16. ágúst næstkomandi. Við tökum á móti umsóknum á heimasíðu Marel, marel.com/jobs.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Pálmi Freyr Bárðarson, Palmi.Bardarson@marel.com.

**Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað.**

marel.com
marel

---

HÓTEL KEA

## YFIRÞJÓNN

### Hótel Kea óskar eftir að ráða yfirþjón.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi stjórnunarstarf.
Á Hótel Kea er fjölbreyttur veitingarekstur auk þess sem mikið er um fundi og ráðstefnur.
Múlaberg, bistro & bar er veitingastaður hótelsins og þar er boðið upp á fjölbreyttan og metnaðarfullan matseðil og skemmtilega barstemmingu í notalegu umhverfi.
Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Almenn vinna á veitingastað og í sölum
Dagleg stjórnun
Vörukaup
Starfsmannahald

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Meistararéttindi í framreiðslu æskileg
Reynsla af stjórnun æskileg
Góð samstarfs- og samkiptahæfni
Frumkvæði og skipulagshæfileikar













### Hótel Kea / Múlaberg bistro & bar

**er einnig að leita eftir fólki í hlutastörf í haust og vetur.**
**Okkur vantar starfsfólk í sal, eldhús og herbergjaþernur.**

múlaberg
BISTRO & BAR

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið óskast sendar á netfangið jonfridrik@keahotels.is fyrir 17. ágúst nk.
Einungis reyklausir einstaklingar koma til greina.

# Á fljúgandi ferð

*Vegna sífellt vaxandi flugumferðar og umsvifa á Keflavíkurflugvelli og víðar óskar Isavia eftir öflugu fólki á ýmsum sviðum.*

## Þjónustuliði

Við leitum að glaðlyndum og sérstaklega þjónustulunduðum einstaklingum með góða samskiptahæfileika til starfa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þjónustuliðar veita farþegum bestu þjónustu sem mögulegt er með því að vera þeim innan handar, veita upplýsingar og greiða fyrir för þeirra með réttum úrræðum.

Meðal helstu verkefna er þjónusta við farþega, umsjón og eftirlit með þjónustuborðum, eftirlit með búnaði sem farþegar nota og önnur tilfallandi verkefni sem snúa að aðstoð við farþega. Unnið er á dag- og næturvöktum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Aldurstakmark 20 ár
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í samskiptum
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Góð kunnátta í ensku og íslensku – þriðja tungumál er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst**

## Hópstjóri þjónustuliða

Hópstjóri leiðir teymi þjónustuliða og sinnir sjálfur daglegum verkefnum þjónustuliða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Gerð er krafa um góða samskiptafærni og sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er á dag- og næturvöktum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Starfsreynsla sem nýtist
- Stjórnunarhæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst**



## Rafeindavirki

Við óskum eftir að ráða rafeindavirkja í eignaumsýsludeild Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Meðal helstu verkefna eru uppsetning, viðgerðir og eftirlit með rafeindabúnaði.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rafeindavirkjun
- Reynsla af viðgerðum á stafrænum og hliðrænum rafeindabúnaði
- Góð tölvukunnátta
- Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á aðgangsstýringum og öryggiskerfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst**

## Sérfræðingur í rekstri farangurskerfa

Við óskum eftir að ráða sérfræðing í rekstri farangurskerfa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Meðal helstu verkefna er dagleg umsjón með virkni, viðhaldi og viðhaldsáætlunum farangurskerfa, ábyrgð á gæðakerfi, gerð og eftirfylgni rekstraráætlana ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði vélaverkfræði, véltæknifræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla eða menntun á sviði framleiðslu- eða færibandakerfa er æskileg
- Góð tækni- og tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli

**Umsóknarfrestur er til 13. september**

Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi á **www.isavia.is/atvinna**

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

**Isavia hlaut gullmerki PwC** fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við stefnu fyrirtækisins um að vinna að jafnréttismálum og hvatning til að halda áfram á þeirri leið.

15-1662 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## Fluggagnafræðingur – starfsnám

Isavia óskar eftir nemum í fluggagnafræði. Störf fluggagnafræðinga felast í vöktun flugstjórnarkerfa fyrir flugstjórnarmiðstöð og samskiptum við flugrekendur, flugafgreiðsluaðila og flugmenn vegna flugáætlana. Námið hefst í lok september og eru **nemendur á launum á námstímanum.**

Þeim sem standast lokapróf verður boðið starf fluggagnafræðings. Unnið er á dag- og næturvöktum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvu æskilegur
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli

**Nýnemar þurfa að standast lesblindupróf**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst**

## Flugfjarskiptamaður – starfsnám

Isavia óskar eftir nemum í flugfjarskiptum. Störf flugfjarskiptamanna fela í sér fjarskiptaþjónustu við flug yfir N-Atlantshaf og miðlun flugtengdra upplýsinga til flugstjórnarmiðstöðva, flugfjarskiptastöðva, flugmanna, flugrekenda, veðurstofu og annarra hlutaðeigandi aðila. Námið hefst í lok september og eru **nemendur á launum á námstímanum.**

Þeim sem standast loka próf verður boðið starf flugfjarskiptamanns. Unnið er á dag- og næturvöktum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvu æskilegur
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli

**Nýnemar þurfa að standast lesblindu- og heyrnarpróf**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst**

## Flugvallarstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli

Við leitum að kraftmiklu fólki til starfa á Keflavíkurflugvelli. Umsækjendur þurfa að vera heilsuhraustir og kröfur eru gerðar um gott líkamlegt atgervi. Á meðal helstu verkefna eru snjóruðningur, hálkuvarnir og viðhald flugvallarins, björgunar- og slökkviþjónusta ásamt viðhaldi bifreiða, þungavinnuvélar og annarra tækja. Unnið er á dag- og næturvöktum.

**Hæfniskröfur:**

- Aukin ökuréttindi eru skilyrði
- Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Iðnmenntun (bifvélavirkjun, vélvirkjun eða svipað) sem nýtist í starfi sem og vinnuvélapróf eru einnig kostir
- Gott vald á íslensku og ensku
- Undirstöðukunnáttu á tölvur er nauðsynleg

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst**

## Rútubílstjóri í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Við leitum að liprum, glaðlyndum og sveigjanlegum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika og geta unnið undir álagi. Um er að ræða vaktavinnu.

Störf rútbílstjóra felast í að ferja farþega frá flugstæðum að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, umhirða rútu og bíla ásamt öðrum tilfallandi vekefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Próf á hópferðabifreið er kostur
- Vandvirkni og skipulag nauðsynlegt
- Góða færni í íslensku og ensku

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst**

Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi á **www.isavia.is/atvinna**

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 940 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

ISAVIA

» Ráðningarþjónusta

# Vaktstjóri

Tokyo Sushi óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa. Um vaktavinnu er að ræða og er unnið frá kl. 10:15 til kl. 21:30 nema á sunnudögum þá byrja vaktir kl. 14:15. Unnið er tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina.

## » Starfssvið

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt
- Umsjón með starfsfólki
- Umsjón með uppgjöri

## » Hæfniskröfur

- Hæfniskröfur:
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Metnaður og frumkvæði í starfi
- Sjálfstæði og vönduð vinnubrögð

**Veitingastaðir Tokyo Sushi** eru staðsettir í Glæsibæ og á Nýbýlavegi. Þar er allt shushi gert jafn óðum rétt eins og á Tokyo Express stöðunum okkar í Krónuverslunum.

TOKYO sushi

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Blikksmíði ehf

**Óskar eftir blikksmiðum eða vönum mönnum í Blikksmíðavinnu, einnig aðstoðarmönnum.**

Upplýsingar í síma: 893 4640 eða blikksmidi@simnet.is

# VANTAR ÞIG VINNU?

## OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!

NINGS óskar eftir að ráða sendla, fólk í afgreiðslu og í eldhús. Full störf og aukastörf í boði

Nings er austurlenskur veitingastaður sem leggur metnað í góðan mat og fyrirmyndar þjónustu.

ERT ÞÚ RÉTTA MANNESKJAN?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að fara inn á www.nings.is/atvinna/ og leggið inn umsókn

NINGS

LYFJA – Lífið heil

# Spennandi störf hjá Lyfju



### Lyfjatæknir

**Við leitum að samviskusömum lyfjatæknum. Í starfinu felst meðal annars:**
- Lyfjapökkun
- Aðstoð í „receptur", m.a. við frágang og afhendingu lyfja
- Afhending lyfja gegn lyfseðli
- Afgreiðsla og ráðgjöf um val og notkun lausasölulyfja
- Afgreiðsla á kassa og ráðgjöf um vörutegundir í verslun

Um er að ræða störf á höfuðborgarsvæðinu og Ísafirði.

### Umsjónarmaður verslunar á Sauðárkróki

**Við leitum að metnaðarfullum og skipulögðum starfsmanni til að hafa umsjón með verslun Lyfju á Sauðárkróki. Í starfinu felst meðal annars:**
- Yfirumsjón með uppstillingu og framsetningu á vörum
- Eftirlit með því að verslunin sé ávallt hrein og snyrtileg
- Fylgjast með sölutölum og vöruflæði
- Panta inn vörur í samræmi við ákvarðanir fyrirtækisins
- Samskipti við birgja í samráði við verslana- og markaðssvið Lyfju
- Afhending lyfja gegn lyfseðli og ráðgjöf um val og notkun lausasölulyfja
- Afgreiðsla og ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum í verslun

Unnið er frá kl. 10:00–18:00 mánudaga og föstudaga, frá 10:00–16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga og frá kl. 11:00–13:00 annan hvern laugardag.

### Verslunarstörf

**Við leitum að sölu- og afgreiðslufólki í okkar frábæra starfsmannahóp.** Um er að ræða bæði hlutastörf eftir hádegi og störf samkvæmt vaktaskema í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Í boði eru líflegir vinnustaðir, gott vinnuumhverfi og góður starfsandi. Í starfinu felst meðal annars:
- Afgreiðsla á kassa
- Ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum í verslun
- Afhending lyfja gegn lyfseðli
- Afgreiðsla á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra

Við leitum að drífandi starfsfólki með ríka þjónustulund, söluhæfileika, góða tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi.
Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

**Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.**

**Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu okkar, www.lyfja.is og hjá starfsmannahaldi í síma 530 3800. Tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is. Umsóknarfrestur er til 18. ágúst.**

fagtækni

# Rafvirkjar óskast!

Fagtækni hf leitar eftir rafvirkjum/tæknimönnum til starfa vegna góðrar verkefnastöðu. Framtíðarstörf í boði fyrir rétt fólk. Laun samkvæmt samkomulagi.
**Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið fagtaekni@fagtaekni.is eða hafið samband í síma 6606904 (Eiríkur)**

Fagtækni hf er framsækið fyrirtæki sem sinnir þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á breiðu sviði rafkerfa. Einnig sækir Fagtækni hf mikið á útboðsmarkað samhliða sterkum aðalverktökum sem ávallt hefur verið gott samstarf við. Starfsemi Fagtækni hf spannar allt frá flóknum tölvu-, smáspennu- og stýrikerfum yfir í lausnir fyrir stóriðju- og skiparafkerfi svo störfin eru fjölbreytt. Fagtækni hf leitast ávallt við að vera í fremstu röð þegar kemur að tækninýjungum sem koma starfsmönnum jafnt sem viðskiptavinum til góða.

# *Guðmundur Tyrfingsson ehf*

Guðmundur Tyrfingsson ehf óskar eftir metnaðarfullu starfsfólki með ríka þjónustulund til starfa á ferðaskrifstofu sinni á Selfossi í eftirfarandi störf:

### Starfsmaður á ferðaskrifstofu / bókhald:

Leitum að starfsmanni til að starfa á ferðaskrifstofu okkar til að sjá um tilboðsgerð, ferðaskipulagningu, bókhald, reikningaskrif o.fl.
Hæfniskröfur:
- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Talnagleggni og nákvæm vinnubrögð
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af ferðaþjónustu er kostur
- Háskólamenntun er nýtist í starfi

### Vaktmaður / skrifstofa:

Leitum að starfsmanni til að starfa á skrifstofu okkar við tilboðsgerð, símsvörun, skipulagningu á akstri, vaktir o.fl.
Hæfniskröfur:
- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Rútupróf æskilegt

Hægt er að sækja um á www.gtyrfingsson.is eða senda umsókn á helena@gtyrfingsson.is.

# Laxeldi á Vestfjörðum

## Spennandi störf í boði hjá stærsta laxeldi Íslands



**Fjarðalax á Vestfjörðum leitar að áhugasömu og dugmiklu starfsfólki. Fjölbreytt störf í boði fyrir vestan.**

Framundan er aukinn vöxtur og meiri framleiðsla, við óskum því eftir að ráða í eftirtalin störf:

### GÆÐASTJÓRI

Gæðastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er staðsettur á skrifstofu félagsins á Patreksfirði.

**Starfssvið:**
- Umsjón með innleiðingu gæðakerfis.
- Rekstur og endurskoðun gæðakerfis.
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna.
- Stýring á gæðaráði.
- Innleiðing vottana.
- Þróunarvinna.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði matvælafræði, líffræði, sjávarútvegsfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af gæðastjórnun úr sjávarútvegi.
- Reynsla af innleiðingu gæðakerfis.
- Sjálfstæð vinnubrögð og reynsla af stjórnun.
- Góðir samskiptahæfileikar, áreiðanleiki og nákvæmni.

### VÉLSTJÓRI

Umsækjandi þarf að hafa réttindi sem yfirvélstjóri VS.III á skip sem er lengra en 12 metrar eða A réttindi og vélarstærð 750 kw eða stærri.

### SKIPSTJÓRI

Umsækjandi þarf að hafa skipstjórnarnám B allt að 45 m.

---

**Áhugasamir vinsamlegast sendi ferilskrá til starfsmannastjóra, kristin@fjardalax.is**

**Umsóknarfrestur um framangreind störf er til 1. september 2015.**

Fjarðalax var stofnað árið 2009 en fyrirtækið elur lax í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalax hefur frá upphafi framleitt umhverfisvænan lax í kynslóðaskiptu eldi.

Kynslóðaskipt eldi felur í sér að hver kynslóð er alin í sjó í rúmlega tvö ár og síðan er fjörðurinn hvíldur í tæpt ár. Fjarðalax notar engin eiturefni eða aflúsunarefni við eldið.

Fjarðalax hefur hlotið umhverfis- og gæðavottunina BAP, Best Aquaculture Practices, ásamt IMO vottun fyrir Whole Foods Market í Bandaríkjunum. Umhverfisvöktun, rannsóknir og gæðastýring eru lykilþættir í rekstri fyrirtækisins.

Á sunnanverðum Vestfjörðum búa um 1300 manns, í ægifögru umhverfi í námunda við Látrabjarg, Rauðasand og Arnarfjörð.

Á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal eru starfræktir fjórir skólar og þrír leikskólar auk tónlistarskóla. Þá rekur Fjölbrautaskóli Snæfellinga framhaldsdeild á Patreksfirði.

Mikil áhersla er lögð á umhverfismál og vinna skólarnir allir eftir verkefninu Skólar á grænni grein. Mannlífið á sunnanverðum Vestfjörðum er blómlegt og fjölmörg félagasamtök eru þar starfandi.







FJARÐALAX

Fjarðalax ehf.
Strandgötu 43
460 Tálknafjörður
www.fjardalax.is

Meltingarlækningar

LANDSPÍTALI

# SÉRFRÆÐILÆKNAR

*Við óskum eftir tveimur liðsmönnum í störf sérfræðilækna í meltingarlækningum. Störfin eru veitt frá 1. janúar 2016 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Vinna á legu-, speglunar- og göngudeild meltingarlækna
- Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
- Þátttaka í vaktþjónustu meltingarlækna
- Þátttaka í kennslu læknanema, kandídata og deildarlækna
- Þátttaka í rannsóknarstarfi

**Hæfnikröfur**

- Víðtæk þekking og reynsla í almennum lyflækningum og meltingarlækningum
- Reynsla af meðferð sjúklinga með bólgusjúkdóma í meltingarvegi æskileg
- Reynsla af kennslu
- Reynsla og áhugi á klínískum rannsóknum í meltingarlækningum mikils metin
- Hæfni og geta til að vinna í teymi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Íslenskt sérfræðileyfi í almennum lyflækningum og meltingarlækningum

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september 2015.**

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á landspitali.is, undir „Laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu við ráðningar á spítalanum.

Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslureynslu, vísindavinnu og stjórnunarstörf ásamt greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Umsóknargögn, sem ekki er hægt að senda rafrænt, skulu berast í tvíriti, Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni meltingarlækninga, LSH 11A Hringbraut.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Nánari upplýsingar veitir Einar Stefán Björnsson yfirlæknir (einarsb@landspitali.is, 543 1000).

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

KPMG

*cutting through complexity*



RÁÐGJAFARSVIÐ

# Ráðgjafi í upplýsingatækni

**Við leitum að metnaðarfullum og framsýnum einstaklingi til að taka þátt í mótun lausna og ráðgjöf á sviði upplýsingatæknimála fyrir viðskiptavini okkar.**

Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, metnað og tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og góða samstarfshæfileika.

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Þekking á helstu viðskipta- og upplýsingakerfum s.s. Dynamics AX, Dynamics NAV og SAP.
- Reynsla í upplýsingaöryggismálum.
- Reynsla af verkefnastjórnun og gæðamálum upplýsingatæknimála.

**Nánari upplýsingar veitir Andrés Guðmundsson starfsmannastjóri (agudmundsson@kpmg.is og 545 6077). Umsókn ásamt ferilskrá sendist á starf@kpmg.is fyrir 17. ágúst.**

**kpmg.is**

# Grindavíkurbær auglýsir spennandi störf sérfræðinga laus til umsóknar á félagsþjónustu- og fræðslusviði:

## Leikskólaráðgjafi í 50% starfshlutfalli

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Leikskólaráðgjafi er leikskólastjórum og öðrum starfsmönnum leikskóla til ráðgjafar og stuðnings um faglegt málefni, veitir ráðgjöf vegna foreldrasamstarfs í leikskólum, er ráðgefandi í sérverkefnum, þróunarverkefnum og nýbreytnistarfi og miðlar þekkingu og nýjungum á sviði leikskólafræða. Þá sinnir viðkomandi hlutverki daggæslufulltrúa sveitarfélagsins og annast umsjón með almennum uppeldisnám-skeiðum.

**Hæfniskröfur**

- Leikskólakennaramenntun, auk þekkingar og reynslu af leikskólastarfi
- Viðbótarmenntun er nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af stjórnun í leikskóla er æskileg
- Þekking á uppbyggingarstefnunni er æskileg
- PMTO grunnmenntun og/eða meðferðarmenntun er æskileg
- Leiðbeinandaréttindi í Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar er æskileg
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á teymisvinnu

## Sálfræðingur í 50% starfshlutfalli

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Greining, ráðgjöf og eftirfylgni vegna nemenda í leik- og grunnskóla, forvarnarstarf í leik- og grunnskóla með áherslu á sjálfbærni skólanna á lausn mála sem upp koma. Stuðningur við stjórnendur og starfsfólk leik- og grunnskóla vegna mála einstaklinga og námshópa.

**Hæfniskröfur**

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Þekking og reynsla við beitingu helstu greiningarprófa í skólum
- Þekking á uppbyggingarstefnunni er æskileg
- PMTO grunnmenntun og meðferðarmenntun er æskileg
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á teymisvinnu

**Félagsþjónustu- og fræðslusvið Grindarvíkurbæjar heyrir undir sviðsstjóra sviðssins. Þjónustan er innt af hendi í tveimur teymum, annars vegar skólaþjónustuteymi og hins vegar félagsþjónustuteymi og er rík áhersla lögð á þverfaglegt samstarf á milli teymanna. Auk þeirra starfa sem nú eru auglýst til umsóknar starfa á sviðinu lögfræðingur, sálfræðingur, félagsráðgjafi og talmeinafræðingur.**

**Í Grindavík búa um 3.070 einstaklingar og er hlutfall barna um 27% af íbúum. Í sveitarfélaginu eru tveir leikskólar og einn grunnskóli og rekur sveitarfélagið eigin sérfræðiþjónustu fyrir skólana. Þá rekur sveitarfélagið eigin félagsþjónustu og barnavernd en er í samvinnu við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum vegna þjónustu við fatlað fólk.**

**Umsókn ásamt ferilskrá skal berast eigi síðar en 13. ágúst 2015 á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, 240 Grindavík. Launakjör er samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttafélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar um störfin veita Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri (nmj@grindavik.is/420-1100) og Ingibjörg María Guðmundsdóttir, sálfræðingur (ingamaria@grindavik.is/420-1100).**

## Aðstoðarmaður fasteignasala

**Rótgróin, traust og metnaðarfull fasteignasala óskar eftir aðstoðarmanni til starfa.**

Vinnutími er frá klukkan 13-18 á daginn, starfið felst í gagnaöflun, skáningu upplýsinga, vinnslu ljósmynda, ásamt almennum þjónustustörfum.
Krafist er stúdentsprófs.

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsóknir á box@frett.is merkt **„Dugnaður“.**

## Vantar þig starfsmann?

**- við leysum málið.**

**Nánari upplýsingar hjá Vinna.is**

vinna.is

## Sérfræðingar á sviði markaðsrannsókna

mmr Markaðs- og miðlarannsóknir

MMR býður upp á alhliða þjónustu á sviði markaðsrannsókna og starfar fyrir leiðandi markaðsfyrirtæki, innlend sem erlend.
Við leitum nú að hæfileikaríkum sérfræðingum til að takast á við fjölbreytt rannsóknaverkefni í skemmtilegu starfsumhverfi.

**Verkefni sérfræðinga eru meðal annars:**
- Mótun og uppsetning rannsóknaverkefna
- Framsetning og kynning rannnsóknarniðurstaðna
- Samskipti við viðskiptamenn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðkomandi þarf að hafa mjög góða ritfærni og íslenskukunnáttu
- Háskólamenntun með áherslu á rannsóknaraðferðir félagsvísinda
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi eða þekking á SPSS eða Excel forritun kostur

Öllum umsækjendum er heitið fullum trúnaði.
Umsóknir sendist til Ólafs Þórs Gylfasonar, framkvæmdastjóra MMR, á olafur@mmr.is
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 14. ágúst.
Nánari upplýsingar um MMR á www.mmr.is

MMR / Markaðs og miðlarannsóknir ehf / Ármúla 32 / 108 Reykjavík




Greenqloud is looking for talented and motivated people to join our constantly growing team. Our preferred candidates should be result-focused, able to deliver in a deadline-oriented global environment, have great communication skills and the desire go above and beyond.

To apply, submit your application on greenqloud.com/careers by Friday, 14 August.

## Integration Engineer

We are looking for an outstanding person to help with integrating the various parts of our flagship product Qstack™, and work with continuous integration, build systems and release management.

You should be familiar with Linux, have an eye for quality, and care about the end product.

**Key responsibilities include:**

- Streamlining the build process
  *This requires understanding of how each component is built and ideas about how this can be more effective.*
- Managing branches and releases
  *Qstack has multiple levels of branches and releases requiring a detailed understanding of the product's flow from development into production, and how individual customer needs can be met.*
- Continuous integration
  *Contribute to and lead the implementation of a stable and reliable continuous integration system that caters to the needs of developers, quality assurance and the release cycle.*

**Key technologies:**

- Linux and the Linux ecosystem
- Build systems, such as make
- CI systems, such as Jenkins
- Scripting languages

## Operations Engineer

We are looking for a motivated team member who will work closely with our customers to deploy, upgrade and integrate our flagship product, Qstack™.

You should be very familiar with Linux, competent in debugging problems and interested in ensuring an outstanding customer experience.

**Key responsibilities include:**

- Deploying Qstack
  *This requires an holistic view of the system and understanding how the parts interconnect and need to be configured.*
- Upgrading Qstack
  *You'll need to understand the current state of the product, how customers use the product, how their systems are configured, and show integrity when handling their data.*
- Integration of Qstack
  *Many customers have specific networking, security and other system integration needs. You'll be required to answer questions intelligently and be a team player.*

**Key technologies:**

- Linux and the Linux ecosystem
- Scripting languages



Apotek 1 er leiðandi lyfjakeðja í Noregi með yfir 300 apótek víðsvegar um Noreg og er með um 45% markaðshlutdeild. Við erum stolt af því að hafa yfir 3000 metnaðarfulla starfsmenn og vera stærsti vinnuveitandi lyfjageirans í Noregi. Apotek 1 er í eigu Phoenix group.

APOTEK 1 – NORGES LEDENDE APOTEKKJEDE

## Starf lyfjafræðings í Noregi

**Langar þig að breyta til, prófa að starfa erlendis eða læra nýtt tungumál?**
Apotek 1 leitar að metnaðarfullum lyfjafræðingum til starfa í Noregi. Í boði eru samkeppnishæf laun, tækifæri til endurmenntunar og þróunar í starfi. Einnig er veitt aðstoð vegna kostnaðar við búferlaflutninga.

**Viðmið okkar - þitt verkefni:** Apotek 1 leitast við að veita viðskiptavinum sínum faglega og einstaklingsmiðaða þjónustu í hæsta gæðaflokki þar sem lögð er áhersla á gæðastjórnun, siðferði, trúverðugleika og eftirfylgni.
Lyfjafræðingar okkar veita lyfjafræðilega þjónustu til viðskiptavina með það að leiðarljósi að hámarka gæði þjónustunar og öryggi viðskiptavinar. Auk þess að selja lyf býður Apotek 1 upp á gott úrval af gæðavottuðum vörum til að bæta heilsu og vellíðan á mjög samkeppnishæfu verði.

**Hæfniskröfur:** Við leitum að lyfjafræðingum sem eru sjálfstæðir, metnaðarfullir og hafa ríka þjónustulund. Til að mæta kröfum um kunnáttu í norsku býður Apotek 1 upp á námskeið fyrir þá sem þurfa.

**Umsóknir:** Til að starfa sem lyfjafræðingur í Noregi þarf norska löggildingu.
Sjá nánari upplýsingar á **www.sak.no**

Til að fá frekari upplýsingar eða til að sækja um starf hjá Apotek 1 vinsamlegast sendið tölvupóst á **jobb@apotek1.no** og starfsmannadeild okkar mun hafa samband.

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á vefsíðunni **www.apotek1.no**

APOTEK 1
Vår kunnskap - din trygghet

# KLÁR Í KOLLINUM?



## NÚ ÞURFUM VIÐ AÐ FJÖLGA STARFSMÖNNUM Í ÚTILÍF

Eru þjónustulund, jákvæðni, vilji til að læra og gera enn betur á morgun þínir styrkleikar? Þá gætir þú verið rétti starfsmaðurinn fyrir okkur. Við erum einmitt núna að leita að röskum sölumönnum **í fullt starf.**
Viðkomandi þurfa að hafa brennandi áhuga á að selja vörur í útivistar-, skó- og sportdeild.

### HÆFNISKRÖFUR

- Þjónustulund, dugnaður og jákvæðni
- Áhugi á íþróttum og útivist
- Reynsla af sölustörfum æskileg

### UMSÓKNIR OG FRESTUR

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ítarlegri ferilskrá á utilif@utilif.is merkt „þjónustulund“ fyrir 14 ágúst.

**ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍÞRÓTTA OG ÚTIVISTAR**

Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavini er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengni í starfi hjá Útilíf er framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti.

Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.

ARNASYNIR

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND

ÚTILÍF
síðan 1974

utilif.is

# SNAPS

Reykjavik | BISTRO - BAR | Est. 2012

Snaps Bistro auglýsir eftir þjónum í fullt starf og hlutastarf.
Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og geta sýnt frumkvæði í starfi.
Reynsla af þjónustustörfum er skilyrði.

Áhugasamir sendið okkur línu á snapsbistro@snapsbistro.is

101 ÓÐINSTORG REYKJAVÍK ÍSLAND SNAPSBISTRO.IS
snaps@snaps.is +354 5116677

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Ritstjóri óskast

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir að ráða ritstjóra Tímarits hjúkrunarfræðinga í fullt starf.

Tímarit hjúkrunarfræðinga er í senn fræðitímarit, fagtímarit og félagsblað. Frá júní 2015 er tímaritið eingöngu gefið út rafrænt.

Starfið felur meðal annars í sér ritstjórn, efnisöflun, greinaskrif, umsjón með ritrýndum fræðigreinum,samskipti við ritnefnd og aðra sem koma að útgáfu tímaritsins.

**Hæfniskröfur:**

**2.** Lágnætti, hún er létthífuð og geigur sækir að (9)
**3.** Leit fljótandi punkta með stækkanlegri tröppu (10)
**4.** Ofgnótt áfengis í veislum höfuðbýlis (10)
**5.** Flóttabifreið skekur rjómann (8)
**6.** Auðvitað er glæpinn að finna hjá Orkuveitunni, en ég vil rótina (8)
**7.** Finn gallaræfil og síðan slitinn jakka (10)
**8.** Þýðing á Cheers: Steðji, Prestur? Eitthvað annað? (12)
**9.** Grínagtugt en þó ekki leiðinlegt (9)
**10.** Kindalúður við krakkakró (9)
**21.** Lykti vinna sem hár verð ég hrædd (12)
**22.** Músíkhópur er hryggur sé hann við altarisvegg (6)
**23.** Þau nísku verða að takmörkuðu gagni (5)
**25.** Feðraðir hinn fullkomna arfbera svo þitt erfðaefni verði ráðandi (9)
**26.** Boltaleiksdrasl og úrgangsúrgangur (12)
**28.** Leita að landi í blokk (6)
**29.** Mætti mæddum á ný í endurkomum (11)
**30.** Verðandi brúður vissi af hinu góða í manninum (8)
**33.** Mið staða fyrir normal bakkelsi (10)
**34.** Er vofur stöðva lungnastarfsemi myndast þetta (10)
**36.** Þekki bæði fugla og þá sem rannsaka þá (9)
**41.** Nanna vill nýjan mann, Kofi heitir hann (5)
**42.** Hætti mér í 190 (4)
**43.** Drap gamalt grey (4)



Lausnarorð síðustu viku var
**H R Y Ð J U V E R K A Ó G N**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Kata** eftir Steinar Braga frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Áslaug Faaberg, Garðabæ.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist griðastaður hans sem rauf þögnina fyrir fjörutíu árum og þurfti að flýja land fyrir vikið. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 12. ágúst næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „8. ágúst“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.





BYLGJAN 989


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 6 | | | 7 | | | 8 |
| | | 8 | | 9 | | 5 | | 6 |
| | | | | 6 | | | | |
| | 2 | 7 | | | | | 5 | |
| 1 | 4 | | 9 | | 3 | | | |
| | 8 | | | | 4 | 7 | | |
| 3 | 5 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | |
| 7 | 1 | | 8 | | | 4 | | |
| | | | | | | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | 4 | | | | |
| | | | | 5 | | 8 | 3 | |
| | | 6 | | 7 | | 9 | 1 | |
| | | 2 | 8 | | | 3 | | |
| | | 8 | | 1 | 7 | 6 | | |
| | 7 | 4 | | 6 | | | | |
| | | | | | 6 | | 9 | 1 |
| 7 | | | 9 | | 5 | | | |
| 2 | 9 | | | 8 | | | 6 | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 3 | | | | | 9 | |
| 7 | | 6 | | 4 | | | | |
| | 9 | | | 6 | 1 | 7 | | |
| | | | 3 | | | 6 | | |
| | | 9 | | 5 | | 3 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | 9 |
| | | | | | 4 | | | 8 |
| 1 | | | 7 | 9 | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | | | | 7 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 |
| 9 | 5 | 8 | 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 4 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 5 | 2 | 9 |
| 8 | 9 | 1 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 5 |
| 2 | 7 | 6 | 4 | 5 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 5 | 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 9 | 1 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 4 | 8 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 9 | 6 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 1 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 4 | 5 | 2 | 7 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 8 | 1 | 3 | 5 | 4 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 7 | 4 |
| 7 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 3 | 2 | 1 | 8 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 8 | 4 | 1 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 4 |
| 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 2 |
| 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 7 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## SPAKMÆLI DAGSINS

**Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir.**

*Gunnlaugur ormstunga.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** þus, **6.** karlkyn, **8.** fiskur, **9.** spíra, **11.** slá, **12.** kryddblanda, **14.** trimm, **16.** pot, **17.** að, **18.** af, **20.** horfði, **21.** einn milljarðasti.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tafl, **3.** samþykki, **4.** sambandsríkis, **5.** berja, **7.** gera óvandlega, **10.** rölt, **13.** dá, **15.** gróft orð, **16.** ónn, **19.** utan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fjas, **6.** kk, **8.** áll, **9.** ála, **11.** rá, **12.** karri, **14.** skokk, **16.** ot, **17.** til, **18.** frá, **20.** sá, **21.** nanó.

**LÓÐRÉTT: 1.** skák, **3.** já, **4.** alríkis, **5.** slá, **7.** klastra, **10.** ark, **13.** rot, **15.** klám, **16.** ofn, **19.** án.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Rúnar Sigurpálsson (2249) hafði svart gegn Luis Galego (2465) á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Svartur á leik**



**28...Re5! 29. Df1 (29. fxe5 Bxe5+ 30. Kh3 Dh1+ og mátar) 29...Rg4+ 30. Kh3 (30. Bxg4 Hxg4 er einnig vonlaust) 30...Rf2+!** Hvítur gafst upp. Snotur endi hjá Rúnari.

**www.skak.is:** Hannes í 1.-3. sæti.

ÆVINTÝRAÓPERAN

# Baldursbrá

eftir Gunnstein Ólafsson og Böðvar Guðmundsson

Í NORÐURLJÓSASAL HÖRPU



Myndskreyting: Gunnar Júl - www.dinamit.is

## Sýningar:

Laugardaginn 29. ágúst 2015 kl. 14.00 - *Frumsýning*
Sunnudaginn 30. ágúst 2015 kl. 14.00
Mánudaginn 31. ágúst 2015 kl. 20.00
Þriðjudaginn 1. september 2015 kl. 20.00
*Aðeins þessar sýningar*

Baldursbrá: ........................................ Fjóla Nikulásdóttir
Spói: ........................................ Eyjólfur Eyjólfsson
Rebbi: ........................................ Jón Svavar Jósefsson
Hrútur: ........................................ Davíð Ólafsson
Yrðlingar: ........................................ Barnakór Litla óperukompanísins

16 manna hljómsveit
Stjórnandi: ........................................ Gunnsteinn Ólafsson

Leikstjóri: ........................................ Sveinn Einarsson
Aðstoðarleikstjóri: ........................................ Árni Kristjánsson
Dansar: ........................................ Ingibjörg Björnsdóttir
Leikmynd: ........................................ Sigurjón Jóhannsson
Búningar: ........................................ Kristína Berman
Grímur: ........................................ Messíana Tómasdóttir
Ljós: ........................................ Páll Ragnarsson



Fjóla Nikulásdóttir



Eyjólfur Eyjólfsson



Jón Svavar Jósefsson



Davíð Ólafsson

Ævintýraóperan Baldursbrá

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN — Tilnefning til íslensku tónlistarverðlaunanna 2014

„Það er sjaldgæft að heyra jafn augljóslega innblásið og heiðtært tónverk sem ber jafnsterka vísbendingu um varanlegt endingargildi þegar við fyrstu heyrn."
★★★★½ *Morgunblaðið - Ríkarður Örn Pálsson*

„Texti Böðvars er frábærlega ortur og tónlistin er eins góð og hugsast getur."
★★★★ *Fréttablaðið - Jónas Sen*

„Persónur eru skýrar og hafa hver sinn úthugsaða karakter, bæði í texta og tónum."
*TMM - Silja Aðalsteinsdóttir*

olís — ÍSLENSKA ÓPERAN — LITLA óperukompaníið — HARPA

Miðasala: www.harpa.is
Sími: 528 5050


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus Gott verð í Bónu
1398
kr. 500g.
Bláber frá Hollandi 500g
Amerísk vínber
NÝ UPPSKERA
895
kr. kg.
179
kr. kg.
Iceberg salat frá Hollandi
BÓNUS
ORKUPOKI
300 gr
398
kr. 300g
FRÁ SPÁNI
198
kr. kg..
KJARNAFÆÐI
RAUÐ VATNSMELÓNA
FRÁ SPÁNI
139
kr. kg..
Amerísk vínber
NÝ UPPSKERA
895
kr. kg.
1798
kr. 10 x 120g
KJARNAFÆÐI
10 x 120g frosnir
Nautahamborgarar
Opera d'Italia
198
kr. 120g
BÓNUS nýbökuð ostaslaufa 120g
ÍSLANDS NAUT
398
kr. 100g
Opera d'Italia hráskinka 100g
298
kr. 650g
BÓNUS nýbakað normalbrauð
798
kr. 500ml
SOLLU
Himnesk jómfrúar olía 500ml
539
kr. 2x140g
ÍSLANDSNAUT Ferskir
Ungnautahamborgarar 2x140g
Hraun
Prins
ÆÐI
598
kr. 3x200g
Góu þrennan 3 x 200g
159
kr. 5 stk.
BÓNUS Fimm pylsubrauð
STÓR HAMBORGARA-BRAUÐ
159
kr. 4 stk.
BÓNUS Hamborgarabrauð 4 stk.
með eða án sesam
Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 9. ágúst
VALITOR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

## MERKISATBURÐIR

**1849** Austurríkismenn bæla niður uppreisn Ungverja með aðstoð Rússa.

**1896** Lægsta lokun Dow Jones-vísitölunnar nokkru sinni verður í Bandarísku kauphöllinni, 28,48 stig.

**1908** Wilbur Wright tekur flugið á keppnisbraut í Le Mans í Frakklandi. Sýningin varði í tæpar tvær mínútur og vakti mikla lukku á meðal áhorfenda.

**1949** Bútan fær sjálfstæði frá Bretlandi.

**1967** ASEAN-yfirlýsingin er undirrituð af fulltrúum fimm Suð-austur-Asíuríkja.

**1973** Andlát Deans Corll leiðir til þess að fjöldamorðin í Houston uppgötvast.

**1975** Banqiao-stíflan í Kína gefur sig með þeim afleiðingum að 26 þúsund manns drukkna og ellefu milljónir missa heimili sín.

**1976** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu er stofnuð í Reykjavík.

**1980** Viktor Kovalenko, sovéskur sjómaður, biður um pólitískt hæli á Íslandi. Hann fluttist síðar til Bandaríkjanna.



**1992 Á Ólympíuleikunum í Barcelona á Spáni nær Ísland fjórða sæti í handknattleik. Einnig varð Sigurður Einarsson í fimmta sæti í spjótkasti á þessum sömu leikum.**

**1993** Veikur sjómaður er sóttur um borð í franskt rannsóknar-skip norðaustur af Íslandi. Þyrlur og Herkúlesflugvél frá varnar-liðinu fara í þennan 1.100 mílna leiðangur, sem er lengsti björg-unarleiðangur sem farinn hefur verið frá Íslandi.

**2008** Sumarólympíuleikar settir í Peking.



**Á ÆFINGU** Friðrik Ómar Hjörleifsson einbeittur á æfingu fyrir tónleikana sem fram fara á Fiskideginum mikla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fiskidagurinn fer fram í fimmtánda skiptið

Mikið verður um að vera í Dalvíkurbyggð um helgina. Alls kyns fiskréttir og stórtónleikar á boðstólum fyrir gesti og gangandi. Mikil spenna er í loftinu fyrir þessari vinsælu hátíð.

Fjölskylduhátíðin Fiskidagurinn mikli er haldin í Dalvíkurbyggð um helgina í fimmtánda sinn. Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla, er mjög spenntur og býst við fjölda manns. „Við erum mjög spennt og mjög vel undirbúin, það er mikil spenna í loftinu. Fjölmennasti Fiskidagurinn var þarna ferðasumarið mikla árið 2009 en eftir það hafa þetta verið um 25 til 30 þúsund manns á hverju ári,“ segir Júlíus.

Fiskverkendur og fleiri framtakssamir í byggðarlaginu bjóða, með hjálp góðra styrktaraðila, landsmönnum öllum upp á dýrindis fiskrétti, milli kl. 11.00 og 17.00 á laugardeginum. Matseðillinn breytist ár frá ári þótt ávallt sé boðið upp á ákveðna vinsæla rétti. Öllum réttum fylgja brauð og drykkir eins og hver getur í sig látið. „Matseðillinn er mjög spennandi í ár, Friðrik fimmti er nýr yfirkokkur hjá okkur en hann og Úlfar Eysteinsson unnu saman að þessum degi núna en Friðrik er að taka við af Úlfari. Ég veit til þess að það verður boðið upp á nýjungar á Fiskidaginn eins og til dæmis fish and chips,“ útskýrir Júlíus.



**GAMAN** Mikill fjöldi fólks sækir Fiskidaginn mikla árlega. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Í gærkvöldi buðu íbúar byggðarlagsins gestum og gangandi upp á fiskisúpu í heimahúsum og görðum.

Í kvöld býður Samherji til stórtónleika með stórskotaliði landsins í tónlistarflutningi og risaflugeldasýningu á eftir. „Þetta eru tæknilega séð stærstu tónleikarnir okkar. Við erum með fleiri flytjendur en hvort við erum með betri verðum við að sjá til,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson tónlistarmaður en hann og fyrirtæki hans, Rigg ehf., skipuleggur tónleikana.

„Þetta verður eins og að fara á þorrablót á prótíni. Við erum að fara að spila allt mögulegt, það verður eitthvað fyrir krakkana og eitthvað fyrir ömmu og afa. Allt frá lögum sem hljóma í útvarpinu í dag og frá því í gamla daga, þekkt íslensk og erlend lög. Þetta verður stórt partí,“ útskýrir Friðrik Ómar. Margir af helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar koma fram á tónleikunum ásamt helstu tæknimönnum landsins.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.45 í kvöld og lýkur með flugeldasýningu.

**gunnarleo@frettabladid.is**


✝



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

**SVEINBJÖRG WIUM**

lést á Hrafnistu Reykjavík 24. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Petra Baldursdóttir** **Jón R. Ragnarsson**
**Pétur Hans Baldursson** **Hulda Haraldsdóttir**
**Hafsteinn Baldursson**
**Heimir Baldursson** **Ingibjörg Dís Gylfadóttir**
**og fjölskyldur.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS ÞORSTEINSSON**
**skipstjóri,**
**Hæðargarði 29, Reykjavík,**

lést þann 26. júlí 2015 á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 10. ágúst klukkan 13.00.

**Helga Guðbjörnsdóttir**
**Guðbjörn Magnússon** **Elín Birna Sigurgeirsdóttir**
**Þorsteinn Helgi Magnússon** **Guðrún M. Jóhannsdóttir**
**Birna Guðfinna Magnúsdóttir**
**Magnús Sigmundur Magnússon** **Guðrún Jóna Óskarsdóttir**
**Gunnlaugur Magnússon** **Margrét Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær unnusti minn, sonur, bróðir, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

**JÓHANNES MÖLLER**
**Tröllagili 14,**
**Akureyri,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 4. ágúst sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 12. ágúst kl. 10.30. Þeir sem vilja minnast hans láti MS-félagið njóta þess.

**Erla Ingibjörg Hauksdóttir**
**Erla Elva Möller** **Steinn G. Lundholm**
**Eva Dröfn Möller**
**Björgólfur Jóhannesson** **Rebekka Hrafntinna Níelsdóttir**
**Tinna Eik Rakelardóttir**
**Olliver Glanville**
**Jóhann Jóhannesson**
**Bryndís Ylfa Jóhannesdóttir** **Arnar Ingi Magnússon**
**Orri Möller Jóhannesson**
**Aðalbjörn J. Þórhallsson** **Fanndís Ósk Brynjarsdóttir**
**Daníel Karles Randversson**
**systkini og barnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN B. TÓMASDÓTTIR**
**kennari,**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 1. ágúst. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 12. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort UNICEF.

**Einar Kristjánsson**
**Tómas R. Einarsson** **Ásta Svavarsdóttir**
**Ingibjörg Kr. Einarsdóttir** **Sigurður Rúnar Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, systir og móðursystir,

**SIGRÚN TRYGGVADÓTTIR ROCKMAKER**
**Washington D.C.,**

lést fimmtudaginn 9. apríl sl. Minningarathöfn um Sigrúnu fer fram í Fossvogskirkju þriðjudaginn 11. ágúst og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Philip Rockmaker**
**Anna Vala Rockmaker** **Daniel Keane**
**Lára Tryggvadóttir Engebretson** **Gary Engebretson**
**Hrafnkell Tryggvason**
**Silja Gomez** **Richard Benson**

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN ARNFINNUR ÞÓRARINSSON**
**fv. kaupmaður,**

lést fimmtudaginn 30. júlí á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Boðaþingi í Kópavogi. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 10. ágúst kl. 15.00.

**Guðný Rut Jónsdóttir** **Lárus Valberg**
**Ólafur Haukur Jónsson** **Inga Lára Helgadóttir**
**Arnfinnur Sævar Jónsson** **Helga Daníelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN JÓNAS BÁRÐARSON**
**húsa- og húsgagnasmiður,**
**áður til heimilis að Lindargötu 66,**

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Reykjavík þann 3. ágúst sl. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 12. ágúst nk. kl. 15.00.

**Guðlaug Erna Jónsdóttir** **Guðmundur Lúther Hafsteinsson**
**Birna Jónsdóttir**
**Guðmundur Ingi Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Markhönnun ehf

nettó glöðst með þér




1,5KG!

-50%

KARTÖFLUR
1,5 KG, FRAKKLAND
199
ÁÐUR 398 KR/PK



-25%

FERSKT LAMBAFILE
M/FITU
3.974
ÁÐUR 5.298 KR/KG




LAMBAFRAMP.SNEIÐAR
GRILL, NEW YORK
1.163
ÁÐUR 1.454 KR/KG



KJÚKLINGABRINGA
MIÐJ.HAFS MARINERING
1.883
ÁÐUR 2.384 KR/KG




FANTA 2L
2 TEG
199
ÁÐUR 224 KR/STK



KJÖTSEL

NAUTGRIPAHAKK
FERSKT
1.189
ÁÐUR 1.450 KR/KG



-50%

VÍNBER GRÆN
FERSK OG FÍN
449
ÁÐUR 898 KR/KG




KARTÖFLUFLÖGUR
X-TRA, BBQ, 300 GR
299
ÁÐUR 369 KR/PK




-25%

SYKURPÚÐAR
HYTOP, 284 GR
299
ÁÐUR 398 KR/PK




-25%

SÆLGÆTISBLANDA
X-TRA, 300 GR
299
ÁÐUR 398 KR/PK

**Tilboðin gilda 6. ágúst – 9. ágúst 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Byrjaði sjö ára að mála

**Eiríkur Smith listmálari verður níræður á morgun, sunnudag. Hann ætlar að mæta í Hafnarborg síðdegis á afmælisdaginn og fagna þeim merku tímamótum.**

Eiríkur Smith verður níræður á morgun, sunnudag. Hann á að baki langan og farsælan feril. „Ég byrjaði sjö ára að mála og barnakennararnir í Hafnarfirði komu fljótt auga á að þarna væru einhverjir hæfileikar,“ segir Eiríkur sem nú kveðst hafa lagt penslana á hilluna.

Eiríkur býr enn í Hafnarfirði og gaf Hafnarborg hátt á fjórða hundrað verka eftir sig árið 1990; olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar. „Ég var fyrst í landslagsmálun, fór svo yfir í abstrakt en sótti í landslagið aftur,“ segir listamaðurinn en einnig lærði prentmyndagerð og starfaði við hana um tíma.

Sýningar á verkum Eiríks hafa verið árvissar í Hafnarborg síðustu ár. Sú fimmta og síðasta í þeirri röð fer upp á veggina í október.

Hafnarborg býður upp á léttar veitingar milli klukkan 16 og 18 á afmælisdaginn, Eiríki til heiðurs. - gun



**AFMÆLISBARNIÐ** „Ég var fyrst í landslagsmálun, fór svo yfir í abstrakt en sótti í landslagið aftur,“ segir Eiríkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

---

✝



Faðir minn,

**SKARPHÉÐINN SKARPHÉÐINSSON**
**Háagerði 23,**

er látinn. Jarðarför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. ágúst kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Stefán Páll Skarphéðinsson**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRUNN PÁLSDÓTTIR**
**Dalbraut 27,**

sem lést 28. júlí verður jarðsungin frá Áskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 11. ágúst. Athöfnin hefst kl. 15.00.

**Guðrún Matthíasdóttir — Óskar Heimir Ingvarsson**
**Halldór Örn Óskarsson — Þrúður Vilhjálmsdóttir**
**Bjarni Már Óskarsson — Sigurbjörg Linda Sigurðardóttir**
**Þórunn Halldóra Matthíasdóttir**
**Matthías Þór Óskarsson — Hugrún Elfa Hjaltadóttir**
**Jón Arnar Óskarsson — Jóna Guðbjörg Árnadóttir**
**Guðrún Óskarsdóttir — Björn Patrick Swift**
**Þórunn Óskarsdóttir — Jóhann Þór Kristþórsson**
**og barnabarnabörnin.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN HJARTARDÓTTIR**
**Sóltúni 28, Reykjavík,**

lést að hjúkrunarheimilinu Skjóli fimmtudaginn 23. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju mánudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Marteinn Guðjónsson**
**Guðjón St. Marteinsson — Edda Guðgeirsdóttir**
**Hjörtur Marteinsson — Guðbjörg Lind Jónsdóttir**
**Valur Þór Marteinsson — Guðný Pálína Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**HÖGNA FELIXSONAR**
**fyrrverandi skipstjóra,**
**Burknavöllum 3,**
**Hafnarfirði.**

**Þyri Svanholt Björgvinsdóttir**
**Alma Högnadóttir**
**Felix Högnason — Bára Denný Ívarsdóttir**
**Íris Högnadóttir — Sveinn Jónsson**
**Björgvin Högnason — Gauja Sigríður Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**INGIMAR KRISTJÁNSSON**
**Vallarbraut 5,**
**Hafnarfirði,**

lést miðvikudaginn 29. júlí á Landakotsspítala. Útför hans verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Kristín Gunnbjörnsdóttir**
**Ingimar Ingimarsson — Silvía Kristjánsdóttir**
**Vilhjálmur G. Vilhjálmsson — María Jakobsdóttir**
**Anna María Vilhjálmsdóttir**
**og barnabörnin.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar föður míns, tengdaföður og afa,

**EINARS BJÖRNSSONAR**
**Byggðavegi 149,**
**Akureyri.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir hlýju og góða umönnun.

**Björn Einarsson — Lovísa Kristjánsdóttir**
**Margrét Ósk Buhl Björnsdóttir**
**Einar Bergur Björnsson**
**Kristján Breki Björnsson**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, systir og móðursystir,

**SIGRÍÐUR ODDSDÓTTIR**
**Dunhaga 11,**
**Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 25. júlí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu.

**Eiríkur Hafsteinn Sölvason**
**Pálína Oddsdóttir**
**Oddrún Kristjánsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG ELÍN ÞÓRARINSDÓTTIR**
**áður Drápuhlíð 30, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, fimmtudaginn 6. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 19. ágúst klukkan 13.00.

**Pjetur Stefánsson — María Árnadóttir**
**Dóra Thorsteinsson**
**Geir Thorsteinsson — Halldóra Æsa Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNARS SVEINSSONAR**
**fyrrverandi kaupfélagsstjóra í Keflavík.**

**Ragnheiður Gunnarsdóttir — Ægir Magnússon**
**Sigurbjörn Gunnarsson — Jenný S. Gunnarsdóttir**
**Gísli B. Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Móðir mín og tengdamóðir,

**ÞÓRA AÐALHEIÐUR JÓNSDÓTTIR**

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund sunnudaginn 2. ágúst. Útförin verður gerð frá Fossvogskapellu föstudaginn 14. ágúst kl. 13.00.

**Birgir Jóhannesson**
**Birna María Þorbjörnsdóttir**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**GEORG ÓLAFUR GUNNARSSON**
**verkfræðingur,**
**Reykjavík,**

er látinn. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 13.00.

**Katrín Ólöf Georgsdóttir**
**Guðrún Jóhanna Georgsdóttir — Runólfur G. Benediktsson**
**Stefán Georgsson — Margrét Geirsdóttir**
**barnabörn og systkin.**

---

✝



Elskulegur sonur, bróðir, mágur og kær frændi okkar,

**BJÖRN VAGNSSON**
**Boðaþingi 24,**
**Kópavogi,**

sem lést á heimili sínu föstudaginn 31. júlí verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Helga Svana Björnsdóttir**
**Kristján Vagnsson — Hólmfríður Ingvarsdóttir**
**Stefán Vagnsson — Guðveig Búadóttir**
**Hreinn Vagnsson — Guðrún Sverrisdóttir**
**Birgir Vagnsson — Kristín Kristinsdóttir**
**Gunnar Vagnsson — Elísabet Sigurbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, afi, langafi og tengdafaðir,

**EINAR JÓSTEINSSON**

lést á Landspítalanum að kvöldi 4. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Grensáskirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 15.00.

**Ingibjörg Einarsdóttir — Emil Þór Emilsson**
**Árni Einarsson — Ásta Ísberg**
**Jósteinn Einarsson — Guðbjörg Þóra Andrésdóttir**
**Lilja Einarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**






LLOYD VAGABOND SHOEMAKERS adidas Gabor SIXMIX hummel ecco

# RISA ÚTSALA Í FULLUM GANGI

60%

LÁGMARKS-AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM NÚ 50%

80%

50%

70%

50%

90%

60%

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Toppskórinn
Outlet Grafarvogi

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga 11.00-18.00
Laugardaga 11.00-18.00
Sunnudaga 12.00-18.00

Vínlandsleið, Grafarholti
Opið virka daga 11.00-18.00
Laugardaga 11.00-16.00
Sunnudaga 13.00-17.00

## Veðurspá




### Laugardagur

Í dag gengur hann í austan 5 til 10 metra á sekúndu, en hvassari vindstrengur verður með suðurströndinni. Það mun rigna sunnan- og síðar austanlands, en um landið norðanvert lyftist brúnin því þar léttir til og hlýnar. Í gleðigöngunni í Reykjavík verður austan 6 metrar á sekúndu og það mun eitthvað rigna á mannskapinn, en það verður ekki samfellt allan tímann og ekki mikið magn.

### Flóð og fjara

| REYKJAVÍK | | ÍSAFJÖRÐUR | | AKUREYRI | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ | FJARA |
| **24.19** | **06.35** | **02.26** | **08.47** | **04.36** | **10.36** |
| 3,1M | 0,9M | 1,7M | 0,6M | 1,2M | 0,5M |
| **13.00** | **19.24** | **15.13** | **21.43** | **17.18** | **23.34** |
| 3,1M | 1,0M | 1,8M | 0,7M | 1,3M | 0,5M |

**Tunglstaða**
Minnkandi: 42%

**Sólarupprás** Kl. 4.55
**Sólarlag** Kl. 22.08

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 22° | 21° | 24° | 21° | 18° | 13° | 7° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 21° | 21° | 25° | 33° | 23° | 24° | 37° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 19° | 21° | 26° | 26° | 27° | 26° | 11° |

### Reykjavík



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 11° | 10° | 10° | 10° | 10° |
| 8 | 2 | 6 | 8 | 7 |

### Ísafjörður



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 7° | 5° | 8° | 10° | 8° |
| 5 | 2 | 4 | 4 | 8 |

### Akureyri



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 10° | 10° | 10° | 13° | 11° |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 7 |

### Egilsstaðir



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 8° | 11° | 12° | 13° | 13° |
| 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 16° | 13° | 10° | 10° | 11° |
| 2 | 7 | 3 | 3 | 8 |




## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SKÓLAINNKAUPIN MEÐ EINUM SMELLI

Allir birtir innkaupalistar grunnskólabarna eru á vefnum okkar!
Finndu þinn lista og **kláraðu innkaupin** í einum smelli! Veldu að sækja í verslun okkar Hallarmúla 4 eða fá pakkann sendan heim að dyrum.

**www.eymundsson.is/skoli**

*Smelltu þér í skólann!*






## FRÁBÆR TILBOÐ HALLARMÚLA 4!

### OPIÐ UM HELGINA LAUGARDAG OG SUNNUDAG!

3 LITIR



Verð 699 kr. áður 1.249 kr.

**Nestisbox og brúsi**



Verð 249 kr. áður 789 kr.

**Trélitir, þríhyrndir**



Verð 199 kr. áður 599 kr.

**Reiknivél**



Verð 3.999 kr. áður 9.385 kr.

**Skólataska - Smiley**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Álfabakka 14b, Mjódd | Hafnarfirði - Strandgötu 31 | Ísafirði - Hafnarstræti 2 |
| Skólavörðustíg 11 | Kringlunni norður | Keflavík - Sólvallagötu 2 | Vestmannaeyjum - Bárustíg 2 |
| Laugavegi 77 | Kringlunni suður | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 | |
| Hallarmúla 4 | Smáralind | Akranesi - Dalbraut 1 | |

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Tilboðin gilda aðeins í verslun okkar Hallarmúla 4. Gildistími tilboðs er frá 8. ágúst til og með 9. ágúst.

# Margslungið og magnað einleiksform

Hin árlega einleikjahátíð Act Alone stendur yfir á Suðureyri þessa dagana. Sigríður Jónsdóttir er útsendari Fréttablaðsins á staðnum. Hér lýsir hún upplifun sinni á fimmtudag, svo sem teknótöktum, Djáknanum á Myrká og einstaklega kómísku innskoti Jóns Viðars.

Vestfirðir geyma fjölmarga gullmola en á Suðureyri má finna einstaka listahátíð sem gengið hefur í rúman áratug. Einleikjahátíðin Act Alone hefur verið haldin aðra helgina í ágúst síðustu misseri og býður gestum ekki einungis upp á fjölbreytta dagskrá þar sem einleiksformið er í fyrirrúmi heldur einnig vestfirska gestrisni eins og hún gerist best.

Íbúar Suðureyrar eru tæplega þrjú hundruð en á hverju ári taka þorpsbúar höndum saman til þess að skapa virkilega skemmtilega stemningu í bæjarfélaginu. Hlutverkaskipan skipuleggjenda er álíka fjölbreytt og dagskráin. Rútubílstjóri hátíðarinnar, Gunnar, sér ekki einungis um að koma gestum til Suðureyrar heldur starfar hann einnig á kaffihúsi þorpsins svo að eitt dæmi sé tekið.

Elfar Logi Hannesson hefur verið listrænn stjórnandi Act Alone frá byrjun og virðist hafa þann einstaka hæfileika að vera á mörgum stöðum í einu, á meðan hann er í símanum eða að spjalla við hátíðargesti. Hann er potturinn og pannan í öllu skipulagi, verkefnavali og hafsjór upplýsinga en tæplega ársvinna liggur að baki hverri hátíð.

Í fyrra sóttu tæplega 3.000 gestir Act Alone og allar líkur eru á að sú tala hækki í ár. Þess má geta að allir viðburðir eru ókeypis og allir aldurshópar eru hvattir til að mæta, ekki er óvanalegt að sjá margar kynslóðir á sömu sýningu. Sýningarnar eru að mestu haldnar í Þurrkveri, gömlu fiskverkunarhúsi með gullfallegu útsýni yfir fjörðinn, og félagsheimili staðarins.

### Jón Viðar sló í gegn

Fyrsti dagur hátíðarinnar gekk, að sögn aðstandenda, gríðarlega vel. Hann byrjaði með heljarinnar fiskiveislu og fullt hús var í félagsheimilinu á upplestri Þórarins Eldjárn og Barry and his Guitar eftir Braga Árnason sem einnig leikur aðalhlutverkið, en hann er nú að sýna sömu sýningu á Edinborgarhátíðinni í Skotlandi.

➜ Elfar Logi Hannesson hefur verið listrænn stjórnandi Act Alone frá byrjun og virðist hafa þann einstaka hæfileika að vera á mörgum stöðum í einu.

Dagskrá fimmtudagsins var fjölbreytt og byrjaði á tilraunatónlist eftir Kristínu Lárusdóttur sem blandar saman náttúruhljóðum, teknótöktum og lifandi sellóleik. Síðar um kvöldið flutti Kristín G. Magnús verkið Hringferðin þar sem hún rifjaði upp þætti úr klassískum erlendum verkum eftir Shakespeare og Chekhov en lauk sýningunni með framsetningu á Djáknanum á Myrká við kertaljós.

Heimsfrumsýning á Act Alone – heimildarmynd batt svo endahnút á daginn. Baldur Páll Hólmgeirsson leikstýrði myndinni en Ársæll Níelsson framleiðir. Myndin fer yfir sögu hátíðarinnar, stefnu og umgjörð en hún var tekin upp árið 2013 þegar hátíðin hélt upp á tíu ára afmæli sitt. Elfar Logi er hjarta myndarinnar þar sem við fylgjumst með honum og starfsfólki hátíðarinnar takast á við þau fjölmörgu og óvæntu verkefni sem dúkka upp á viðburði sem þessum og einnig er rætt við listafólk úr öllum áttum. Og það er einn af stjórnarmönnum hátíðarinnar, Jón Viðar Jónson, sem slær óvænt í gegn með einstaklega kómísku innskoti.

### Vísindanámskeið og uppistand

Föstudagurinn býður upp á allt frá leiklestri á nýju íslensku leikriti, fyrirlestri um húmor, tónleikum og tilraunadansverki en dagskrá lýkur ekki fyrr en vel eftir miðnætti. Þess má geta að nær allir einleikir dagsins eru eftir konur en Doría eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur og Helga Sverrisson vann fyrstu verðlaun í einleikjasamkeppni hátíðarinnar árið 2013.



**UPPHAFSATRIÐI** Hátíðin byrjaði með heljarinnar fiskiveislu. MYNDIR/HLYNUR KRISTJÁNSSON



**SKÁLDIÐ** Fullt hús var á upplestri Þórarins Eldjárn í félagsheimilinu.

Dagskrá lýkur síðan á laugardag (í dag), byrjar klukkan 13 með vísindanámskeiði í boði Ævars vísindamanns og endar ekki fyrr en á miðnætti. Innsetning, barnaskemmtun, uppistand og tónleikar með KK eru einungis lítill hluti af dagskránni. Háskólasetur Vestfjarða heldur íslenskunámskeið á Suðureyri á sama tíma þar sem íslenskukennslu og leiklist er blandað saman en nemendur mæta einnig á Act Alone til að kynnast íslensku leikhúsi. Áform eru um að stækka fræðsluhluta hátíðarinnar á næstu misserum.

Act Alone er spennandi viðburður í virkilega fallegum bæ sem vert er að fylgjast vel með í framtíðinni.

Ókeypis rútuferðir eru frá Ísafirði til Suðureyrar, en keyrt er frá Hamraborg og stoppað á kaffihúsinu Fisherman.

Allar frekari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðu Act Alone. **Sigríður Jónsdóttir**



Sölustaðir: Epal, verslanir Pennans Eymundsson um land allt, Heimkaup, vefverslun Tulipop (www.tulipop.is) og fleiri.
www.tulipop.is
www.facebook.com/tulipop



**REYKJAVÍKURÚTGÁFA WIOLATORS** Emilia, Þórdís Erla og Maria. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Fylgdu leiðbeiningum

Alþjóðlegi hópurinn Wiolators tekur yfir Kunstschlagerstofuna í Hafnarhúsinu í dag.

Við erum þrjár úr Wiolators-genginu að setja saman listaverkin eftir leiðbeiningum hinna fimm sem ekki komust til landsins. Teljumst vera Reykjavíkurútgáfan,“ segir Þórdís Erla Zoëga myndlistarmaður þar sem hún er að setja upp sýningu í Kunstschlagerstofu í Hafnarhúsinu sem opnuð verður í dag klukkan 15. Hinar tvær dömurnar eru Emilia Bergmark frá Svíþjóð og Maria Gondek frá Danmörku.

Alþjóðlegi hópurinn Wiolators var stofnaður 2011 í Gerrit Rietveld Akademíunni í Amsterdam. Hann hefur tvístrast um alla Evrópu frá útskrift en heldur árlega sýningu í einhverju heimalandi meðlimanna. Þessi stendur til 21. ágúst.

**- gun**

> **Við erum þrjár úr Wiolators-genginu að setja saman listaverkin eftir leiðbeiningum hinna fimm sem ekki komust til landsins.**
>
> *Þórdís Erla Zoëga myndlistarmaður.*

# Nicorette fruitmint

## Mjúkt, braðgbætt nikótínlyfjatyggigúmmí




**Auk þess að innihalda nikótín er Nicorette fruitmint bragðbætt með ávaxta- og mintubragði**

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette nicotin

**Nicorette lyfjatyggigúmmí 2 og 4 mg** (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Nota má lyfjatyggigúmmíið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Tyggið hægt og látið lyfjatyggigúmmíið liggja í munninum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmíið getur átt til að festast við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmíi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmíið í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2014-12-F-3

# Selur bókamerki og lætur gott af sér leiða

**Ragnhildur Katla Jónsdóttir hefur alltaf haft gaman af því að föndra og ætlar að selja bókamerki á Fiskideginum mikla til styrktar UNICEF. Hún vonast til að geta safnað heilum hellingi fyrir börnin úti í heimi.**

„Það er ekkert sjálfsagt að fá allt upp í hendurnar eins og mörg börn á Íslandi þannig að mér fannst bara gott að geta gert eitthvað,“ segir Ragnhildur Katla Jónsdóttir.

Ragnhildur er sextán ára gömul og hefur upp á síðkastið verið að gera bókamerki sem hún mun selja á Fiskideginum mikla sem fer fram á Dalvík um helgina og mun allur ágóði af sölunni renna til UNICEF.

Hún segist alltaf hafa haft gaman af því að föndra og meðal annars gert ýmiss konar tækifæriskort sem hún selur á Facebook.com/Rokkrós. „Svo sá ég hugmynd að svona bókamerkjum og fannst þau svo sæt að ég ákvað að prófa að búa þau til. Þetta er einmitt svona stærð sem er gott að selja, ekkert of dýrt og er bara svo sætt eitthvað,“ segir hún og bætir við: „Svo datt mér í hug að reyna að hjálpa og gera eitthvert gagn. Það er mjög takmarkað hvað 16 ára stelpa getur gert til að hjálpa heiminum en mig langaði samt til að gera eitthvað.“ Bókamerkin eru gerð úr pappír og koma meðal annars í formi uglu, flugdreka og refs.

Ragnhildur komst í kynni við UNICEF þegar barnahjálparsamtökin sóttu Dalvík heim á dögunum og ákvað í framhaldi af því að athuga hvort hún gæti ekki lagt eitthvað til samtakana og ákvað í kjölfarið að hana langaði til þess að láta gott af sér leiða.

> **Svo datt mér í hug að reyna að hjálpa og gera eitthvert gagn.**
>
> *Ragnhildur Katla Jónsdóttir.*

Hún hlakkar til að standa vaktina og vonast til að salan muni ganga vel. „Ég vona að þetta gangi svo vel að ég þurfi að gera fleiri. Ég vona að ég geti safnað heilum hellingi fyrir börnin úti í heimi.“ - gló



**HUGSJÓNAKONA** Ragnhildur Katla hefur alltaf haft gaman af því að föndra. Bókamerkin eru í hinum ýmsu myndum, meðal annars ís, ugla, refur og flugdreki. MYND/ELÍNINGA






# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**8. ÁGÚST 2015**

### Tónleikar

**12.00** Andreas Liebig leikur á tónleikum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju í dag. Miðaverð er 2.000 krónur.

**16.00** Hljómsveitin Vára heldur hinsegin tónleika í Lucky Records í dag. Aðgangur ókeypis.

**17.00** Hljómsveitin Reykjavík Swing Syndicate leikur á sumardjasstónleikaröð Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Hljómsveitina skipa Haukur Gröndal á klarinett, Jóhann Guðmundsson og Ásgeir J. Ásgeirsson á gítar og Gunnar Hrafnsson á kontrabassa. Aðgangur er ókeypis.

**20.30** Jónína Aradóttir spilar á tónleikum í gróðurhúsinu í Friðheimum, Reykholti. Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir syngur bakraddir. Miðaverð er 1.500 krónur.

**21.00** Hljómsveitin Low Roar spilar á tónleikum á Húrra í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur.

**21.00** Lára Rúnars spilar á tónleikum í Bræðraborg á Ísafirði í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur.

**22.00** Svavar Knútur spilar á tónleikum á Café Rósenberg í kvöld. Svavar Knútur mun frumflytja tvö ný lög og leynigestir fara á svið á undan tónleikunum. Miðaverð er 1.500 krónur.

**23.00** Ingvar Grétarsson og félagar leika og syngja á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Steed Lord, Duo-Raw og dj Siggi Gunn verða á Reykjavík Pride Dance í Iðnó í kvöld. Miðaverð við hurð er 3.500 krónur.

### Opnanir

**13.00** Alþjóðlegi listahópurinn Wiolators opnar sýningu í Kunstschlager Stofu, Listasafni Reykjavíkur í dag. Hópurinn var saman í námi í Hollandi en býr nú víðs vegar um heiminn en heldur árlega sýningar í heimalöndum meðlima. Sýningin endar þann 21. ágúst.



### Sýningar

**20.00** Leikhópurinn Patriciu Pardo sýnir Marx Fandango í Frystiklefanum á Rifi í kvöld. Sirkus, trúðaleikur, fimleikar og tónlist blandast saman í leikhúsupplifun fyrir alla fjölskylduna. Áhorfendur ráða miðaverði sjálfir.

### Uppákomur

**14.00** Gleðigangan hefst á Vatnsmýrarvegi og endar við Arnarhól þar sem fjöldi tónlistarmanna koma fram á Regnbogahátíð. Meðal tónlistarmanna sem koma fram eru AmabAdamA, Steed Lord, Agent Fresco og Páll Óskar.

### Dansleikir

**23.00** Sálin hans Jóns míns spilar á Sumar á Selfossi dansleiknum sem fram fer í Hvíta húsinu á Selfossi. Aldurstakmark er 18 ár og miðaverð er 3.000 krónur.

### Tónlist

**22.00** Dj Hrönn þeytir skífum á Frederiksen Ale House í kvöld.

**22.00** Dj Ísar Logi þeytir skífum á Bravó í kvöld.

**22.00** Dj Margeir þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

### Markaðir

**13.00** Regnbogahátíð á götumarkaðnum KRÁS í Fógetagarðinum í dag.

# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**9. ÁGÚST 2015**

### Tónleikar

**14.00** Tenórinn Eyjólfur Eyjólfsson, baritóninn Hugi Jónsson og organistinn Kári Allansson leika á tónlistarhátíðinni Englar og menn í Strandarkirkju í Selvogi. Yfirskrift tónleikanna er Baðstofan og kirkjuloftið. Miðaverð er 1.500 og ekki er tekið við greiðslukortum.

**15.00** Dúettinn Singimar sem skipaður er píanóleikaranum Inga Bjarna Skúlasyni og kontrabassaleikaranum Sigmari Þór Matthíassonar kemur fram á Pikknikk tónleikum í Norræna húsinu.

**17.00** Andreas Liebig leikur á lokatónleikum Alþjóðlegs orgelsumars. Verk eftir Liszt, J.S. Bach, Reger, Franck og Duruflé fá að hljóma. Miðaverð er 2.500 krónur.

**20.00** Tónlistarmaðurinn Vlad Dimulescu spilar á tónleiknum í Salnum í Kópavogi. Tónleikarnir eru hluti af Tónlistarhátíð unga fólksins. Á efnisskránni eru verk eftir Brahms og Enescu. Miðaverð er 2.200 krónur.

**21.30** Búðarbandið kemur fram á sérstökum Hinsegin daga tónleikum á skemmtistaðnum Kiki Queer Bar. Miðaverð er 1.000 krónur.

### Sýningar

**20.00** Leikhópurinn Patriciu Pardo sýnir Marx Fandango í Frystiklefanum á Rifi. Áhorfendur ráða miðaverði sjálfir.



### Tónlist

**21.00** Dj Krystal Carma þeytir skífum á Kaffibarnum.

**21.00** Dj Madame Melancolique þeytir skífum á Bravó.

### Leiðsögn

**14.00** Helga Vollertsen leiðir gesti í gegnum sýninguna Hvað er svona merkilegt við það? sem stendur yfir í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Aðgangur ókeypis.

### Listamannaspjall

**14.00** Claudia Hausfeld og Pétur Thomsen ræða um verk sín á sýningunni Enginn staður – íslenskt landslag sem stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Á sýningunni eru verk eftir átta ljósmyndara, auk Claudiu og Péturs eiga þau Björn Árnason, Daniel Reuter, Edda Fransiska Kjarval, Ingvar Högni Ragnarson, Katrín Elvarsdóttir og Stuart Richardson verk á sýningunni.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


FÉLAGSFUNDUR VM

Félagsfundir VM verða haldnir í Reykjavík og á Akureyri vegna kjaraviðræðna VM við SA

>> **Þriðjudaginn 11. ágúst í Reykjavík**
VM húsinu, Stórhöfða 25, 3. hæð. kl. 20:00

***Fundurinn verður sendur út í beinni á heimasíðu félagsins, www.vm.is***

>> **Miðvikudaginn 12. ágúst á Akureyri**
Skipagötu 14, í sal Einingar-Iðju 2. hæð. kl. 17:30

**Dagskrá fundarins:**

1. Staðan í kjaraviðræðum
2. Önnur mál

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM
www.vm.is

VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna - Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800

Landsfélag í vél- og málmtækni


Weetabix
Weetos
Weetos er heilkorna
og inniheldur viðbætt
járn og D vítamín



**FEGURÐ** Liðsmenn Kaleo voru heillaðir af umhverfinu ofan í Þríhnúkagíg. MYND/STROUD ROHDE

„Umhverfið þarna niðri er ótrúlegt og hljómburðurinn frábær. Við vorum alveg heillaðir.

# Nýtt lag og myndband frá Kaleo

**Hljómsveitin er á leið til landsins á ný frá Bandaríkjunum því hún hitar upp fyrir Kings of Leon í næstu viku.**

Hljómsveitin Kaleo fór nýverið ofan í Þríhnúkagíg og tók upp „live performance“ myndband við lagið Way Down We Go. Lagið hefur hljómað undanfarið á íslenskum útvarpsstöðvum en var fyrst gefið út opinberlega í dag og er hægt að nálgast það á iTunes og Spotify.

„Við komum heim fyrr í sumar og tókum upp myndbandið ásamt því að halda tónleika í Gamla bíói. Þetta var mjög krefjandi og skemmtilegt verkefni. Við fórum með allar græjur niður, trommusett, magnara, hátalara, ljós o.fl. Það þurfti að fara með þetta 120 metra niður í eldfjallið, sem er hægara sagt en gert,“ segir Jökull Júlíusson um myndbandið.

Eins og margir vita er Þríhnúkagígur þekktur fyrir einstaka fegurð og voru Jökull og félagar alveg heillaðir. „Umhverfið þarna niðri er ótrúlegt og hljómburðurinn frábær. Við vorum alveg heillaðir. Það var reyndar erfitt að fóta sig í grjótinu og gífurlega kalt en við erum mjög ánægðir með útkomuna,“ bætir Jökull við.

Framleiðslufyrirtækið Eyk sá um gerð myndbandsins en það hefur starfað með hljómsveitinni frá upphafi. „Við erum gífurlega þakklátir öllum þeim sem komu að verkefninu og hjálpuðu til. Það stóð til að þetta myndi taka um 12 tíma en ég held að þetta hafi verið nánast 26 klukkutímar í heildina. Við höfðum ekki mikinn mannskap en allir lögðu sitt af mörkum. Arnar Guðjónsson stjórnaði hljóðupptökum og við viljum sérstaklega þakka þyrluþjónustunni Helo og starfsfólki Inside the Volcano við Þríhnúkagíg,“ segir Jökull.

Hljómsveitin Kaleo er á leið til Íslands þar sem hún hitar upp fyrir tónleika Kings of Leon í Nýju Laugardalshöllinni þann 13. ágúst næstkomandi. Meðlimir sveitarinnar ætla að njóta dvalarinnar hér á landi en mikið er að gera hjá þeim í Bandaríkjunum. „Það verður næs að koma heim í smá rólegheit,“ bætir Jökull við. - glp




# INTERSPORT ÚTSÖLUNNI

## LÝKUR UM HELGINA!

ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

30% afsláttur

50% afsláttur

70% afsláttur

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Á ALVÖRU ÍÞRÓTTA-FATNAÐI

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®




**STÓRSTJÖRNUR** Kendall og Nick eru líklega hið glæsilegasta par. MYND/GETTY

# Kendall og Nick Jonas slá sér upp

Turtildúfurnar eru bæði á hápunkti ferilsins um þessar mundir og því við hæfi að þau stingi saman nefjum. Kendall var áður með Harry Styles úr One Direction.

Það gengur hávær orðrómur um Hollywood um að söngvarinn Nick Jonas og raunveruleikastjarnan Kendall Jenner séu að stinga saman nefjum.

Kendall hefur áður verið kennd við hjartaknúsarann Harry Styles en þau hættu saman fyrir meira en ári. Nick er nýlega hættur með kærustu sinni til tveggja ára.

Ferill þeirra beggja hefur verið að blómstra upp á síðkastið. Kendall er að gera það gott í tískuheiminum og birtist í auglýsingum fyrir stærstu tískuhúsin á borð við Fendi, Chanel og Estée Lauder ásamt því að gefa út sína eigin fatalínu með Kylie Jenner, systur sinni.

Nick Jonas var í hljómsveitinni Jonas Brothers með bræðrum sínum en þeir hættu störfum fyrir nokkrum árum. Hann hefur haldið sig utan sviðsljóssins í langan tíma en á seinasta ári gaf hann út lagið Jealous sem sló í gegn og hann hefur verið að koma sér vel fyrir meðal vinsælustu söngvara líðandi stundar.

Besta vinkona Kendall, Gigi Hadid, er á föstu með Joe Jonas, sem er bróðir Nicks. Það er ekki ólíklegt að Gigi og Joe hafi haft eitthvað að gera með þetta nýjasta samband í Hollywood en það er verður spennandi að sjá hvort eitthvað verði úr því.

- gj






**SJÁLFUDROTTNING** Kim gaf út bók sem innihélt aðeins sjálfur.

## Kim tók sjálfu með Clinton

Kim Kardashian mætti ásamt Kanye West, eiginmanni sínum, á söfnunarkvöld fyrir forsetaframboð Hillary Clinton í Los Angeles.

Kim var í góðu stuði og á leiðinni á samkomuna deildi hún sjálfu úr bílnum þar sem hún sagði markmið kvöldsins vera að taka eina slíka með forsetaframbjóðandanum sjálfum.

Það var ekki langt liðið á kvöldið þegar mynd birtist á samfélagsmiðlum af Kim, Hillary og Kanye. Kim var skiljanlega í skýjunum með myndina enda telur hún Hillary verða næsta forseta Bandaríkjanna.



**ENGIR SNJALLSÍMAR** Natalie er ánægð að Facebook var ekki til þegar hún var ung.

## Fékk að vera ung og vitlaus í friði

Nú til dags þarf ekki meira en snjallsíma til þess að gera allt vitlaust í netheimum.

Reglulega er deilt myndum sem valda miklu fjaðrafoki en slíkt getur oft verið vandræðalegt fyrir fræga fólkið þar sem allt ratar í fjölmiðla. Leikkonan Natalie Portman segist vera ánægð að hafa verið ung fyrir tíma snjallsímans því annars hefði ímynd hennar verið önnur.

Ekkert Facebook, Instagram eða Snapchat var komið og því hægt að gera hvað sem er án þess að nokkur vissi af því. Nú til dags eru stjörnurnar duglegar að deila myndum af sjálfum sér og skrifa skilaboð á Twitter svo allir sjái.

# RAFLAGNADAGAR

Mikið úrval af innlagna- og rafmagnsefni á betra verði. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**
Sunnud. **kl. 12–16**



Verð frá:
**495 kr.**
**ROFAR OG TENGLAR**
Utan á liggjandi
**Litir:** Hvítt og brúnt



Verð frá:
**499 kr.**
**ROFAR OG TENGLAR**
Innlagnarefni
**Litir:** Hvítt og Silfur



Verð frá:
**995 kr.**
**ROFAR OG TENGLAR**
Rakaþolnir. IP44



Verð frá:
**2.569 kr.**
**HREYFISKYNJARAR**



Verð frá:
**179 kr.**
**BEYGJUR HÓLKAR OG DÓSIR**
Rofadós, 3ja stúta, **kr. 295**
Loftdós, **kr. 345**
Patent-dós, **kr. 179**



Passar í **ítalskar BTicino** dósir

Verð frá:
**195 kr.**
**INNLAGNAEFNI**
Grindur frá **195 kr.**
Rammar frá **299 kr.**
Tenglar frá **595 kr.**
Rofar frá **422 kr.**



Verð frá:
**4.930 kr.**
**GREINARTÖFLUR**
Greinartafla á mynd, **kr. 7.965**



Verð frá:
**64 kr. meter**
**ÍDRÁTTARVÍR**
Mikið úrval af ídráttarvír og köplum

Verð frá:
**1.706 kr.**
**INNLAGNAEFNI**
3ja rofa með grind og ramma
**Litir:** Svart, hvítt, grátt og gyllt

Passar í **ítalskar BTicino** dósir





**6.995 kr.**
**GREINARTAFLA, IP54**
4x greinar, **kr. 6.995**
12x greinar, **kr. 11.852**



Verð frá:
**699 kr.**
**CEE TENGLAR OG KLÆR**



Verð frá:
**1.295 kr.**
**NEOSET VARROFAR**
Eins póla, **kr. 1.295**
Tveggja póla, **kr. 1.995**
Þriggja póla, **kr. 2.995**



Verð frá:
**995 kr.**
**SJÁLFVÖR**
Eins póla, **kr. 995**
Tveggja póla, **kr. 1.695**
Þriggja póla, **kr. 1.995**



Verð frá:
**2.975 kr.**
**LEKASTRAUMROFI**
Tveggja póla, 25A, **kr. 2.975**
Tveggja póla, 40A, **kr. 3.595**

